

18

Markaðssetning Icelandic Lamb gengur vel á Íslandi

30–31

Skógarbændur eru að ná frábærum árangri á jörðum sínum

32–33

Margar ástæður fyrir því að við ættum að borða meira af hrossakjöti

Bændablaðið

23. tölublað 2018 • Fimmtudagur 29. nóvember • Blað nr. 528 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Fuglarnir sem Brynja stoppar upp þykja einstaklega fallegir og vel gerðir hjá henni, enda hefur hún unnið til virtra verðlauna í faginu. Hér er hún t.d. við lóur, keldusvín, auðnutittling stelk, toppskarfr og smyril, sem hún hefur stoppað upp en einnig stoppar hún upp spendýr og nú er mikið um að fólk biðji hana um að stoppa upp hausa af hrútum sem það hefur haft miklar mætur á. –Sjá nánar á bls. 33

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Svinakjötsinnflutningur: Grunur um misferli

Innflutningsaðilar á svinakjöti eru grunaðir um að fara á svig við kerfið og flytja inn úrbeinaða svinahnakka sem svínasiður.

Ingvi Stefánsson, formaður Félaga svinabænda og bóndi í Teigi, segir að búið sé að senda erindi til bæði fjármála- og landbúnaðarráðuneytis þar sem óskað er eftir því að málið sé kannað með tollayfirvöldum.

„Við höfum rökstuddan grun um að eitthvert magn af svinakjöti eins, og til dæmis úrbeinaðir svinahnakkar, hafi verið fluttir inn sem svínasiður,“ segir Ingvi í samtali við Bændablaðið.

„Okkur í stjórn Félags svinabænda barst til eyrna fyrr á þessu ári að það væru brotalamir í innflutningi svinakjöts og í framhaldi af því fórum við að skoða málið betur. Ég get ekki lagt fram neinar magntölur en miðað við hvað innflutningur á síðum er mikill þá kemur ekki á óvart að annað kjöt fylgi með sem síður. Þrátt fyrir að þessi staða hafi komið upp viljum við trúa því að flestir sem standa í innflutningi á svínasiðum séu sannanlega að flytja þær inn en ekki eitthvað annað,“ segir Ingvi. /NH – Sjá nánar á bls. 8

Innflutningur á fersku ófrosnu kjöti gæti stórskaðað íslenska framleiðslu samkvæmt úttekt Deloitte:

Íslenskir kjötframleiðendur gætu tapað hátt í 2.000 milljónum á ári

— Þá á eftir að reikna áhættu heilbrigðiskerfisins vegna aukningar sem getur orðið á sýkingum af völdum ofurbaktería

Samkvæmt útreikningum Deloitte má búast við að beint tekjutap íslenskra kjötframleiðenda geti numið nær tveimur milljónum króna á ári ef heimilaður verður frjáls innflutningur á fersku nauta-, svína- og alifuglakjöti sem og eggjum og mjólk.

A meðan framleiðsla á kjötvörum mun verða af allt að 1.750 milljóna króna tekjum, þá mun eggjaframleiðslan skaðast um 50 milljónir en skaði mjólkurframleiðslu mun jafnast út að óbreyttu. Hins vegar er ekki greind hugsanleg afleið áhrif þess ef leggja þyrfti niður ákveðin bú eða draga verulega úr umsvifum þeirra.

Þá eru heldur ekki greind hugsanleg áhrif mögulegs kostnaðar sem gæti komið til vegna dýrasjúkdóma sem kunna að berast til landsins vegna leyfðs innflutnings á fersku kjöti og ógerilsneyddri mjólk og eggjum.

Framleiðsluvirði nauta-, svína- og alifuglakjöts á árinu 2016 nam um 9,8 milljörðum króna. Deloitte miðar við tvær sviðsmyndir, þ.e. að Deloitte áætla að tekjutap íslenskra framleiðenda vegna aukins innflutnings á slíkum kjötafurdum í kjölfar frjáls innflutnings á fersku kjöti geti numið á bilinu 1,4 til 1,8 milljörðum króna á ári, eða 14–18%. Greiningin gerir samt ekki ráð fyrir því að neyslumynstur íslenskra neytenda á matvælaflokkunum breytist ef innflutningur á fersku kjöti verður leyfður.

1.800 milljóna króna tap

Miðað er við framleiðslu og neyslu ársins 2016. Þá voru framleiddar nautakjötsafurðir á 822 búum fyrir 3.130 milljónir króna. Áætlað er að í þeirri framleiðslu geti tapið numið 500 til 650 milljónum króna

á ári eða 16–21%. Af svinakjöti var framleiðsluvirðið 2.525 milljónir króna. Útreiknað tap vegna innflutnings er þar talið geta numið 300 til 450 milljónum króna, eða 12–18%.

Í alifuglarækt voru framleiddar afurðir fyrir 4.152 milljónir króna. Samkvæmt útreikningum Deloitte gæti tap framleiðenda í þeirri grein vegna innflutnings á hráu kjöti numið um 600 til 650 milljónum króna á ári eða 14–16% og 50 milljónum í eggjaframleiðslu. Þannig gæti heimild til innflutnings á fersku kjöti kostað þessar fjórar framleiðslugreinar hátt í tvo milljarða árlega, eða allt að 1.800 milljónum króna.

Stóráfall fyrir heilbrigðiskerfið?

Í þessum útreikningum Deloitte, sem gerðir voru að beiðni Bændasamtaka

Íslands, er ekki tekið tillit til kostnaðar heilbrigðiskerfisins vegna hugsanlegra áfalla af vaxandi gengi sýklalyfjaónæmra baktería í kjölfar innflutnings á hráu, ófrosnu kjöti.

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við HÍ, hefur varað við þessum innflutningi og vísað til þess að búist er við að 10 milljónir manna muni láta lífið á heimsvísu af völdum ólæknandi smits frá sýklalyfjaónæmum bakteríum árið 2050. Dánartíðnin eykst hröðum skrefum víða um lönd. Enn sem komið er hafa Íslendingar sloppið vel vegna einangrunar landsins og þeirra sérstöðu að notkun sýklalyfja í landbúnaði er hvergi minni en hér á landi, nema hugsanlega í Noregi. Mikil notkun sýklalyfja er einmitt höfuðorsökin fyrir því að sýklar mynda ónæmi fyrir þessum lífsmáðsýnlegu lyfjum.

Baráttan við ofursýkla kostar

Stofnun ofnæmis- og smitsjúkdóma í Bandaríkjunum (National Institute of Allergy and Infectious diseases) segir að sýklalyfjaónæmi valdi nú árlega um 90.000 dauðsföllum þar í landi. Kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna glímunnar við þessa ofursýkla nemur um 55 milljörðum dollara á ári, eða sem svarar hátt í 6.800 milljörðum íslenskra króna.

Það var ekki fyrr en á síðasta ári sem matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna, FDA, hóf að vinna gegn notkun sýklalyfja í landbúnaði þar í landi. Í Evrópu hefur staðan verið litlu betri. Sýklalyfjanotkun í landbúnaði í okkar helstu viðskiptalöndum er gríðarleg og kostar árlega á fjórða tug þúsunda mannslífa. /HKR.

— Sjá nánar bls. 2

FRÉTTIR

Bændur í EFTA-ríkjunum brýna ráðherra sína um að semja ekki af sér í Mercosur-viðræðum:

Landbúnaði í EFTA-ríkjunum verði ekki fórnað með ívilnunum

— Ekki verði samið við Mercosur ríkin í Suður-Ameríku ef það skaði landbúnað og fæðuöryggi EFTA-landanna

Samtök bænda í EFTA-ríkjunum hafa sent þeim ráðherrum sem fara með málefni landbúnaðar í þeirra löndum alvarlegar athugasemdir varðandi hugsanlegar ívilnanir um innflutning landbúnaðarvara í viðskiptasamningum við ríki í Suður-Ameríku.

Málið snýst um viðskiptasamninga EFTA-ríkjanna við svonefnd Mercosur-ríki í Suður-Ameríku sem eru Brasilía, Argentína, Úrúgvæ og Paragvæ. Þar er verið að fara inn í sjöttu lotu þeirra viðræðna og óttast formenn bændasamtaka í EFTA-löndunum Liechtenstein, Sviss, Íslandi og Noregi að samningarnir geti haft mikil áhrif á verðlag með neikvæðum afleiðingum fyrir landbúnaðarframleiðslu í sínum ríkjum.

Rauð strik af hálfu bænda

Setja bændur í EFTA-ríkjunum því rautt strik hvað varðar slíka samninga og segja að bændur muni ekki samþykka ívilnanir er snerta landbúnaðarframleiðslu.

Í bréfi sem sent hefur verið til Torbjörn Røe Isaksen, matvælaráðherra Noregs, Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Íslands, dr. Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein og Bundesrat Johann Schneider – Ammann, viðskipta- og landbúnaðarráðherra Sviss, segir að bændur samþykki engar ívilnanir.

Við ofurefni í viðskiptum með landbúnaðarvörur að ræða

Óttast formenn bændasamtaka EFTA-ríkjanna að Mercosur-samningarnir muni grafa undan landbúnaði og lífsskilyrðum í dreifðari byggðum í þeirra



Marcus Vogt, formaður Bændasamtaka Liechtenstein (VBO).




Markus Ritter, formaður Bændasamtaka Sviss (SBV).



Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ).



Lars Petter Bartnes, formaður Bændasamtaka Noregs (NB).



nautakjöti. Andspænis þessum ríkjum standi bændur í EFTA-löndunum sem byggja að mestu á rekstri lítilla fjölskyldubúa. Meðalbústærð í Sviss sé t.d. 25 kyr á um 20 hekturum lands. Í Liechtenstein er meðalbúið 37 kyr á 36 hekturum, á Íslandi 46 kyr á 25 hekturum og 25 kyr í Noregi. Framleiðslukostnaður í þessum löndum sé hár og landfræðilega sé landbúnaður í þessum löndum háður köldu loftslagi. Í yfirlýsingu formannanna segir m.a.:

Gæti eyðilagt viðkvæman fjölskyldubúskap EFTA-ríkjanna

„Jafnvel þótt landbúnaðarframleiðsla í okkar löndum sé lítil sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (GDP), þá er hún mikilvæg bæði út frá fæðuöryggissjónarmiðum, umhverfissjónarmiðum og líffræðilegri fjölbreytni. Frumframleiðslan og úrvinnsluinaðurinn er mikilvægur í atvinnusköpun í dreifðum byggðum EFTA-landanna. Lönd okkar hafa lágt

sjálfbærnihlutfall í framleiðslu landbúnaðarafurða (um 40%) og aukinn innflutningur frá Mercosur-löndunum mun veikja það hlutfall enn frekar. Um leið og loftslagsbreytingar gera matvælaframleiðslu viðkvæmari, þá verður það sífellt mikilvægara að tryggja matvælaframleiðslu í öllum heimshlutum.

Umhverfissjónarmið ásamt lögfræðilegum og félagslegum væntingum um fæðuöryggi, dýraheilbrigði og aðbúnað eru mikil. Það veldur sífellt auknum kostnaði. Allir þessir þættir gera okkar landbúnaði erfitt fyrir að keppa við framleiðslu frá Mercosur-löndunum. Það hafa einnig verið vaxandi áhyggjur af hálfu umhverfissinna í Mercosur-löndunum um að samningur á milli þeirra landa og EFTA-ríkjanna muni stefna fjölskyldubúskap í Mercosur-löndunum í hættu.

Áður en gert er samkomulag ættu yfirvöld í okkar ríkjum að gera mat á áhrifum sem slíkur samningur myndi hafa á okkar landbúnað sem og að meta umhverfisáhrif slíks samnings. Það á ekki að sætta sig við að slíkur samningur hafi neikvæð áhrif og ber að stöðva viðræður ef það er raunin.“

Landbúnaði í EFTA-ríkjunum verði ekki fórnað

Í niðurlagi bréfa formanna bændasamtaka EFTA-ríkjanna segir að niðurstöður samningaviðræðna um viðskiptasamning eigi ekki að leiða til þess að landbúnaði EFTA-ríkjanna verði fórnað og fjölskyldur bænda sviptar sínu lífsviðurværi.

„Við ætlumst til að þið virðið okkar rauðu strik. Ívilnanir til handa Mercosur-ríkjunum mega ekki hafa neikvæð áhrif á okkar landbúnaðarframleiðslu. EFTA-markmið varðandi fæðuöryggi, dýravelferð og að vera án erfðabreyttra matvæla (GMO) verður að virða. Við bændur í EFTA-ríkjunum, ætlumst til að okkar ríkisstjórnir skrifti ekki undir samning sem grefur undan landbúnaðarframleiðslu í okkar löndum.“

Undir þetta ritar **Marcus Vogt**, formaður Bændasamtaka Liechtenstein (VBO), **Markus Ritter**, formaður Bændasamtaka Sviss (SBV), **Sindri Sigurgeirsson**, formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ) og **Lars Petter Bartnes**, formaður Bændasamtaka Noregs (NB). */HKr.*

Mögulegur innflutningur á ferskri kjötvöru, ógerilsneyddum eggjum og mjólk:

Gæti haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir landbúnaðinn og heilbrigðiskerfið

— Margvísleg afleið áhrif fyrir utan beint tekjutap landbúnaðarins hafa ekki verið metin, segir í úttekt Deloitte

Greining Deloitte á mögulegum áhrifum frjáls innflutnings á ferskri kjötvöru, ógerilsneyddum eggjum og mjólk á tekjur innlendra framleiðenda sýnir að kjötgreinarnar munu verða fyrir mun meira höggi en mjólkur- og eggjaframleiðendur.

A meðan framleiðsla á kjötvörum mun verða af allt að 1.750 milljóna króna tekjum, þá mun eggjaframleiðslan skaðast um 50 milljónir og mjólkurframleiðslan ekkert miðað við óbreyttar forsendur. Þær forsendur gætu þó breyst skjótt.

Ógreind möguleg afleið áhrif

Í úttekt Deloitte eru ekki greind

hugsanleg afleið áhrif þess ef leggja þyrfti niður ákveðin bú eða draga verulega úr umsvifum þeirra. Þessi afleiðdu áhrif gætu komið fram ofar og neðar í virðisdeðju matvælaframleiðslu, þ.e. allt frá birgjum til smásala.

Innflutningur dýrasjúkdóma

Ekki hafa heldur verið greind hugsanleg áhrif mögulegs kostnaðar sem gæti komið til vegna dýrasjúkdóma sem kunna að berast til landsins vegna leyfðs innflutnings á fersku kjöti og ógerilsneyddri mjólk og eggjum. Óvissan er því afar mikil og bent hefur verið á að áhættan er gríðarleg fyrir okkar viðkvæmu dýrastofna.

Þar er hægt að benda á dæmi úr sögunni og nýleg dæmi er varðar sjúkdóma í hrossum.

Rússnesk rúletta fyrir heilbrigðiskerfið

Þá hefur heldur ekki verið metinn kostnaður samfélagsins ef innflutningur á hráu kjöti, eggjum og mjólk mun leiða til fjölgunar sýkinga af völdum sýklalyfjaónæmis. Í Bandaríkjunum hefur kostnaður heilbrigðiskerfisins farið stigvaxandi af þessum sökum og nemur um 55 milljörðum dollara á ári, eða sem svarar hátt í 6.800 milljörðum íslenskra króna. Svipað hefur verið upp á teningnum í löndum Evrópusambandsins.

Miðað við orð sérfræðinga eins og Karls G. Kristinssonar, prófessors í sýklafræði við HÍ, þá má vissulega líkja þeirri áhættu sem þarna er verið að taka við rússneska rúlettu. Kostnaður heilbrigðiskerfisins og áhætta sjúklinga mun aukast í framtíðinni af völdum sýklalyfjaónæmis. Mögulegur innflutningur á sýklalyfjaónæmum bakteríum með hráu kjöti, eggjum og mjólk getur mögulega hraðað því ferli verulega og haft í för með sér gríðarlegan vanda fyrir heilbrigðiskerfið.


Sala á ógerilsneyddri mjólk er óheimil

Þá hefur verið bent á að markaðssetning á ógerilsneyddri

mjólk á Íslandi er óheimil og því undarlegt ef heimila á slíkan innflutning.

Samkvæmt upplýsingum sem Deloitte fékk frá Bændasamtökunum og aðildarfélögum þeirra, gæti leyfður innflutningur á ógerilsneyddri mjólk leitt til innflutnings á slíkri mjólk. Sú afurð yrði gerilsneydd hér á landi og vörur eins og mjólk og ostar yrðu síðan unnar úr þeirri gerilsneyddu afurð og markaðssettar á Íslandi. Mögulegur innflutningur af þeim toga gæti haft áhrif á samkeppnisstöðu innlendra framleiðslu, á kostnað innlends magns eða sem aukin samkeppni í verði við innlenda vöru. Möguleg áhrif þessa hafa ekki verið greind. */HKr.*

HUGSAÐU Í FRAMTÍÐ MEÐ TM APPINU



TM appið er þægileg samskiptaleið fyrir viðskiptavinum TM. Í appinu er aðgengilegt yfirlit yfir allar tryggingar, hvað þær innifela, iðgjöld og fleira. Með appinu er hægt að tilkynna tjón og fá bætur greiddar nánast samstundis. Þar er einnig staðfesting á ferðatryggingum og hægt að fá beint samband við neyðaraðstoð á ferðalögum erlendis.

**HUGSAÐU Í FRAMTÍÐ OG NÁÐU Í APPIÐ
Í APP STORE EÐA GOOGLE PLAY**



FRÉTTIR

Kokkalandslíðið vann til gullverðlauna á HM með þorsk, lamb og skyr

Heimsmeistarakeppnin í matreiðslu var haldin í Lúxemborg um helgina og var íslenska kokkalandslíðið þar meðal þátttakenda. Á sunnudaginn var tilkynnt um að íslenska landslíðið hefði unnið til gullverðlauna fyrir heita matinn, en þau er til marks um fjölda stiga sem líðið vinnur sér inn.

Mest er hægt að ná í 100 stig, en þau líð sem fá 91 til 100 stig hljóta gullverðlaun.

Gullverðlaunin fengust fyrir heitu réttina þar sem útbúinn var þriggja rétta matseðill með forrétti, aðalrétti og eftirrétti og eldað frá grunni á keppnisstað fyrir 110 gesti.

Alíslenskt hráefni

Kokkalandslíðið vann með alíslenskar áherslur í gegnum keppnina og lögð var mikil áhersla á sérvæði sigilt íslenskt hráefni þar sem íslenskur þorskur, íslenskt lamb og Ísey skyr var í aðalhlutverki.

Í fremstu röð í áratugi

Fleiri en ein þjóð geta því fengið gull og svo getur það líka gerst að enginn fái gull. Fyrir 81 til 90 stig



Íslenska kokkalandslíðið er þannig skipað: Þjálfari er Ylfa Helgadóttir Kopar, aðstoðarþjálfari Jóhannes S. Jóhannesson, Landsvirkjun, Snædís Xyza Jónsdóttir, Ocampo Mímír Hótel Saga, Sigurjón Bragi Geirsson, Garri, Snorri Victor Gylfason, Vox Hilton hótél, Þorsteinn Geir Kristinsson, Fiskfélagið, Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, Marel, Kara Guðmundsdóttir, Fiskfélagið, Denis Grbic, Mímír Hótel Saga, Ari Þór Gunnarsson, Fiskfélagið, Hinrik Lárússon, Luxury Catering. Forseti Klúbbs matreiðslumeistara er Björn Bragi Bragason, Síminn.

Myndir / Kokkalandslíðið

fæst silfur og svo þannig koll af kolli. Heildarstigin verða kynnt á næstu dögum og endanleg röð liða.

Þá vann Denis Shramko til gullverðlauna í sykurgerðarlist á heimsmeistaramótinu. Landslíðið

hefur verið í fremstu röð síðastliðin 30 ár, en heimsmeistaramótið er haldið á fjögurra ára fresti. Á



Þorskur var í forrétti.



Lamba-mjaðmasteik í aðalrétti.



Ísey skýrréttur í eftirrétti.

síðasta heimsmeistaramóti náði líðið frábærum árangri þegar það varð í 5. sæti. /smh

Uppskeruhátíð í Austur-Húnavatnssýslu:

Pía á Brúsastöðum er nythæsta kýrin og knapi ársins er Bergrún Ingólfsdóttir

– Vænsta lambið er frá Syðri-Ey, Mugison frá Hæli hlaut Fernisbikarinn og Blöndalsbikarinn fékk Kopar frá Steinanesi

Uppskeruhátíð húgreinafélaganna og Hestamannafélagsins Neista í Austur-Húnavatnssýslu var haldin fyrir skömmu og mætti fjöldi manns til að fagna saman.

Í Austur-Húnavatnssýslu er öflugur landbúnaður og mörg bú skipa sé í efstu sætin þegar kemur að afurðum á landsvisu. Á uppskeruhátíðinni voru veitt verðlaun fyrir ýmsa flokka innansveitar. Meðal annars þýngsta nautið, hæst dæmda kýrin, kýrin Pía á Brúsastöðum reyndist vera nythæsta kýrin og Brúsastaðir afurðahæsta búið með meðalnyt eftir 49,2 kýr upp á 8,937 kíló. Brúsastaðir voru afurðahæsta búið á landsvisu 2017.

Sauðfjárverðlaun

Verðmætasta lambið í sýslunni kom frá Syðri-Ey það var 28,2 kíló og með 7% álágsgreiðslu fengust fyrir það 10. 575 krónur. Hæst dæmda lambið kom frá Stekkjardal með 90,5 stig. Bestu ómælingar gimbra



Hrossabændur í Austur-Húnavatnssýslu. Guðrún Rut Hreiðarsdóttir, Efri Mýrum, Þorlákur Sveinsson, Efri Mýrum, Berglind Bjarnadóttir, Steinnesi, Guðrún Tinna Rúnarsdóttir, Síðu, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Sauðanesi, Jón Árni Magnússon, Steinsnesi, Eline Manon Schrijver, Hofi, Ásdís Arnardóttir, Hæli, Jón Kristófer Sigmarsson, Hæli og Gísli Geirsson, Mosfelli, sem tók við verðlaunum fyrir hönd Kagaðarhóls.

voru í Stekkjadal, Stóra-Búrfelli og Sölvabakka. Í Stekkjardal voru skoðaðar 92 gimbrar og

að meðaltali mældist bakvöðvi þeirra 31,9 millimetrar, fíta 4,2 millimetrar og lögun 4,1. Besti hrútur í afkvæmarannsókn var Kittí frá Vindhæli með 125,1 stig. Afurðahæsta sauðfjárbúið var Stekkjardalur.

Hestamannafélagði Neisti

Knapi ársins hjá hestamannafélaginu Neista er Bergrún Ingólfsdóttir. Af merum hlaut Stikla frá Síðu 7,52 í aðaleinkunn, Krækja frá Sauðanesi 7,89, Kúnst frá Steinnesi 8,23 og Þýrnirós frá Skagaströnd aðaleinkunnina 8,36.

Af stóðhestum hlaut Korpur frá Steinsnesi 8,23 í aðaleinkunn og Kleó frá Hofi 8,27.

Fernisbikarinn sem veittur er fyrir hæst dæmda kyndómahross



Kúabændur. Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, Magnús Björnsson, Syðra Hóli, Gróa Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson á Brúsastöðum.

sýslunar hlaut Mugison frá Hæli og Blöndalsbikarinn sem veitur er fyrir hæst dæmda fjögura vetra

stóðhestinn féll í hlut Kopars frá Steinnesi. Auk þess sem Steinsnes var valið ræktunarbú ársins. /VH



Sauðfjárbændur. Erna Högnadóttir, Vindhæli, Magnús Bergmann Guðmannsson, Vindhæli, Gerður Garðarsdóttir, Stekkjardal og Ægir Sigurgeirsson, Stekkjardal.

Sigursælar mjólkurvörur

INTERNATIONAL FOOD CONTEST,
HERNING, DANMÖRKU 2018



2 HEIÐURSVERÐLAUN



4 GULL



8 SILFUR



4 BRONS



Gullverðlaun og heiðursverðlaun
– besta varan í sínum flokki
(Einungis fáanlegt í Finnlandi eins og er)



Gullverðlaun og heiðursverðlaun
– besta varan í sínum flokki



Gullverðlaun



Silfurverðlaun



Silfurverðlaun



Bronsverðlaun

Fjöldi verðlauna fyrir frábærar afurðir

Íslenskar mjólkurvörur voru sigursælar í alþjóðlegri fagkeppni mjólkurfyrirtækja sem fram fór í Danmörku á dögnum. Þessi góði árangur er uppskera ötullar vöruþróunarvinnu sem einkennir íslenskan mjólkuriðnað og eru eigendur og starfsmenn MS að vonum stoltir af þessari viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi.



Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Fullveldi fyrir hvern?

Íslendingar halda upp á 100 ára fullveldisafmæli laugardaginn 1. desember. Það kann að hljóma undarlega að á sama tíma sé öflugur hópur Íslendinga með stuðningi talsmanna Evrópusambandsins í harðri baráttu fyrir því að Íslendingar afsali sér hluta af þeim fullveldisrétti sem náðist fram 1918.

Þetta er samt sá blákaldi veruleiki sem Íslendingar standa frammi fyrir í dag með kröfunni um að Íslendingar samþykki orkupakka 3 frá Evrópusambandinu. Þetta hlýtur að teljast argasta móðgun við alla þá baráttumenn og -konur sem lögðu allan sinn metnað í að Ísland fengi fullveldisrétt frá Dönum og síðan fullt sjálfstæði.

Það er engin spurning í augum fjölmargra sem til þekkja að samþykkt orkupakka 3 felur í sér ákveðið fullveldisafsal. Það er m.a. skoðun forystumanna þáverandi ríkisstjórnar sem luku samningum Íslands um EES-samninginn sem samþykktur var á Alþingi 12. janúar 1993. Bæði þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, og þáverandi utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, hafa lýst andstöðu sinni við að Íslendingar samþykki nú innleiðingu á orkupakka 3 frá Evrópusambandinu. Þeir vara Íslendinga við afleiðingum slíkrar innleiðingar sem Íslendingum sé auk þess fullkomlega heimilt að hafna. Á móti hafa árðursmeistarar fyrir innleiðingu orkupakkans stillt upp þeirri hótun að Íslendingum kunni að verða refsad í gegnum EES-samningana sem verði þá í uppnámi. Þessi hótun er hreint bull. Í aðsendri grein í Bændablaðinu í dag tekur norski lagaprófessorinn Peter Ørebech af öll tvímæli um þetta:

„EES-löndin geta hvenær sem er beitt slíku neitunarvaldi gegn nýjum ónothæfum og óframkvæmanlegum reglugerðum og tilskipunum frá Evrópusambandinu. Þetta þýðir að Ísland, Lichtenstein og Noregur hafa fullan rétt þegar þau sjá ástæðu til að beita slíku neitunarvaldi. Evrópusambandið getur ekki brugðist við því með viðurlögum.“

Það er afar athyglisvert að þeir sem berjast hvað harðast fyrir því að Íslendingar innleiði orkupakka þrjú hafa ekki getað sýnt fram á að Íslendingar hafi einhvern hag af slíkri innleiðingu.

Tilgangurinn með innleiðingu orkupakkans er að koma Íslandi undir regluverk ESB í orkumálum. Gera Ísland um leið beinan þátttakanda í innri markaði ESB um orkumál. Það þýðir að yfirstjórn þeirra mála fer undir ACER, yfirþjóðlega stofnun ESB þar sem Íslendingar hafa engin lögformleg áhrif. Síðan fara öll ágreiningsmál varðandi orkumálin úr okkar höndum og undir lögsögu dómstóla úti í Evrópu. Innleiðing orkupakkans þýðir líka að galopnað verður fyrir lagningu sæstrengs til Evrópu.

Áhugi ákveðinna afla fyrir innleiðingu orkupakkans snýst um peninga og reyndar gríðarlega mikil verðmæti og völd. Um leið og Ísland er orðið beinn þátttakandi í orkumarkaði Evrópu, þá verður óheimilt fyrir íslenska ríkið að halda Landsvirkjun úti sem ríkisfyrirtæki með um eða yfir 80% markaðshlutdeild. Þá verður Íslendingum skylt að skipta Landsvirkjun upp í einingar og þá skapast grundvöllur fyrir að einkavæða fyrirtækið í einingum. Um þetta snýst málið og augljóst að þarna biða fegurðugri athafnamenn við þröskuldinn eftir að geta læst klónum í þessa einstæðu auðlind sem íslenska raforkukerfið er.

Væri ekki æskilegt, svona fyrir kurteisissakir á 100 ára fullveldisafmælinu, að áhugamenn fyrir innleiðingu orkupakka 3 upplýsi þjóðina um hvað raunverulega liggi að baki þessum ofuráhuga þeirra á að innleiða svo afdrifaríkar skuldbindingar sem engin þörf virðist vera á? /HKr.

Vilt þú að það séu framleidd matvæli á Íslandi?

Jóna Björg Hlökkversdóttir

formaður Samtaka ungra bænda
jona.bjorgum@gmail.com



Ef að samfélagið er sammála um að matvælaframleiðsla sé ein af grunnstöðum tilverunnar, þá eykur það bæði traust neytenda og ekki síður traust og sjálfsvirðingu framleiðendanna sjálfra.

Á síðustu árum hefur umhverfi okkar breyst, fæðuöryggi er í umræðunni. Ástæðurnar eru margvíslegar, loftslagsbreytingar, sem urðu meðal annars til þess að þurrkar stórsköðuðu norræna landbúnaðarframleiðslu með tjóni upp á hundruð milljarða, einnig má nefna hótanir um tollastrið milli stórvelda. Þetta getur breytt stöðu smárikja á örskotsstundu.

Hagsmunir neytenda og bænda eru þeir sömu en Ísland er að mestu leyti orðið þéttbýlissamfélag og stundum virðist bilið á milli okkar vera hræðilega langt. Neytendur hafa stundum takmarkaða þekkingu á hvernig maturinn verður til og á því sem bændur gera. Bændur þurfa líka að skilja hvað það er sem neytendur vilja fá þegar þeir fara út í búð að kaupa inn fyrir kvöldmatinn.

Leiðum bændur og neytendur saman

Þetta bil á milli neytenda og bænda þarf að brúa. Þessar brýr skulum við byggja saman. Í fyrsta lagi má nefna REKO-hringi sem eru byggðir á finnskri hugmyndafræði um vistvæna og heiðarlega viðskiptahætti (kannski þarf að finna íslenskt heiti á REKO). Tilgangurinn með REKO er að efla nærsamfélagsneyslu og leiða framleiðendur og kaupendur saman, gera matarhandverki og heimavinnslu herra undir höfði og færa framleiðendur nær eldhúsinu. Í REKO fara fram milliliðalaus viðskipti milli smáframleiðenda og neytenda. REKO-hringir eru nú starfandi í 6 löndum, í 300 hringjum með áætlaða 11 milljarða veltu. Hér á landi hafa tekið til starfa REKO-hringir í Reykjavík og á Vesturlandi sem hafa haldið vel heppnaðar vöruafhendingar. Á Norðurlandi og Austurlandi eru fyrstu REKO-viðburðirnir í pipunum.



Upplýstir neytendur byggja innkaup sín á þeirri þekkingu sem þeir hafa. Æ fleiri gera þá kröfu að hafa ítarlegar upplýsingar um þann mat sem þeir neyta og vilja gjarnan kaupa vöruna beint frá bónda.

Mynd / TB

Tökum tillit til menningararfins í heimavinnslu

Að auki verður að gefa bændum og litlum matvælavinnslum kost á að fullvinna sínar afurðir og selja beint inn í eldhús landsmanna. Þar vantar hins vegar sárlega að stjórnvöld taki tillit til menningararfins í heimavinnslu.

Á Íslandi á að vera hægt að tryggja öryggi matvæla og skapa þær aðstæður að smáframleiðendur geti fullunnið sínar afurðir frá grunni. Það ætti ekki að þurfa að kæra forstjóra ríkisfyrirtækis til lögreglu fyrir fyrirfram tilkynnta uppreisn gegn reglugerðafargani sem heftir bændur í þeirri viðleitni sinni að viðhalda matarmeningu Íslendinga.

Kynnum okkur uppruna matarins

Það skiptir fólki máli að vita uppruna þess sem það borðar. Upplýstir neytendur byggja innkaup sín á þeirri þekkingu sem þeir hafa.

Þegar neytendur hafa innsýn í matvælaframleiðslu, hafa þeir forsendur til að taka upplýstar ákvarðanir í sínum innkaupum, en stjórnvöld geta jafnframt haft mikil áhrif með sínum eigin innkaupum. Sem dæmi má nefna að á vegum Reykjavíkurborgar borða um 23 þúsund manns hádegismat á virkum degi, flest þeirra börn. Í nýsamþykktu matarstefnu borgarinnar er eitt yfirmarkmiðanna það að stytta leiðina og gera hana sýnilegri frá bónda ofan í maga.

Þetta ætti að vera leiðarhnoð okkar allra í matarinnkaupum.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Króksfjarðarnes er bær og verslunarstaður á sunnanverðum Vestfjörðum og stendur á nesinu milli Króksfjarðar og Gilsfjarðar. Króksfjarðarnes fékk verslunarréttindi árið 1895. Í Króksfjarðarnesi starfaði Kaupfélag Króksfjarðar og þar var starfandi sláturhús þangað til árið 2007. Einnig er þar félagsheimilið Vogaland sem byggt var 1958 og þar var útibú frá Sparisjóði Vestfirðinga. Í Landnámu kemur fram að Þórarinn krókur hafi numið land við Króksfjörð og búið að Króksfjarðarnesi, en auk þess kemur staðurinn við sögu í Gull-Þóris sögu.

Mynd / Hörður Kristjánsson



Sigurbjörg Nielsdóttir frá Bústólpa sem gaf verðlaun, þá Atli Már Atlason sem varð í þriðja sæti, Gunnar Halldórsson í öðru sæti og Kristján Elvar Gíslason, Íslandsmeistari í járningu 2018, lengst til hægri er Björn Jóhann Jónsson, formaður Hestamannafélagsins Léttis. Myndir / Sigfús Helgason

Kristján Elvar Íslandsmeistari í járningum 2018

Kristján Elvar Gíslason varð Íslandsmeistari í járningum árið 2018, en mótið fór fram í Léttishöllinni á Akureyri á dögunum. Það var haldið í samstarfi Járnungamannafélags Íslands og Hestamannafélagsins Léttis.

Keppnin var spennandi og svo mjótt á munum að annar dómariinn, Anton Páll Niélsson, tók sér í munn nýyrði þegar hann sagði að það hefði tæplega slimmfjörður komist á milli þeirra er unnu til verðlauna.

Gestur Páll Júlíusson hélt magnaðan fyrirlestur um kynbótajárningar og nýjar áherslur í þeim efnum. Var það samdóma

álit manna er á hlýddu að orð hafi þar verið í tíma töluð. Trausti Óskarsson var skráður með fyrirlestur um hælachæð og olnbogaágrip og viðeigandi sýnikennslu, en vegna veðurs var ekki flogið þannig að Trausti ræddi við gesti í gegnum skype. Sýnikennsla var í kynbótatálgun og járningum áður en Íslandsmótið í járningum hófst.

Kristján Elvar Gíslason varð í fyrsta sæti og þar með Íslandsmeistari í járningum árið 2018, í öðru sæti var Gunnar Halldórsson og í því þriðja Atli Már Atlason.

/MPB



Keppnin var spennandi og mjótt á munum.



Nýkrýndur Íslandsmeistari í járningum, Kristján Elvar Gíslason.



MÆLT AF MUNNI FRAM 215

Síðastliðið laugardagskvöld, 24. nóv., sat ég mikinn afmælisfagnað **Gylfa Gunnarssonar**, útgerðarmanns og bónda í Grímsey. Gestum bauð Gylfi til veislu í reiðhöll Léttismanna á Akureyri.

Mikla bauð hann gestum magafylli, en ekki síður þetta dagskrá gleðiefnis og söngs. Þótt reiðleiðir séu fremur knappar úti í eyju, þá rækir hann hestamennsku sína mikið í landi. Gylfi hefur um langt árabil gengið haustgöngur fyrir bændur á Gunnarsstöðum. Þeir Gunnarsstaðabræður, **Steingrímur, Jóhannes og Ragnar**, ásamt **Péttri Péturssyni**, fluttu samkomunni eins konar útdrátt úr gangnakveðskap genginna ára þar sem Gylfi kemur mjög við sögu. Þær vísur sem fylla þennan þátt verða ekki sérstaklega höfundadaðar en samt allar ortar af fyrrnefndum félögum. Fyrstu þrjár vísurnar eru nýsmíði, sennilega eftir Pétur, ortar í tilefni afmælisdagsins.

Með heiðri og sóma hetja slyng heldur sinni vöku.
Því skal Gylfa Grímseying glaður kveða stöku.

Sólarmegin salta dröfn sigldu í leiði fínu,
og stýrðu alltaf heilu í höfn happafleyi þínu.

Eigðu af gæðum öllum nóg,
ekkert hafðu að fela.
Haltu reiðhest, sæktu sjó og súptu á landapela.

Þá koma tilvitnaðar vísur úr göngum með Gunnarsstaðamönnum:

Þó lítt oss kæti kuldi og hríð,
krap og vætugöngur,
var í kofa vistin blíð,
vísur, gleði og söngur.

Situr djúpt í sálarmal og seiðir hugann löngum,
hafir þú í Heljardal hampað flegg í göngum.

Aldrei meiri yl ég fann,
eða gleði sanna,
en þegar Kaldakvíslin rann um kverkar gangnamanna.

Oft í göngum glögggt ég fann að Gylfi leysir vandann,
þegar maður hittir hann með hákarlinn og landann.

Gæti verið þarfapíng og þjónað smölun betur að láta Gylfa Grímseying gelta fyrir Pétur.

Eykst mér stöðugt andagift, artir lágur bönnum.
Í góðu veðri er glasi lyft með Gunnarsstaðamönnum.

Sólin skein á skallana, skorið fé í hrönnum,
en Gylfi bætti upp gallana á Gunnarsstaðamönnum.

Inná heiði er ég frjáls, er það létt að skilja.
Eru komin upp í háls eistun bæði á Gylfa.

Ef í göngur Gylfi fer með glás af áfenginu furðu borubrattur er þó blæði úr rassgatinu.

Er á lífi enn um sinn, en aftur fyrir handan get ég séð að Gylfi minn graðgar í sig landann.

Upp til heiða sæll ég syng, síðan ríð með flaumi.
Læt svo Gylfa Grímseying glamra meðfram straumi.

Ekki var af verstu sort vinið góða og söngur.
Drukkið mikið, dável ort, dásamlegar göngur!

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Opið hús á Alþingi 1. desember í tilefni fullveldisafmælis

Alþingishúsið verður opið almenningi laugardaginn 1. desember kl. 13.30–18.00 í tilefni af því að þá eru 100 ár liðin frá því að sambandslagasamningurinn tók gildi 1918 og Ísland varð frjálst og fullvalda ríki.

Þingmenn og starfsmenn skrifstofu Alþingis veita leiðsögn um húsið og ræða við gesti. Í Skála

verður sýning á ljósmyndum, skjölum og völdum tilvitnunum úr umræðum á þingi um sambandslagasamninginn.

Viðburðurinn er liður í dagskrá fullveldisafmælisársins 2018 og haldinn í samstarfi við afmælisnefnd.

Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis. Inngangur er um aðaldyr Skálans.



Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu samninginn um nýja rannsóknarsetrið á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á Hótel Örk.

Mynd / MHH

Laugarvatn:

Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál

Rannsóknir, nám og önnur fræðsla um sveitarstjórnarmál verður efld til muna í nýju rannsóknasetri um sveitarstjórnarmál sem sett verður á laggirnar á Laugarvatni í samvinnu Háskóla Íslands og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu samstarfssamning þar að lútandi á aðalfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á Hótel Örk nýlega. Gert er ráð fyrir að starfsemi í nýju rannsóknasetri um sveitarstjórnarmál hefjist 1. janúar 2019. Heildarstuðningur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

nemur 36 milljónum kr. á tímabilinu og verður nýttur til að þróa starfsemi setursins. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára.

„Nýja rannsóknasetrið er þýðingarmikið skref í að efla fræðilegar rannsóknir á málefnum sveitarstjórna um land allt. Það er sérstaklega ánægjulegt að starfsemin fái aðsetur á Laugarvatni í tengslum við rótgróið þekkingarsamfélag sem þar hefur verið um langan aldur. Samningurinn sem er búið að undirrita er í takt við viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar frá árinu 2016 um áframhaldandi starf Háskólans á Laugarvatni,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. /MHH



Farmskipið Antje hefur verið í stöðugum siglingum með heyrúllur frá Íslandi til Noregs frá því í september, en fimmta og síðasta ferð þess var farin frá Sauðárkróki undir liðna helgi.

Farmskipið Antje hefur siglt fimm ferðir með heyrúllur til Noregs:

Ríflega 30 þúsund rúllur farnar utan í haust

— Minna skip væntanlegt sem kemst á fleiri hafnir til að draga úr akstri

Farmskipið Antje hefur verið í stöðugum siglingum með heyrúllur frá Íslandi til Noregs frá því í september, en fimmta og síðasta ferð þess var farin frá Sauðárkróki undir liðna helgi. Skipið tekur um 5.700 rúllur í ferð. Þegar er búið að senda út ríflega 30 þúsund heyrúllur sem er samkvæmt samningi sem gerður var síðastliðið sumar.

Ingólfur Helgason á Dýrfinnustöðum í Skagafirði hefur staðið í ströngu síðustu tvo mánuði, en hann er einn þeirra sem hefur umsjón með heyflutningum frá Íslandi til Noregs.

Einkum og sér í lagi hefur hey verið

sent utan frá norðanverðu landinu, enda gekk heyskapur vel á því svæði á liðnu sumri, heylangur var góður og umframþingir verulegar. Bændur í Húnavatnssýslum, Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum hafa selt hey til Noregs nú á haustdögum að sögn Ingólfs.

Heyi hefur einkum verið skipað um borð í skipið á Sauðárkróki og Akureyri, en einnig hefur það í eitt skipti einnig haft viðkomu á Húsavík, Reyðarfirði og á Grundartanga.

Skipt um skip

Benedikt Hjaltason í Eyjafjarðarsveit hefur haft puttann á púlsinum

varðandi heyflutninga frá sínu svæði og nefnir hann að bændur í Eyjafirði eigi enn þökkalegt magn sem hugsanlegt sé að senda út, en beðið sé átektu með hvort af frekari heysölu verður. Þegar hafi á bilinu 32 til 34 þúsund rúllur verið seldar til Noregs.

Antje hefur siglt milli landanna í alls 5 ferðum en heildarmagn í ferð er tæplega 6000 rúllur. Skipið er 130 metra langt og getur einungis lagt að stærri höfnum. Nú stendur til að flytja hey út með minna skipi sem hentar betur, þ.e. skipi sem getur lagt að á minni höfnunum en í kjölfarið minnka líka landflutningar sem er töluverður ávinningur. /MPB

Innflutningur á svínakjöti:

Úrbeinaðir svínahnakkar fluttir inn sem síður

— Grunur um að að farið sé á svig við kerfið, segir formaður Félags svínabænda

Innflutningsaðilar eru grunadír um að fara á svig við kerfið og flytja inn aðra hluta svínakjöts sem svínasiður. Rösktuddur grunur um að svo sé, segir formaður Félags svínabænda.

„Við höfum rösktuddan grun um að eitthvert magn af svínakjöti, eins og til dæmis úrbeinaðir svínahnakkar, hafi verið fluttir inn sem svínasiður,“ segir Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda og bóndi í Teigi.

Ingvi segir að Félag svínabænda sé búið að senda erindi til bæði fjármála-



Ingvi Stefánsson.

og landbúnaðarráðuneytisins þar sem óskað er eftir því að málið sé kannað með tollayfirlöðum.

Gríðarmikill innflutningur á síðum

„Okkur í stjórn Félags svínabænda barst til eyrna fyrr á þessu ári að það væru brotalamir í innflutningi svínakjöts og í framhaldi af því fórum við að skoða málið betur. Ég get ekki lagt fram neinar magntölur en miðað við hvað innflutningur á síðum er mikill þá kemur ekki á óvart að annað kjöt fylgi með sem síður. Þrátt fyrir að þessi staða hafi komið upp viljum við trúa því að flestir sem standi í innflutningi á svínasiðum séu sannanlega að flytja

þær inn en ekki eitthvað annað, segir Ingvi.

Ráðuneytið ætlar að grípa til aðgerða

Ingvi segir að stjórn Félags svínabænda hafi fundað með fyrrverandi skrifstofustjóra og lögfræðingi landbúnaðarráðuneytisins síðastliðið sumar.

„Þá var okkur sagt að það ætti að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að þetta mundi endurtaka sig en hvort slíkt hefur verið gert veit ég ekki. Við höfum lengi gert athugasemdir við það hvernig staðið er að útbóði á opnum tollkvótum og við teljum að það þurfi að endurskoða það ferli eins og það leggur sig.“ /VH

Búnaðarstofa fer undir landbúnaðarráðuneytið

Matvælastofnun fagnar tíu ára afmæli á þessu ári og blés af því tilefni til opins fundar föstudaginn 23. nóvember á Grand hótel undir yfirskriftinni Þróun og framtíð eftirlits. Í ræðu Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í lok fundar kom fram að ákveðið hefði verið að færa Búnaðarstofu undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Ráðherra sagði í ræðu

sinni að þetta væri liður í áætlun hans í því að styrkja landbúnaðarhluta atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Undirbúningur fyrir það verk væri þegar hafinn.

Búnaðarstofa var stofnuð árið 2015 þegar stjórnsýsluverkefni sem voru á hendi Bændasamtaka Íslands, meðal annars útteiling beingreiðslu og styrkja til greina landbúnaðarins, færðist til Matvælastofnunar.

Samkvæmt upplýsingum á vef Matvælastofnunar um hlutverk Búnaðarstofu, fer hún meðal annars með stjórnsýsluverkefni í tengslum við búvörusamninga og rammisamning ríkis og bænda í samræmi við búvöru- og búnaðarlög. Hún annast fag- og fjárhagslega framkvæmd verkefna á sviði landbúnaðar sem snúa að framkvæmd á stjórnsýsluákvörðunum um opinberar greiðslur til bænda, útreikningi, afgreiðslu og eftirliti með framkvæmd þeirra. /smh

Jón Hjartarson
KAMBSMÁLIÐ

Vorið 1953 létu yfirvöld bjóða upp dánarbú bónda á Kambi í Árneshreppi. Börnunum skyldi ráðstafað og sundrað. En 18 ára stúlka fyrirbyður að nokkurt þeirra fari. Hreppstjórninn lúpast burt og skilur börnin eftir í reiðileysi.

SÆMUNDUR

FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI

Í ár stóðust um 2% af skráðum fyrirtækjum landsins skilyrði Creditinfo um styrk og stöðugleika og teljast því vera framúrskarandi fyrirtæki 2018.



Hvað gerir fyrirtæki framúrskarandi?

- Fyrirtækið er í lánshæfisflokki 1-3
- Ársreikningi skilað lögum samkvæmt fyrir 1. september
- Fyrirtækið er virkt skv. skilgreiningu Creditinfo
- Framkvæmdastjóri skráður í fyrirtækjaskrá RSK
- Rekstrartekjur að lágmarki 50 milljónir króna 2017 (nýtt skilyrði)

- Rekstrarhagnaður (EBIT > 0) síðustu þrjú rekstrarár
- Jákvæð ársniðurstaða síðustu þrjú rekstrarár
- Eiginfjárhlutfall hærra en 20% síðustu þrjú rekstrarár
- Eignir yfir 100 milljónir króna 2017, 90 milljónir króna 2016 og 80 milljónir króna 2015 (breytt skilyrði)

FRÉTTIR



Óskar Albertsson, talsmaður handverkstæðisins Ásgarðs í Mosfellsbæ, hvetur fólk til að mæta á jólamarkaðinn í Álafossvosinni 8. desember. Myndir / HKr.

Jólamarkaður handverkstæðisins Ásgarðs í Mosfellsbæ: Verður viku seinna en venjulega, eða laugardaginn 8. desember

Hinn árlegi jólamarkaður handverkstæðisins Ásgarðs verður haldinn í Álafossvosinni laugardaginn 8. desember, en ekki fyrsta laugardag í desember eins og venjan hefur verið.

Óskar Albertsson talsmaður Ásgarðs, segir að ákveðið hafi verið að færa jólamarkaðinn að þessu sinni um eina viku.

„Við erum vön að halda jólamarkaðinn fyrstu helgina í desember. Nú ber þetta upp á 1. desember og þá er svo mikið um að vera vegna 100 ára fullveldishátíðar Íslands. Þess vegna ákváðum við að flytja jólamarkaðinn okkar um eina viku og hafa hann 8. desember.“

Unnið úr íslensku hráefni

Það er afskaplega notalegt að heimsækja fólkið á handverkstæði Ásgarðs í Álafossvosinni. Þar gefst fólki kostur á að kaupa vandaða smíðagrip sem smíðaðir eru af mikilli alúð af starfsfólki staðarins. Unnið er úr náttúrulegum efnivið og nær eingöngu er notaður íslenskur trjáviður.

Ásgarður handverkstæði var

stofnað 1993 sem sjálfseignarstofnun og hefur starfsleyfi frá velferðarráðuneytinu sem verndaður vinnustaður. Frá upphafi hafa starfsmenn Ásgarðs lagt áherslu á að hanna og þróa einföld, sterk og skemmtileg leikföng sem eiga sér samsvörin í íslenskum þjóðháttum, hvort sem um er að ræða sjávarútveg, landbúnað, þjóðsögur eða ævintýri.

Opnað klukkan tólf á hádegis

Markaðurinn er í smíðahúsinu að Álafossvogi 14, sem venjulega er kallað Bragginn. Þá geta gestir einnig brugðið sér á kaffihlaðborð í húsi sem er þar nokkur skref í burtu, eða í Ásgarði númer 24 við Álafossvog, gegnt Álafossversluninni. Markaðurinn verður opnaður klukkan 12 og mun standa til klukkan 5 síðdegis.

Óskar segir að það sé alltaf góð aðsókn að markaðinum. Síðast hafi nær allt selst upp svo vissara sé fyrir fólk að mæta tímanlega.

„Það eru allir velkomnir og við erum með heitt súkkulaði og svo auðvitað kaffi og kökur,“ segir Óskar Albertsson. /HKr.

Íslensk grænmetisræktun hefur tvímælalaust sérstöðu:

Sýklalyfjaónæmar bakteríur geta borist með innfluttu grænmeti

– Varað við vaxandi heilbrigðisvandamálum vegna útbreiðslu sýklalyfjaónæmis

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við HI, hélt erindi á haustfundi Sambands garðyrkjubænda um sýklalyfjaónæmi af völdum framleiðsluhátta matvæla. Benti hann m.a. á ógnina sem stafar af mikilli sýklalyfjanotkun í matvælaframleiðslu.

Tölur sýna m.a. hátt hlutfall sýklalyfjanotkunar sem tengt er verksmiðjubúskap um allan heim. Sú staðreynd að sýklalyfin brotna illa niður í umhverfinu veldur því að hætta á útbreiðslu getur stafað af úrgangi frá verksmiðjubúum. Dæmi væru um stór umhverfisslys þar sem skítur frá skepnum hefur blandast við grunnvatn, en slíkar smitleiðir er augljós farvegur fyrir útbreiðslu ónæmra baktería.

Slíkar leiðir eru beintengdar grænmetisræktun, þar sem grænmeti getur auðveldlega borið með sér sýklalyfjaónæmar bakteríur sem hafa ratað þangað gegnum vökvun.

Hastarleg smit af völdum innflutts grænmetis

Nokkur nýleg dæmi um hastarleg smit af völdum innflutts grænmetis sýnir hversu berskjölduð smitleiðin til íslenskra neytenda er. Veiktust t.a.m. 130 starfsmenn þriggja grunnskóla af iðrakveisu í ágúst 2017 sem talin var vera af völdum bakteríu sem ræktaðist í innfluttu blaðsalati frá Ítalíu og var framreitt í mótuneytum skólanna. Í síðustu viku varaði Matvælastofnun svo við Romaine-salati frá Bandaríkjunum vegna E.coli-mengunar sem hefur gert vart við sig.

Ómetanleg auðlind

Það hefur bein áhrif á grænmetisræktun hvernig landbúnaður er stundaður í umhverfi hennar. Augljóst er að ef sýklalyf eru ekki notuð í landbúnaði eru minni líkur á sýklalyfjaónæmi. Í því samhengi benti Karl á tvímælalausa sérstöðu íslenskrar grænmetisræktunar, þar sem hún



Karl G. Kristinsson hélt erindi um sýklalyfjaónæmi af völdum framleiðsluhátta matvæla á haustfundi Sambands garðyrkjubænda. Mynd / KMA

þrífst í hreinu ræktunarmhverfi. Auk þess er ferska vatnið einstakt á heimsvísu og ómetanleg auðlind. Að staðaldri er ekki notað hreint grunnvatn í grænmetisræktun, heldur endurunnið vatn. Karl undirstrikaði að endurvinnsla á vatni tryggir ekki að sýklalyfjaónæmar bakteríur berist með því.

Leiðir til fjölgunar dauðsfalla

Gröð útbreiðsla sýklalyfjaónæmis mun leiða til fjölgunar á dauðsföllum vegna sýkinga af völdum sýklalyfjaónæmra baktería og aukins kostnaðar í heilbrigðis- og velferðarmálum samkvæmt skýrslu frá Alþjóða heilbrigðisstofnuninni (WHO) frá árinu 2015 sem kallar sýklalyfjaónæmi stærstu heilbrigðisvá mannkynsins.


Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) stóð í fjórða sinn fyrir vitundarviku um skynsamlega notkun sýklalyfja (World Antibiotic Awareness Week) dagana 12.–18. nóvember. Vikunni er ætlað að auka þekkingu á sýklalyfjum og minna

á mikilvægi þess að nota sýklalyf skynsamlega.

Í ár var lögð áhersla á þeirri ógn sem stafar af útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða til að stemma stígu við frekari útbreiðslu sýklalyfjaóþols.

Fjöldi þeirra sem sýkist af völdum sýklalyfjaónæmra baktería í Evrópu hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2007. Stefntir í að sýklalyfjaónæmi muni verða fleirum að aldurtíla en krabbamein áður en langt um liður. Segir í skýrslu stofnunarinnar, „Global Action Plan on Antimicrobial Resistance“, að ef ekki er gripið til samræmdra og samhæfðra aðgerða um allan heim vegna útbreiðslunnar þá stefntir í tímabil án virkra sýklalyfja, þar sem algengar sýkingar fara að valda aftur dauðsföllum.

Kallaði stofnunin í framhaldi eftir aðgerðaráætlun frá öllum ríkisstjórnunum heims í nafni „One Health“. Hér á landi var m.a. brugðist við með því að mynda starfshóp á vegum velferðarráðuneytisins sem hefur unnið að málefnum sýklalyfjaónæmis hér á landi síðan í október 2016. /ghp



THEÓDÓR GUNNLAUGSSON

NÚ BROSIR NÓTTIN


ÆVINGAR GUÐMUNDAR EINARSSONAR — MEÐ VIÐAUKUM

Theódór Gunnlaugsson
NÚ BROSIR NÓTTIN

Ævisaga refaskyttunnar Guðmundar Einarssonar sem var goðsögn í lifanda lífi. Hér er list samskiptum náttúru- barns 19. aldar við landið og lífríki þess.



SÆMUNDUR



Mynd af Flateyri tekin af Þorfinni sem er fjall sem stendur andspænis þorpinu.

Mynd / Aðsend

Rekstur Lýðháskólans á Flateyri tryggður á haustönn 2019

Menntamálaráðherra og fjárlaganefnd Alþingis hafa tryggt rekstur Lýðháskólans á Flateyri. Nefndin leggur til 15 milljóna króna framlag á fjárlögum en menntamálaráðherra mun á móti ráðstafa öðrum 15 m.kr. til skólans. Þannig er tryggt 30 m.kr. heildarframlag fyrir haustönn 2019.


Eins og fram hefur komið er

skólinn fullfjármagnaður með sjálfsaflafé fram til útskriftar nemenda í vor en með þessu skapa stjórnvöld lýðháskólanum rekstrargrundvöll til framtíðar. Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar Lýðháskólans á Flateyri, segir þessa niðurstöðu ráðherra og fjárlaganefndar skapa skólanum varanlegan grundvöll.

„Þessi ákvörðun breytir öllu fyrir

skólann og framtíð hans,“ segir Runólfur.

„Við erum afar glöð með að þetta þróunarverkefni okkar fái vængi. Skólinn hefur þegar haft mikil áhrif, bæði með því að bjóða ný og löngu tímabær tækifæri fyrir ungt fólk í íslensku menntakerfi og með því að efla mannlíf og byggð á Flateyri, þeim stað sem, okkur sem stöndum að skólanum, er afar kær.“ /MHH



VATNSHELT



ANDAR



VINDHELT



TEYGJANLEGT



SLITSTERKT



SVEIGJANLEGT


SEALSKINZ
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Sealskinz er breskt fyrirtæki sem framleiðir einstaka línu af vatnsheldum vörum fyrir höfuð þitt, hendur og fætur.


Sealskinz notast við 3ja laga einkaleyfisráða tækni í þrjúnum sokkum, hönskum og húfum til að búa til óaðfinnanlegar vörur sem eru algerlega vatnsheldar en anda engu að síður.

SealSkinz endursöluaðilar

Reykjavík Lífland / Icewear Austurstræti, Þinghóltsstræti & Laugavegi / GG Sport / Arctic Trucks / Ellingsen **Pingvellir** Þjónustumiðstöðin **Borgarnes** Lífland **Ísafjörður** SB **Sauðárkrúkur** KS **Siglufjörður** SR byggingar **Akureyri** Jötunn / Veiðiríkið / Ellingsen / Icewear **Goðafoss** Fosshóll **Húsavík** Olís **Mývatnssveit** Dimmuborgir **Egilsstaðir** Jötunn **Reyðarfjörður** Veiðiflugan **Norðfjörður** Multitask **Vík** Icewear **Hvolsvöllur** Lífland **Gullfoss** Gullfosskaffi **Selfoss** Jötunn



Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is



Fóður fyrir sauðfé hjá Sláturfélagi Suðurlands



Ærblanda SS - Óerfðabreytt kjarnfóður

Framleitt af DLG fyrir íslenska sauðféð

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini
- Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
- Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
- Gott jafnvægi í stein- og snefilefnum
- Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum

- 15 kg pokar / 750 kg sekkir

Salto fôr - Saltsteinn fyrir kindur

- Má notast við lífræna ræktun
- Inniheldur stein og snefilefni
- Náttúrulegt bergsalt
- Án kopars
- Inniheldur selen

-10 kg steinn



Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata

- Steinefna- og snefilefnaríkt og hentugt með vetrarfóðrun
 - Inniheldur A-, D- og E-vítamín
 - Án kopars
 - Hátt seleninnihald
 - Inniheldur hvítlauk
- 15 kg fata



Sláturfélag Suðurlands svf | www.buvorur.is

Hægt er að panta fóður hjá sölumönnum okkar um land allt eða í gegnum vefverslun okkar, www.buvorur.is

Fossháls 1, 110 Reykjavík | 575-6070 | Opnunartími: kl. 8-16
Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | 575-6099 | Opnunartími: kl. 9-17

FRÉTTIR

Í byrjun nóvember gerðu tollverðir upptæka sendingu af ófrosnu hollensku nautakjöti:

Forstjóri SS telur að stjórnvöld séu tilneydd til að heimila innflutning

– hins vegar sé mikilvægt að gera kröfu um að varan sé laus við salmonellu og kamfylobakter

Í byrjun nóvember gerðu tollverðir upptæka sendingu af hollensku nautakjöti sem var ófryst. Var það gert í samræmi við gildandi lög að mati Matvælastofnunar.

Er það í fyrsta sinn sem kjöt er gert upptækt eftir dóm Hæstaréttar varðandi innflutning á fersku kjöti. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu í október að bann við innflutningi á ófrystu kjöti bryti í bága við EES-samninginn. Ríkið er samkvæmt þessari niðurstöðu skaðabótaskyldt gagnvart innflutningsaðilum, sbr. dómsátt sem ríkið gerði við innflutningsaðila í byrjun nóvember sem hugðist flytja inn fersk egg í byrjun síðasta árs. Féllst ríkið á bótaskyldu sína í því máli og greiddi fullan málskostnað.

Stjórnvöld tilneydd til að gefa eftir

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, telur að stjórnvöld séu tilneydd til að heimila innflutning vegna skuldbindinga sinna í gegnum EES-samninginn. Hins vegar sé mikilvægt að fá inn kröfur sem Norðurlönd geri um vöru sem sé laus við salmonellu. Þá þurfi einnig að krefjast þess að fersk vara sé laus við kamfylobakter sem er ein algengasta orsök matarsýkinga. Bannað sé að selja ferskan innlenda kjúkling sem er sýktur af þessari bakteríu.

„Aukinn innflutningur mun augljóslega leiða til verðlækkunar á innlendu kjöti. Mér finnst vanta að bændum sé gerð grein fyrir í hvað stefni með nautakjöt því það er mjög áhættusamt að leggja í stórar fjárfestingar í unguneytandi og taka ekki tillit til þess að veruleg verðlækkun getur verið yfirvofandi,“ segir Steinþór.

Nautakjötsframleiðsla á Íslandi hefur tekið nokkrum breytingum síðustu ár. Árin 2014 og 2015 var áhersla kúabænda á mjólkurframleiðslu, enda eftirspurnin gríðarleg á þeim tíma og verð í samræmi við það. Eftir



Aukinn innflutningur mun að mati forstjóra SS augljóslega leiða til verðlækkunar á innlendu kjöti.

að eftirspurn eftir mjólk minnkaði og vandamál sköpuðust innan sauðfjárræktarinnar hafa sífellt fleiri horft til þess að framleiða nautakjöt sem aðal- eða hliðarbúgrein.

Ýmis atriði ýtt undir aukna framleiðslu

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir að bændur standi frammi fyrir miklum áskorunum verð innflutningur gefinn frjáls. Greinin hefur verið í talsvert mikilli sókn að undanförmu, innflutningur á fösturvisum af holdanautakyni frá Noregi hófst í fyrra og fyrstu kálfamir fæddust nú í september. EUROP kjötmat var tekið upp á síðasta ári og aukin umræða hefur verið um innlenda nautakjötsframleiðslu og vitundarvakningu meðal neytenda um uppruna matvæla. Þá hafi erfiðleikar innan sauðfjárræktarinnar leitt til þess að einhverjir hafa fært framleiðslu sína yfir í nautakjöt. Þessar breytingar hafi líklega haft



Steinþór Skúlason.

áhrif á aukna framleiðslu samhliða breytingum á búvörulögum sem fela í sér aukinn styrk við nautakjötsframleiðslu, miðað við fyrri samning. Þessi atriði hafi aukið meðvitund um að það væru fölgin tækifæri í nautakjötsframleiðslu hér á landi.

Stefnumótun fyrir hvora grein

Margrét segir að Landssamband kúabænda sé nú að koma fram með stefnumótun til 10 ára. Sú nýbreytni sé í þeirri stefnumótun að nú sé í fyrsta sinn gerð aðskilin stefnumótun fyrir mjólkurframleiðslu annars vegar og nautakjötsframleiðslu hins vegar.

„Við ákváðum að gera þetta hvort í sínu lagi, og við ræddum við fólk alls staðar í virðiskeðjunni, bændur, verslun, heildsala, innflutningsaðila, matreiðslumenn og framleiðendur, svo einhverjir séu nefndir,“ segir Margrét.

Þetta sé liður í því að gera nautakjötsframleiðslu herra undir höfði sem búgrein og efla fagmennsku innan greinarinnar. „Það er alveg óhætt að segja að í mörgum tilfellum hefur verið litið á nautakjötsframleiðsluna einungis sem hliðarafurð við mjólkurframleiðsluna, en því viljum við breyta. Aðrir eru að standa sig gríðarlega vel og leggja mikinn metnað í kjötfarmleiðsluna,“ segir Margrét.

Hún segir að aukni tollkvótar og almennar launahækkar í landinu séu meðal þeirra ógna sem nautakjötsframleiðendur

viljum – þá er ekki hægt að fara á sama tíma fram á að varan sé sem ódýrust. Sé okkur ætlað að keppa við vörur sem framleiddar eru undir allt öðrum kringumstæðum en eru hér á landi þá þarf hið minnsta að upplýsa neytendur um uppruna og framleiðsluferli vörunnar því lágt verð kemur alltaf niður einhvers staðar,“ segir Margrét.

Framleiðsluferlið er oft þannig að það er ekki alltaf hægt að ganga úr skugga um hvernig aðstæður dýranna, og þeirra sem starfa við að meðhöndla dýrin og afurðirnar, eru.

Telur neytendur standa með bændum

Bessi Freyr Vesteinsson, bóndi í Hofstaðaseli í Skagafirði, segir að bændur í nautakjötsframleiðslu séu ugðandi yfir stöðu greinarinnar og að það sé áhyggjuefni að þegar starfsfólk í afurðastöðvum fái lögbundnar launahækkarir þá þurfi að sækja þær kostnaðarhækkarir til bænda.

„Verð til bænda fyrir nautakjöt hefur lækkað um 5–7% á árinu. Verðþrýstingur vegna innflutnings og kostnaðarhækkunar hjá sláturhúsum og úrvinnsluadílum þurrka í mörgum tilfellum út launalið bænda í nautakjötsframleiðslu,“ segir Bessi.

Vitund neytenda um uppruna matvæla hefur aukist umtalsvert og telur Bessi að upplýstir neytendur standi með íslenskri framleiðslu og kjösi hana. Jafnframt segir hann að standa þurfi vörð um tollavernd og leita leiða til hagræðingar meðal afurðastöðva.

„Það eru nóg verkefni fram undan við að standa vörð um greinina, bændur eru áhugasamir um að bæta framleiðsluna, aðstöðu og aðbúnað dýranna og eru vakandi fyrir tækifærum íslenskrar matvælaframleiðslu. Ef stjórnvöld standa ekki í lappirnar varðandi óheftan innflutning á nautakjöti þarf greinin að fara fram á mótvægisáðgerðir, mögulega aukinn stuðning við greinina. Greinin getur ekki keppt við óheftan innflutning á kjöti sem framleitt er undir öðrum kringumstæðum en hér. Tollverndin er því afar mikilvæg,“ segir Bessi Freyr.

Mikið framboð af nautakjöti í heiminum

Þurrkar í Evrópu og óstöðugt veðurfar í Suður-Ameríku hefur ýtt undir framboð á nautakjöti á heimsmarkaði. Lönd eins og Þýskaland og Noregur og fleiri lönd í Evrópu hafa neyðst til að fækka gripum hjá sér í kjölfar uppskerubrests og þurrka sem geisðuð á svæðinu í sumar. Á sama tíma hafa aðföng hér á landi hækkað undanfarið vegna uppskerubrestsins. Má að mestu leyti rekja þær hækkarir til veikingar krónunnar. Þetta hefur ekki auðveldað bændum lífið og sér í lagi haft áhrif á þá sem eru að feta sín fyrstu spor innan greinarinnar.

Samkvæmt tölum MAST hefur framleiðsla á nautakjöti hér á landi aukist um 3,5% sl. 12 mánuði og sala um 4%. Framleiðslan er um 4.755 tonn. Í tölum Hagstofunnar má sjá að innflutt nautakjöt nam um 1.421 tonni árið 2017 og 1.123 tonnum árið 2016 (kjöt með beini). /BR

Gunnar Sæmundsson
GUNNAR Í HRÚTATUNGU

Hér segir frá unglíngnum sem var of enfalitill til að komast í Héraðsskólann á Reykjum. En einnig vormanni í upprisu sveitanna.

SÆMUNDUR



Mikil óánægja hefur verið meðal íbúa í Húnaþingi með meint ráðleysi við úrbætur á veginum um Vatnsnes.

Vegurinn um Vatnsnes: Reiðgata eða hraðbraut?

Ástand vegar 711 um Vatnsnes var til umræðu á íbúafundi sem haldinn var á Hótel Hvítserk nýverið en yfir 80 manns mættu á fundinn, þar á meðal var Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Hlýddi hann á framsögur fulltrúa sveitarstjórnar Húnaþings vestra og íbúa svæðisins og fór yfir samgönguáætlun. Nefndi hann lið í henni sem mögulegt væri að nota til framkvæmda á Vatnsnesvegi eða svokallaðan tengivegapott.

Búið að úthluta úr tengivegapotti

Á vef Húnaþings vestra er sagt frá fundinum, en framsögumenn auk ráðherra voru Ingvaldur Ása Konráðsdóttir, formaður byggðarráðs Húnaþings vestra og Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, fulltrúi íbúa. Fram kemur á vef sveitarfélagsins að nokkur von hafi myndast meðal íbúa um úrbætur á veginum, en í blálökin þegar slíta átti fundi hafi fulltrúi Vegagerðarinnar staðið upp og greint frá því að ekkert yrði af því sem ráðherra talaði um, Vegagerðin væri búin að úthluta tengipottavegi fyrir Norðurland næstu þrjú ár. Ef til vill yrði hægt að nýta einhverja smáaura í verkefnið að þeim liðnum. Einnig nefndi Vegagerðarfulltrúinn að ekki væri hægt að fara í framkvæmdir nema ýrustu öryggisstöðlum væri fullnægt með fullri sjö metra vegbreidd og það væri of kostnaðarsamt.

„Er þá algjört öryggisleysi í 20–30 ár betra en að lagfæra veginn í samræmi við það sem þekkist í dreifbýli erlendis, þ.e. 1½ vegbreidd og minni vegflái? Samkvæmt þessu virðast valkostirnir vera annaðhvort reiðgata eða hraðbraut!“ segir á vef Húnaþings vestra. /MPÞ



Bændur athugið!

Við minnum á að lokafrestur til að panta KUBOTA heyrinnuvél á áramótatilboði okkar er **31. desember næstkomandi**.

Þeir sem panta vél fyrir þann tíma fá hana samsetta og keyrða heim á hlað sér að kostnaðarlausu.

Einnig er vert að ítreka það, að með því að panta vél tímanlega er tryggt að hægt verður að afhenda hana á réttum tíma fyrir slátt á komandi sumri.

Verðlista yfir KUBOTA heyrinnuvélar var dreift inn á sérhvert lögbýli landsins í lok október. Hafi hann ekki borist þér getur þú haft samband við sölumenn okkar og fengið hann sendan um hæl.

Einnig er hægt að hlaða honum niður á heimasíðu okkar, www.thor.is eða á Facebook síðu landbúnaðardeildar: Þór hf. - Landbúnaður



Þ Ó R H F

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnesi 8
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



NILFISK RYKSUGA ER GÓÐUR VINNUFÉLAGI



VU 500
RYKSUGA
Vörunr. 120115



GD5
BAKRYKSUGA
Vörunr. 113415



VP 300
RYKSUGA
Vörunr. 112626

Pantanir í síma
515 1100 og
pontun@olis.is

Nilfisk fæst í Rekstrarlandi, Vatnagörðum 10. Þetta danska vöruerki þekkja flestir enda gæðaryksugur sem hafa þjónað íslenskum heimilum dyggilega í áratugi. Komdu og skoðaðu Nilfisk ryksugurnar og úrvalið af fylgihlutum, hausum, börkum og ryksugupokum.

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.



FRÉTTIR



Einar Geir með vænan lax. Það er gott að lesa góða veiðibók til að fá fróðleik fyrir næsta veiðitímabil. Mynd / María Gunnardóttir

Veiðimenn fara ekki í jólaköttinn

„Það er töluvert í boði fyrir veiðimenn fyrir þessi jól, allavega tvær mjög góðar jólabækur um veiði og töluvert líka um veiði í bókinni um Gunnar í Hrutatungu,“ sagði veiðimaður sem aðeins hefur kíkt á veiðibækurnar svo veiðimenn fari ekki í jólaköttinn þetta árið.

Veiðibókum hefur samt fækkað síðustu árin, en er kannski aðeins að fjölga aftur sem betur fer. Bókin „Eins og skot“ er handbók um skotveiði, hleðslu þeirra, notkun og

virgni eftir Böðvar B. Þorsteinsson. Það er afbragðsbók upp á næstum 600 síður og hrein snilld.

„Undir sumarhimni“ er önnur bók af veiðiskap eftir Sölva Björn Sigurðsson. Hann virðist bara skrifa þykkar bækur og kjarnmiklar. Gott að koma sér í veiðigirinn fyrir næsta tímabil með því að lesa hana. Síðan er Gunnar Sæmundsson, bóndi og veiðimaður, með flotta bók og þar er töluvert um veiði og flottir fiskar í henni. Kjarngóður lestur af bökkum Hrutafjarðarar.

Leiðrétting

Í síðasta Bændablaði birtist þessi mynd í þættinum Hlunnindi & veiði undir textanum Vaskir veiðimenn á rjúpu fyrir skömmu fyrir norðan. Þar láðist að geta höfundar myndarinnar. Hann heitir Hörður Jónsson og er sjálfur rjúpnaskytta með meiru. Er Hörður beðinn velvirðingar á þessum mistökum.



KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



KLEFAR

Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.

Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.

HILLUR

fyrir kæli- & frystiklefa.

Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



María Gunnarsdóttir á Bláhæðinni á Holtavörðuhéðinni.

Mynd / G.Bender

Margir fengið vel í soðið á rjúpunni



Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

„Ég held að margir hafi fengið vel í soðið, allavega hefur maður heyrt það, þrátt fyrir

rysjótt veðurfar,“ sagði Ingólfur Kolbeinsson, Vesturröst, er rjúpnaveiðar bar á góma fyrir skömmu.

„Við fórum á Holtavörðuhéðina og ég fékk nokkrar rjúpur í matinn. Maður veit ekki með tölur, held samt að þetta sé ekkert minni veiði en í fyrra, allavega heyrir maður

það á mönnum,“ sagði Ingólfur enn fremur.

Það er erfitt að segja til um tölur, veiðimenn eru margir óhressir og vilja breytt fyrirkomulag á veiðiskapnum, það er ekkert skritið. Þetta fyrirkomulag hentar verulega illa og rekur menn á fjöll í hvaða veðri sem er. Það er bara alls ekki gott.

Mýrarkvísl gaf 1.262 urriða

Lokatölur í Mýrarkvísl 2018 voru 83 laxar og 1.262 urriðar. Við tókum tal af Matthíasi Hákonarsyni leigutaka til að spyrja aðeins nánar út í veiðina.

„Jú, laxveiðin í sumar var langt frá því sem Mýrarkvíslin getur gefið, við erum að tala um á sem fór hæst í tæpa 500 laxa. Þessi veiði fylgir hins vegar bara því sem hefur verið að gerast á Norðurlandinu en það vantaði smálaxagöngur í sumar. Áin var hins vegar í mjög góðu vatni í allt sumar og hjálpaði það, þrátt fyrir að göngur hafi ekki verið mjög kröftugar.

Einnig höfum við verið að hjálpa ánni með því að laga merktar veiðistaði sem voru hættilir að gefa og hafði það mjög góð áhrif á veiðina og tryggði okkur dreifðari veiði en oft áður. Það var sérstaklega gaman að skoða veiðitölur og sjá skráða veiði á stöðum sem hafa ekki gefið veiði síðustu 10 ár. Veiðin yfir sumarið var frekar mikið kropp en svo komu svaka skot í seinni helmingi ágúst og september sem lyftu tölunum í



Ragna Sif Gunnarsdóttir með flotta lax úr Mýrarkvíslinni í sumar. Mynd / Matti

lokin. Það góða við Mýrarkvíslina er að það er svo mikil urriðaveiði að veiðimenn geta leikið sér með þurrflugu ef laxveiðin er strembin en

að sama skapi þegar menn einbeita sér að urriðaveiði með þurrflugu veiðast ekki margir laxar á meðan,“ sagði Matthías enn fremur.

Stofnun Íslensku fluguveiðiakademíunnar

Fish Partner hefur stofnað Íslensku fluguveiðiakademíuna. Akademían er fræðslumiðstöð sem hefur það markmið að miðla þekkingu og reynslu til áhugamanna um veiði.

Markmiðin eru einnig að auka nýliðun í fluguveiði með áherslu á börn og ungmenni og hópa sem eru í minnihluta í sportinu. Stofnun Akademíunnar er svar eigenda Fish Partner við lítilli nýliðun á undanförmum árum og takmörkuðu



framboði af veiðitengdri fræðslu hér á landi.

„Þetta eru stórtíðindi í veiðiheiminum,“ sagði veiðimaðurinn Gunnar Örn Petersen í samtali

við Bændablaðið. Kjarnastarfsemi Akademíunnar er námskeiðahald og fyrirlestrar. Nú þegar liggur fyrir þétt dagskrá af námskeiðum og fyrirlestrum í vetur og eru þónokkur til viðbótar í þípunum. Akademían er í samstarfi við Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.

Þetta er það sem hefur vantað þó þetta hafi reyndar verið reynt áður, en kannski ekki í svona stórum sniðum, og verður spennandi að sjá hvernig tekst til.

Alsæll með veiðitúrinn

Það hafa margir farið skemmtilegar veiðiferðir í sumar og veitt vel. Veiðin í Elliðaánum var góð og það veiddust 960 laxar þetta sumarið, sem verður að teljast gott.

Hann Óskar Páll fór í veiðitúr með vini sínum í Elliðaánnar um mitt sumar. Laxinn var að sýna sig á flestölum stöðum í ánni og voru

þeir því mjög vongóðir að setja í. Þessi tók túpuna Kolskegg um miðjan dag og það reyndist eini lax dagsins. Drengurinn var alsæll og dásamlegt að sjá veiðibakteríuna grassera meira við hverja ferð. Stefnan er tekin á silung og jafnvel sjöbleikju á komandi sumri og eftirvæntingin mikil.



Fjör við Elliðaánnar fyrr í sumar en árnar gáfu 960 laxa þetta sumarið.

ERTU BÚIN AÐ TRYGGJA ÞÉR GARÐHÚS EÐA GESTAHÚS

á gamla verðinu og með 10% aukaafslætti?
Gildir meðan birgðir endast

Sjá nánar á heimasíðunni okkar volundarhus.is <http://www.volundarhus.is/Husin-okkar/Gardhus/>



völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

VH/18-04

ÞUNGLYNDI – KVÍÐI OG VANLÍÐAN

Margir þurfa einhvern tímann á lífsleiðinni að leita sér lækninga vegna þunglyndiseinkenna. Bændur eru þar engin undantekning.

Vanræksla búfjár, lítil starfsánægja, þreyta, frestunarárátta og sektarkennd getur snúist upp í mannlegan harmleik ef ekki er brugðist við í tíma.

Helstu einkenni þunglyndis eru meðal annars minni áhugi eða gleði við venjuleg störf og skemmtun, minni eða aukinn svefn, orkuleysi og breytt matarlyst.

Ráðlagt er að leita til læknis ef veikinda verður vart en greining fer fram með viðtali og skoðun. Möguleikarnir á að lækna af þunglyndi eru góðir og meðferð, svo sem lyfja- eða samtalsmeðferð, styttr sjúkdómstímabil og getur dregið úr einkennum.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



ER ÞITT BÚ
ÖRUGGUR
OG GÓÐUR
VINNUSTADUR?

STEEKUR

Vökustaurar

Ef marka má þjóðhátta-lyssingu Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili var aldrei keppst eins mikið við vinnu eins og fyrir jólin. Einkum var lagt kapp á að ljúka við ullarvinnu og þrjónaskap á jólafoðstunni.

Síðasta vikan fyrir jól var kölluð staurvika vegna þess að þá notaði fólk vökustaura til að halda sér vakandi. Staurarnir, eða augntepurnar, voru gerðar úr smáprikum ámóta stórum og eldspýtur en stundum var notað svokallað baulubein úr þorskhöfði eða eyruggabein úr fiski. Skorið var inn í beinið til háls en það haft heilt hinum megin og á það gerð lítil brotalöm og skinninu á augnlokinu smeygt inn í hana. Stóðu þá endarnir í skinnið og mjög sárt að loka augunum.

Jónas segir að húsbændur hafi stundum sett vökustaura á þá sem áttu erfitt með að halda sér vakandi við vinnu síðustu vikuna fyrir jól.

Við þótti til síðs að þrifa allt hátt og lágt fyrir jólin. Menn skiptu um nærföt og stundum var meira að segja skipt á rúmunum og mestu sóðar brutu jafnvel venjur sínar og voru hreinir og vel til hafðir um jólin.

Samkvæmt gamalli þjóðtrú lét guð alltaf vera þjóvið rétt fyrir jólin, til þess að fólk gæti þurrkað plögginn sín fyrir hátíðina og var þessi þurrkur kallaður fátækraþerri.

Til síðs var á mörgum býlum að fara í kaupstað fyrir jólin. Sumir fóru eingöngu til að sækja jólabrennivínskútinn til að eiga til hressingar.

Stundum var lagt út í mikla óvissu til að ná í jólaölið og kom fyrir að menn urðu úti í slíkum nauðsynjaferðum.

Á flestum bæjum var til síðs að slátra kind fyrir jólin til að eiga nýtt kjöt yfir jólin og mun kindin sú hafa verið kölluð jólaærin. Jónas segir að síðurinn hafi að mestu verið aflagður á Norðurlandi í sinni tíð en í fullu gildi á Vestfjörðum langt fram á hans daga.

Um jólaleytið eru allar ófreskur og illþýði á ferð og gera allt illt sem þau geta. Tröll og óvættir gengu um og voru Grýla gamla og jólasveinarnir hennar þar fremstir í flokki.

Ekki máti leika sér á jólanóttina, hvorki spila né dansa. Til er saga sem segir að einu sinni hafi tvö börn farið að spila spil á jólanótt. Kom þá til þeirra ókunnugur maður og fór að spila við þau, hann hvatti þau til að spila við sig fram eftir nóttu, eða þar til eitt barnið fór að raula sálmavers en þá hvarf maðurinn. Þar mun andskotinn sjálfur hafa verið á ferð.

Þegar búið var að sópa húsið gekk húsfreyjan í kringum það og bauð álfunum heim með orðunum: „Komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem veri vilja, fari þeir sem fara vilja, mér og mínum að meinalausu.“

Jólin hafa alltaf verið hátíð barnanna og var til síðs að þau fengu að borða fylli sína um hátíðina. Einnig þótti sjálfsagt að gefa þeim nýja flik svo þau færu ekki í jólaköttinn. Mörg börn fengu kerti og þótti það dýrðarstund að kveikja á kertunum og horfa á logann brenna út. /VH

NYTJAR HAFSINS



Frystitogarinn Guðmundur í Nesi RE er gerður út á grálúðu árið um kring og veiðir um fjórðung af öllum grálúðuafla Íslendinga.

Mynd / af vefnum brimhf.is

Fiskur sem fáir hafa smakkað


Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Stærstur hluti Íslendinga hefur aldrei lagt sér grálúðu til munns. Samt er hún mikilvægur nytjafiskur sem færir þjóðarbúinu drjúgar tekjur, nánar tiltekið hátt í 10 milljarða króna árlega síðustu árin. Reyndar er grálúðan einn verðmætasti nytjafiskurinn á Íslandsmiðum miðað við afurðaverð reiknað út frá hverju kíló hráefnis upp úr sjó.

Hvítlúðu, sem við í daglegu tali köllum yfirleitt bara lúðu, þekkja allir enda vinsæll matfiskur svo langt sem elstu menn muna. Framboð á hvítlúðu hefur þó minnkað í seinni tíð eftir að lagt var bann við beinni sókn í hana. Frænka hvítlúðunnar, grálúðan, er hins vegar minna þekkt meðal almennings enda yfirleitt ekki í boði þar sem neyslufiskur er til sölu. Það er hreinlega ekki hefð fyrir neyslu grálúðu hérlandis.

Grálúða.
Það var ekki fyrr en árið 1969 sem Íslendingar fóru að eltast við grálúðu að gagni.



Veidisagan ekki löng


Reyndar eiga veiðar á grálúðu við Ísland sér ekki langa sögu. Þær hófust ekki fyrr en á sjöunda áratug 20. aldarinnar og voru nær eingöngu stundaðar af útlendingum, mest Austur-Þjóðverjum og Rússum. Afli þeirra náði hámarki árið 1967 þegar hann nam um 30 þúsund tonn. Hann minnkaði síðan jafnt og þétt niður í 10 þúsund tonn árið 1972. Það var ekki fyrr en árið 1969

Grálúðan er einn verðmætasti nytjafiskurinn á Íslandsmiðum miðað við afurðaverð reiknað út frá hverju kíló hráefnis upp úr sjó.

sem Íslendingar fóru að eltast við grálúðu að gagni og voru veiðar þeirra takmarkaðar allt til ársins 1977 þegar þær komust í 10 þúsund tonn. Afli okkar náði svo hámarki árið 1989 þegar hann komst í tæp 60 þúsund tonn en eftir það dró jafnt og þétt úr honum. Síðustu árin hefur afli íslenskra skipa verið 12–13 þúsund tonn.

Sameiginlegur stofn þriggja þjóða

Grálúðan finnst á norðlægum slóðum allt í kringum hnöttinn. Hana er að finna í Barentshafi, við Ísland, við Austur- og Vestur-Grænland og í Kyrrahafi (á ensku gengur grálúðan undir nafninu Greenland halibut eða Grænlandslúða). Stofninn sem við Íslendingar veidum úr heldur sig á svæðinu



hefur á 200–2.000 metra dýpi, sjaldan þó grynna en á 400 metrum. Merkingar sýna að grálúða flækist frá Íslandi til Barentshafs, Færeyja og Hjaltlands og frá Grænlandi til Íslands. Við Ísland hefur grálúða fundist allt í kringum landið en hún er þó sjaldsæð undan Suðurlandi. Mest er um hana í köldum djúpsjó, einkum undan Vesturlandi, en einnig úti af Norður- og Austurlandi. Mestur afli fæst djúpt vestur af Látrabjargi á svokölluðu Hampiðjutorgi en sú nafngift á rætur að rekja til mikils veiðarfæratjóns togara á upphafsárum veiða á þessu svæði. Hampiðjan sem veiðarfæraframleiðandi „naut góðs“ af þessu skarki og þaðan er nafngiftin komin. Að öðru leyti fæst grálúðuaflinn einkum í landgrunnskantinum norður af Vestfjörðum í svokölluðum Norðurkanti og í kantinum norðaustan- og austanlands allt suður á sunnanverðan Færeyjahrygg.

Það sem sagt hefur verið hér að framan er að mestu byggt á bókinni Sjávarnytjar við Ísland eftir Karl Gunnarsson, Gunnar Jónsson og Ólaf Karvel Pálsson fiskifræðinga og sömuleiðis á grein um grálúðuna eftir Viðar Helgason fiskifræðing sem birtist í tímaritinu Sjávarfréttum (3. tbl. 1990).

Nær allur aflinn fæst í troll og net

Botnvarpan er algengasta veiðarfærið á grálúðuveiðum og í hana veiddust 59% heildaraflans á síðasta fiskveiðiári. Grálúðuveiðar í sérstök grálúðunet hafa verið að aukast á liðnum árum og veiddust 38% aflans með þeim hætti. Samanlagt komu því 97% aflans í þessi tvö veiðarfæri en afgangurinn kom sem meðafli á línu og í rækjuvörpu.

Örfá skip veiða mest af aflanum

Grálúðuveiðar hafa þá sérstöðu

að örfá skip veiða bróðurpartinn af heildaraflanum. Þar er togarinn Guðmundur í Nesi RE í eigu Útgerðarfélag Reykjavíkur (áður Brims) í sérflokki en hann hefur verið gerður út á grálúðu árið um kring og veiddi 3.295 tonn af grálúðu á síðasta fiskveiðiári (miðað við slægðan fisk). Það var 24% af heildaraflanum sem nam 13.589 tonnum. Annað skip sömu útgerðar, Brimnes RE, veiddi 1.919 tonn af grálúðu á fiskveiðiárinu. Þessi tvö skip veiddu því rúmlega 38% af heildinni.

Grálúðuafl í net nam 5.620 tonnum á síðasta fiskveiðiári og veiddu þrjú skip 80% aflans. Þau voru Krístrún RE (1.944 tonn), Anna EA (1.402 tonn) oig Þórsnes SH (1.142 tonn).

Verðmætur fiskur

Eins og fram kom í upphafi er grálúðan einn verðmætasti nytjafiskurinn á Íslandsmiðum miðað við afurðaverð reiknað á hvert hráefniskíló upp úr sjó. Á árunum 2015 og 2016 var útflutningsverðið 790–870 krónur reiknað á þennan hátt en til samanburðar má nefna að samsvarandi verð á þorski var þá 380–410 krónur.

Árið 2016 nam útflutningur á grálúðu um 12.000 tonn, þar af fóru 88% til Asíulanda, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Víetnam var efst á blaði með um 3.100 tonn, en á eftir komu Japan með 2.700 tonn, Kína með 2.500 tonn, Hong Kong með 1.180 tonn og Taívan með 920 tonn.

Grálúðan af Íslandsmiðum er að langmestu leyti heilfryst um borð í frystiskipum á sjó. Þar er hún hausskorin og sporðskorin og eru hausarnir og sporðarnir líka frystir og seldir fyrir hátt verð. Hluti grálúðuaflans er unninn í frystihúsum í landi eða sendur ísaður utan í gámum.

Feitur fiskur

Grálúðan er mjög feitur fiskur en þannig fiskmeti fellur Asíubúum vel í geð. Íslendingar virðast hafa annan smekk og kannski af þeim sökum hefur þessi fisktegund ekki náð inn á matborð landsmanna þrátt fyrir aukna fjölbreytni í framboði á neyslufiski. Eða hreinlega að engum hafi dottið í hug að kynna þennan valkost fyrir neytendum.

Leyndardómar hafsins:

Rannsóknir á hvalakúk

Hópur líffræðinga og hvala-sérfræðinga mun á næstunni halda í sjö vikna leiðangur til hafsins umhverfis Suðurheimsskautslandið. Tilgangur leiðangursins er að safna sýnum af kúk bláhvalla og rannsaka áhrif kúksins á umhverfið.

Samkvæmt því sem haf-líffræðingur frá háskólanum í Liverpool segir er leiðangurinn mjög vel skipulagður og vonast er

til að safna miklu magni af sýnum í honum. Tilgátan sem gengið er út frá er að bláhvalakúkur gegni veigamiklu hlutverki í lífkeðju hafsins umhverfis Suðurheimsskautslandið.

Stærsta lífvera hafsins

Þeir sem til þekkja segja að ekki sé eins erfitt að safna hvalakúk eins og ætla mætti í fyrstu. Erfðasti hluti

leiðangursins er að hafa uppi á hvölunum. Næsta skref er að fylgja þeim eftir og vona að þeir kafi ekki of djúpt áður en þeir létta af sér.

Fjöldi bláhvalla í heiminum dróst saman um 95% vegna veiða í byrjun tuttugustu aldarinnar. Veiðar á tegundinni voru bannaðar 1966 og í dag er talið að milli 10 og 35 þúsund bláhvali sé að finna í hafinu og mestur er fjöldinn í hafinu umhverfis Suðurheimsskautið.



Hvalakúkur er járn- og næringarefnaríkur.

Bláhvalir er með stærstu lífverum sem lifað hafa á jörðinni, geta orðið meira en 30 metrar að lengd og 200 tonn á þyngd. Til þessa hafa rannsóknir á bláhvölum að mestu snúist um mökun þeirra og far en áhrif þeirra á umhverfi setið á hakanum.

Áburður fyrir plöntusvif

Vitað er að hvalakúkur er járn- og næringarefnaríkur og stuðlar að vexti sjávarbaktería og plöntusvifa sem eru undirstaða fæðukeðjunnar í hafinu og framleiða mikið magn súrefnis. /VH

TRYGG
Nøstet Kjetting as

Vertu viðbúinn vetrinum
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR
SNJÓKEÐJUR



Ný
hönnun

Hafðu samband og kynntu þér
vöruúrvalið og þjónustuna



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

MERINO ULLARNÆRFÖT

Mjúk og hlý nærföt í störf og leik
100% merino ull stærðir S - XXL



Kr. 5.990



Kr. 5.490

OLYMPIA

Vesturröst

Vesturröst - Laugaveg 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is

**Vagnar og stálgrindahús
frá WECKMAN Steel**



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



**RÚLLUVAGNAR –
LÖNDUNARVAGNAR**

Stærð palls 2,55 x 9,0 m




STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál
galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Hafliði Halldórsson hefur tekið við sem framkvæmdastjóri markaðsstofunnar Icelandic Lamb:

Höfum náð góðum árangri á Íslandi

– Áhugaverð útflutningsverkefni eru í deigluinni

Fyrir skemmstu tók Hafliði Halldórsson við stöðu framkvæmdastjóra hjá markaðsstofunni Icelandic Lamb af Svavari Halldórssyni. Markaðsstofan vinnur að því að auka virði sauðfjárafurða, meðal annars með markaðssetningu á erlendum mörkuðum og til erlendra ferðamanna á Íslandi.

„Starfið leggst bara vel í mig, þetta er spennandi verkefni og þarft líka að auka virði sauðfjárafurða okkar fyrir bændur og bara alla virðiskeðjuna. Það hefur margt gott gerst í þessum málum á þessum tæpum tveimur árum sem markaðsstofan hefur verið starfandi. Núna tekur við tími hjá mér þar sem ég þarf að komast til botns á öllu umfangi starfsins, öllum þeim verkefnum sem eru í gangi – og marka svo í framhaldi stefnuna um það hverju við breytum á næstu vikum og mánuðum,“ segir Hafliði.

Hafliði, sem er menntaður matreiðslumeistari, hefur starfað við hlið Svavars um tíma hjá Icelandic Lamb, auk þess sem hann hefur gegnt ábyrgðarstöðum fyrir fagfélög matreiðslumanna; meðal annars verið framkvæmdastjóri Kókkalandslíðsins. „Ég kem inn í þetta verkefni, í fullt starf, í mars 2017 sem verkefnisstjóri í því sem tengist veitingageiranum, til að mynda smásölu, vörubróun og aðstoð við útflutningsverkefni. Ég hafði hins vegar tengingu við verkefnið áður en það varð til, því ég var ráðgjafi fyrir stofnun þess. Þegar starf markaðsstofunnar var að mótask tók ég líka þátt í fyrstu samningagerðinni fyrir hana við fyrstu veitingahúsin – í raun áður en hún var formlega stofnuð. Þá var þetta tilraunaverkefni rekið af Markaðsráði kindakjöts, sem skilaði strax árangri sumarið 2016, með aukinni sölu á lambakjöti innanlands.“

Alinn upp á sauðfjárbúi

„Ég hef eiginlega alltaf starfað við mat. Ég ólst upp á sauðfjárbúi í Ögri í Ísafjardardjúpi og þekki því vel út á hvað slíkur búrekstur gengur og hvaða áskorunum bændur standa frammi fyrir. Þessi grein þarf nauðsynlega að ná vopnum sínum og viðspyrnu í verðmyndun.

Ég hef starfað á ýmsum sviðum matvælaframleiðslu; allt frá fiskvinnslu á unglingsárum, sjómennsku og rúmlega tvítugur var ég kominn í matreiðslunám. Leiðist svo frá henni út í markaðs- og söluumhverfi síðar. Ég nýt þess auðvitað að vera vel skólaður í matreiðslu og því að meta gæði hráefna og get sagt að við erum með einstakt hráefni í lambakjötinu okkar – afurð sem er einstök að gæðum.

Sagan á bak við framleiðsluna, íslenski sauðfjárbúskapurinn, er svo líka einstök – þessi tiltölulega smáu fjölskyldubú og þessi frjálsa beit á villtum gróðri þar sem dýrin velja sér sína fæðu. Við þurfum ekki annað en að líta til nágrannabjóðanna okkar á Norðurlöndum til að sjá að þessir búskaparhættir eru nánast horfnir.

Nú er það orðinn miklu stærri hluti ferðabjónustu og veitingahúsareksturs að segja sögu af vörum sem eru í boði – og þar passar lambakjötið svo vel inn. Þeir sem vilja vera meðal þeirra bestu á þessum vettvangi – og vinna að auknu virði sinnar vöru og þjónustu – þurfa að geta sagt frá því hvar varan sé, hvaðan hún kemur, hver sagan hennar er og sérstaða. Við hjá Icelandic Lamb hjálpum þessum aðilum, sem eru í samstarfi

við okkur, um markaðsefni og upplýsingar til að geta miðlað sögunni til viðskiptavina sinna – og uppruna- og gæðavottanir eru hluti af því.

Út úr slíkum búskap – sem geymir svo áhugaverða sögu – koma svo afurðir sem eru einstakar að bragðgæðum. Þetta eru einfaldlega afurðir sem eiga að vera flokkaðar með því besta sem þekkist og verðlagðar sem slíkar. Það má auka sjálfstraustið í virðisheðjuna, alveg frá bændum í gegnum afurðastöðvakerfið og áfram, þannig að þessar vörur séu verðlagðar eins og þeim hæfir,“ segir Hafliði.

Icelandic Lamb sprettið úr búvörusamningum

Að sögn Hafliða má forsögu Icelandic Lamb að vissu leyti rekja til ráðningar Svavars Halldórssonar sem framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) um vorið 2015. Hann hafi átt þátt í því, ásamt fulltrúum Bændasamtaka Íslands (BÍ) og LS, að setja kröfugerð inn í sauðfjárluta búvörusamninganna sem voru gerðir 2016 um að koma á fót markaðsstofunni Icelandic Lamb með það verkefni að auka virði sauðfjárafurða. „Niðurstaðan varð síðan sú að Icelandic Lamb fær fjármögnun til tíu ára, frá ársbyrjun 2017 og út árið 2026,“ segir Hafliði.

„Eftir þessum formerkjum vinnum við og horfum bæði á matarhlutann en líka hönnunar- og handverksþáttinn, sem aðallega snýst um vinnslu á ull og hönnun á vörum úr henni. Þar er hægt að sækja fram líka og auka virði ullarafurðanna.

Starfið hér innanlands í markaðssetningu á lambakjöti hefur ekki síst snúist um samstarf við veitingahús. Ég held að nokkuð góður árangur hafi náðst á því sviði. Við erum nú í samstarfi við 170 veitingahús. Okkar verkefni í þessu samstarfi er í raun bara að selja mynd lambsins og afurða þess undir gæðamerkjum okkar og skjöldurinn okkar stendur fyrir,“ segir Hafliði um innanlandsstarfið.

Markaðsráð kindakjöts rekur Icelandic Lamb

„Við erum líka í samstarfi við sláturleyfishafana, BÍ og LS – enda mynda fulltrúar þessara aðila Markaðsráð kindakjöts sem rekur Icelandic Lamb,“ segir Hafliði um tengslin við Markaðsráð kindakjöts. „Í samstarfi við þessa aðila vinnum við að því að auka gæðavittundina um sauðfjárafurðirnar og auka gæði afurðanna með betri meðhöndlun á þeim.

Í útflutningsverkefnunum stefnum við á að gera okkur enn frekar gildandi við markaðssetningu á erlendum mörkuðum en einnig að vinna að áðurnefndum gæðamálum í tengslum við þessi verkefni. Við erum til dæmis núna að vinna að því að uppfæra vörulýsingar og uppfærsla á vöruhandbók fyrir útflutning á lambakjöti er á verkefnalista.

Þau útflutningsverkefni sem eru komin hvað lengst eru í Japan og Þýskalandi.

Vanalega eru þessi útflutningsverkefni þríhliða; útflutningsaðili hér heima, ein afurðastöð eða fleiri, og innflytjandi á erlendan markað en þessir aðilar gera samning sín á milli um viðskiptin. Við erum svo þriðji aðilinn í þessu samstarfi og við gerum samning við innflutningsaðilann um notkun á merkinu okkar og



Hafliði Halldórsson segir að starf framkvæmdastjóra markaðsstofunnar Icelandic Lamb leggist vel í sig. Gott starf hafi þegar verið unnið og málstaðurinn sé góður; að auka virði sauðfjárafurða fyrir bændur og alla virðisheðjuna. Útflutningsverkefni verða fyrirferðarmikil á næstu misserum.

Myndir / smh



Una Hildardóttir, Guðrún V. Steingrímsdóttir, Ninja Ómarsdóttir og Hafliði.

Starfsemi Icelandic Lamb

Markaðsstofan Icelandic Lamb var stofnuð haustið 2016. Hún vinnur að framkvæmd verkefnisins Aukið virði sauðfjárafurða samkvæmt 10. gr. samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar. Á þessum tíma hefur verið unnin umfangsmikil greiningar- og undirbúningsvinna til að kanna möguleika á eða styðja við markaðssetningu á íslensku lambakjöti, meðal annars í Kína, Kanada, Þýskalandi, Frakklandi, Benelúx-löndunum, Japan, Norðurlöndunum og Bandaríkjunum.

Starfsmenn Icelandic Lamb eru í dag fjórir alls í þremur stöðugildum; framkvæmdastjórinn Hafliði Halldórsson, Guðrún Vaka Steingrímsdóttir lögmaður, Una Hildardóttir upplýsingafulltrúi og Ninja Ómarsdóttir, verkefnastjóri hönnunar og handverks. Um áramót bættist við verkefnastjóri vegna samstarfs við veitingageira og útflutningsverkefni.

Markaðsstofan vinnur að verkefnum úr 10 ára stefnu Landsambands sauðfjárbænda sem er framsækin og metnaðarfull, þar hafa þegar komið til framkvæmda bann á erfðabreyttu fóðri „GMO“, verndun á afurðaheitinu „íslenskt lambakjöt“, sem er fyrsta verndaða afurðaheitið á Íslandi, og undirbúningur að kolefnisjöfnun greinarinnar hafinn.

Markaðsstofan framleiðir mikið af sameiginlegu markaðsefni sem nýtt er bæði við markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum og í útflutningsverkefnum. Þá er unnið að gagngerri endurskoðun á vörulista, vörulýsingum, sameiginlegum pakkingum og ýmsu fleiru.

Salan til Japans hefur verið vaxandi og íslenskt lambakjöt er komið á matseðla yfir 100 japanskra veitingastaða. Þá hefur vörubróunarverkefni með framparta á þann markað skilað góðum árangri og líkur á miklum virðisauka til framtíðar.

Fyrir fáeinum vikum var gengið frá samningi við þýskan samstarfsaðila um sölu og markaðssetningu á íslensku lambakjöti í Þýskalandi, Austurríki og Frakklandi.

Um nokkurra ára skeið hefur ferskt lambakjöt verið selt til Whole Foods-verslunarkeðjunnar í Bandaríkjunum á hverju hausti. Sú sala hefur numið 150 til 200 tonnum á ári.

Í vottunum og öðrum verkefnum fyrir greinina er unnið að því að fá PDO-vottun frá Evrópusambandinu og vottun frá NON GMO project, sem staðfestir að ekki er notað erfðabreytt fóður í íslensku sauðfjárrækt.



markaðsefninu – til að styðja við markaðsstarfið. Við setjum stefnuna á næsta ári að setja meira púður í þessa útflutningsaðstoð og fáum inn í janúar næstkomandi nýjan starfsmann, Andrés Vilhjálmsson, sem nú starfar hjá Kjarnafæði, til að sinna þeim málum ásamt vinnu við samstarf við innlenda samstarfsaðila svo sem veitingahús.“

Áhugaverð útflutningsverkefni

Hafliði segir að á árunum 2015 til 2016 hafi verið farið í ákveðnar markaðsgreiningar til að finna út vænlega erlenda markaði til að hasla sér völl á. „Uppleggið þar var að horfa til markaða þar sem menningarmunurinn væri ekki mikill miðað við Ísland, ákveðin kaupgeta væri til staðar auk þekkingar og áhuga á Íslandi. Þá beinast augun strax að Norður-Evrópu þar sem Þýskaland verður strax vænlegur kostur – ekki síst út af þeim gríðarlega Íslandsáhuga sem þar er. Norður-Ameríka þýkir sömuleiðis mjög áhugaverður kostur.


Japan skaut svo nokkuð óvænt upp kollinum, þar er gríðarlega kröfuharður markaður sem skilur og þekkir gæði matvæla. Umsagnir um lambið okkar þar eru þess eðlis að það verður mjög spennandi að fylgjast með framvinnu á þeim markaði.

Ég mun halda áfram að byggja á þeim góða grunni sem hefur verið lagður í þessu verkefni, ég er það nýtekinn við að það er í mörg horn að líta til að átta sig fyllilega á stöðunni í ýmsum málum. Mörg af þeim verkefnum sem við erum að vinna í eru skammt á veg komin og þarf að fylgja eftir. Vægi útflutnings mun þó vafalaust aukast í minni stjórntíð þar sem ágætt verk hefur þegar verið unnið hér heima – en þó þarf að halda áfram vel utan um þau samstarfsverkefni sem við erum í nú þegar við veitingahúsin og í smásöluinni.

Besta verðið sem fæst í dag fyrir sauðfjárafurðirnar er einmitt á veitingahúsunum á Íslandi og þess vegna er mjög mikilvægt að rækta og þróa það samstarf enn frekar,“ segir Hafliði.

/smh

Garð hani



BEULCO®

Rennandi vatn allt árið - í garðinum

- Garðhanann þarf að setja upp á frostfríu svæði, 80cm niður í jörðina.
- Allar leiðslur að honum verður að leggja undir frostlínu.
- Við tæmingu á vatni úr Garðhananum, skal láta vatn renna út í jarðveginn. Hentugur jarðvegur í kringum vatnstæmingarboxið er mól sem tekur vel við vatni.
- Áður en frosta-tími hefst skal snúa Garðhana lokanum í „closed“ stöðu til að tæma leiðslur niður í frostfritt svæði.
- Á frost-tíma, eða ef frosthætta er, skal snúa Garðhana lokanum í „closed“ stöðu eftir hverja notkun. Þessi aðferð gerir þér kleift að nota rennandi kranavatni í frosti - allan veturinn.
- Til þess að afrennsli sé virkt, skal aftengja slöngur og aðra tengihluti sem geta komið í veg fyrir vatnstæmingu.

Með allt á hreinu í tæpa öld

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dröghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Greiðum 25.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581 4138.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

VÍKURVAGNAR EHF.

HESTAKERRUR - GRIPAVAGNAR



HESTAKERRA

HB 610 - FYRIR 5-6 HESTA

VERÐ

2.490.000 með vsk.

GRIPAFLUTNINGAKERRA

TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA

VERÐ - 1.620.000 með vsk.

TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI

VERÐ - 1.895.000 með vsk.

TA 510 - FYRIR 5-6 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI

VERÐ - 1.995.000 með vsk



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík

Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

KARL JEPPESEN
FORNAR HAFNIR
STYRIR ALDANNA HAF

Karl Jeppesen
FORNAR HAFNIR

Ljósmyndir og frásagnir af 160 verstöðvum á Íslandi. Ferðalagið hefst á Horni og síðan liggur leiðin allt í kringum landið. Áningarstaðirnir eiga það allir sameiginlegt að þaðan reru forfeður okkar í landinu til fiskjar.

SÆMUNDUR

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

HÖRKUTI RÖÐ!



Aukahlutapakkar að verðmæti 500.000 til 1.000.000 kr. með 50% afslætti!

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

Mitsubishi L200 4x4 er byggður á heilli grind, með hátt og lágt drif, dráttargetu upp á 3,1 tonn og 450 Nm togkraft. Nú færðu þennan vinsæla pallbíla hörkutílbóði og getur valið um þrjá aukahlutapakka frá 500.000 til 1.000.000 kr. með 50% afsl. Val um 33" upphækkun, vandað pallhús, styrkt palllok og hlífðarpakka. Komdu og nýttu þér þetta frábæra tilboð. Hlökkum til að sjá þig!

Mitsubishi L200 4x4

Verð frá:

4.990.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi
HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

FRÉTTASKÝRING

Efnahagslegt virði lax- og silungsveiða er einungis 9% af virði landbúnaðar á Vestfirðum:

Lax- og silungsveiðar skipta Vestfirðinga litlu en miklar væntingar eru bundnar við laxeldi í sjó

— Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um virði lax- og silungsveiða er innlegg í heitar umræður um fiskeldi

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Tölur úr skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um virði lax- og silungsveiða í síðasta Bændablaði vöktu mikla athygli. Þar var sjónum m.a. beint að landbúnaði á Vesturlandi þar sem lax- og silungsveiði er að skila 69% af efnahagslegu virði greinarinnar. Þetta er hreint ótrúlega stórt hlutfall, en þegar lítið er til annarra landshluta blasir við dálítið önnur mynd, einkum er varðar Vestfirði.

Skýrsla Hagfræðistofnunar um virði lax- og silungsveiða er sannarlega öflugt innlegg í hörð átök á milli veiðiréttarhafa og þeirra sem vilja heimila laxeldi í sjó. Þar er leitast við að meta hverju mögulega væri verið að fórna ef slyasleppingar úr laxeldiskvíum myndu leiða til erfðablöndunar eldislax við þá laxastofna sem fyrir eru í ánum. Um það eru hins vegar mjög deildar meiningar og áhugavert að skoða skýrsluna til afar mismunandi mikilvægis lax- og silungsveiða eftir landshlutum og eins út frá vísindarannsóknum.

Mjög mismunandi efnahagslegur hagur af lax- og silungsveiði eftir landshlutum

Hvað Vesturland varðar virðist efnahagslegur hagur landbúnaðar að verulegum hluta snúast um laxveiðar, sölu veiðileyfa og þjónustu í kringum það. Sauðfjárrækt, nautgriparrækt, garðyrkja og akuryrkja er einungis að skapa um 31% af tekjum landbúnaðarins. Hefur Vesturland reyndar mikla sérstöðu á landsvísu hvað lax- og silungsveiði varðar.

Næstmesta virði lax- og silungsveiða sem hlutfall af virði landbúnaðar er á Austurlandi, eða 34%. Trúlega gæti þar mjög umsvifa laxveiði í Vopnafirði. Þá kemur allt Norðurland með 27%, Suðurland með 15%, Suðvesturland með 14% og Vestfirðir reka lestina með 9%. Í tölum Hagfræðistofnunar eru teknir inn í myndina ýmsir afleiðir þættir af lax- og silungsveiði og metnir til verðmæta greinarinnar fyrir samfélagið. Margar þessara stærða eru byggðar á mati og útkoman áætluð út frá því. Stærðirnar sem þar eru nefndar eru því að töluverðu leyti byggðar á líkum, viðtölum og könnunum en ekki eingöngu grjóthörðum bókhaldsgögnum.

Óþarfa átök?

Þótt handhavar lax- og silungsveiðiréttinda hafi um árabil deilt hart á laxeldi í sjó, þá er laxeldi síður en svo nýtt af nálinni hér á landi. Deilurnar á milli þessara greina eru því sumpart dálítið hjákatlegar í ljósi sögunnar og í raun ættu þessar tvær greinar að geta haft með sér viðtæka samvinnu á vísindalegum grunni í stað þess að vera stöðugt að reisa múra og grafa skurði. Sennilega eru það þó peningahagsmunir á báða bóga sem þar villa mönnum sýn.

Reyndar er fróðlegt að skoða tölur Bygðastofnunar um vaxandi mikilvægi fiskeldis fyrir hagkerfi Vestfjarða. Áttíundaleyf af fiskeldi á Vestfirðum voru 65 milljónir króna árið 2008 en námu 1.075 milljónum króna árið 2017 og höfðu þær nær 17-faldast.

Landshlutar	Framleiðsluvirði landbúnaðar	Launakostnaður og hagnaður í landbúnaði	Tekjur veiðiréttarhafa	Tekjur veiðiréttarhafa og leigufélaga	Hlutfalla tekna veiðiréttar-hafa og leigufélaga af launakostnaði og hagnaði í landbúnaði
Suðvesturland	3.282	1.291,50	98	185	14%
Vesturland	5.626	2.214	946	1.518	69%
Vestfirðir	2.344	922,5	58	82	9%
Norðurland	14.065	5.535	779	1.500	27%
Austurland	3.282	1.291,50	175	435	34%
Suðurland	18.285	7.195,50	676	1.107	15%



Mikið hefur verið rætt um að laxeldiskvíar sem notaðar eru í sjó hér við land séu ekki nógu fiskheldar og leita verði annarra lausna. Kallað hefur verið eftir lokuðum kvíum og er það m.a. til skoðunar varðandi fiskeldi í Eyjafirði. Kínverjar hafa nú tekið í notkun fyrstu lokuðu úthafsfiskeldiskví sína sem á að vera algjörlega fiskheld. Kvíin, sem heitir Shelan 1, er eiginlega líkari stálbúri en fiskeldiskví. Hún er 180 metrar í þvermál og 35 metrar á dýpt, eða eins og hálfur Hallgrímskirkjuturn. Hún var smíðuð í Wuchang skipasmíðastöðinni og uppbyggð líkt og olíuborþallur. Er kvínni sökkkt undir yfirborð þar sem hún er staðsett á rúmsjó í Gulahafi um 130 sjómílur austur af borginni Rizhao í Shanding-héraði á austurströnd Kína. Hægt er að sökkva kvínni og láta hana fljóta á 4 til 50 metrum undir yfirborði sjávar þar sem öldugangs gæti ekki eins mikið. Í henni á að vera hægt að framleiða 1.500 tonn af laxi á ári. Samkvæmt upplýsingum Rizhao Wanzefeng Fishing Co. sem greint var frá í vefriti Salmon Business, er fyrstu laxauppskeru vænst í febrúar eða mars 2019.

Rannsóknir sýna að hafbeitarlax skilar sér mjög illa upp í ár

Einn angi í þessum málum sem sjaldnast er rætt um eru rannsóknir Veiðimálastofnunar á hafbeit í Ísafjarðardjúpi fyrir nokkrum áratugum. Velta má fyrir sér í ljósi þeirra rannsókna hvort áhættan af slyasleppingum úr laxeldi í sjó hafi eins afdrifarík áhrif og skilja mætti af umræðunni.

Í skýrslu Veiðimálastofnunar sem gefin var út í febrúar 1989 kemur m.a. fram um tilraunasleppingar í hafbeit, að hafbeitarlax var yfirleitt að skila sér mjög illa upp í ár við Ísafjarðardjúp. Raunar var árangurinn svo lélegur að menn gáfust upp á dæminu. Þar er greint frá niðurstöðum tilraunasleppinga í hafbeit hjá Blælaxi við Ísafjarðardjúp á árunum 1986 til 1987. Um það segir m.a.:

„Athugaður var mismunur á endurheimtum, annars vegar með hefðbundinni sleppingu úr sleppitjörn og hins vegar með því að flytja seiðin á báti 42 km vegalengd út Ísafjarðardjúp og sleppa á 66 fadma dýpi mitt á milli Bolungarvíkur og Jökulfjarða. Alls voru 3 laxastofnar notaðir frá 2 eldisstöðvum. Endurheimtur af seiðum sem sleppt var við utanvert Djúp urðu litlar (0-0,2%), en mun hærri frá seiðum sem sleppt var úr sleppitjörn [innst í Djúpinu] (0,15-4,2%). Endurheimtur voru mjög mismunandi eftir laxastofnum og eldisstöðvum. Bestar heimtur fengust af stofni Hafnardsár við



Ísafjarðardjúp skartar samkvæmt gömlum heimildum engum frægðarsögum af laxveiði í ám né vötnum. Myndir / HKR.

Ísafjarðardjúp (4,2%), en lakastar heimtur af stofni Stóru Laxár af Suðurlandi (0,15-0,30%).“

Þetta segir að laxaseiði sem sleppt var um eða fyrir utan mitt Djúp var hreint ekki að skila sér upp í ár innst í Djúpinu. Hins vegar veiddu sjómenn grimmt lax sem skilaði sér uppaxinn á sleppislóðina í miðju Djúpinu. Þann lax voru menn m.a. að veiða í snurvoð í Jökulfjörðum.

Niðurstöður í mótsögn við fyrri kenningar um ratvísi laxfiska

Í skýrslu Veiðimálastofnunar segir enn fremur um þessa tilraun sem gerð var 1986–1987:

„Niðurstöður sýna greinilega

að það er ekki vænlegt til árangurs að flytja seiðin um langan veg út í Ísafjarðardjúp til aukningar á endurheimtu. Seiði virðast þannig missa hæfileikann til að rata á upprunalegan aðlögunarstað. [...] Niðurstöður þessarar tilraunar og tilraunarinnar hjá Blælaxi eru á sömu lund. Laxar sem fluttir eru langan veg frá upprunastað og sleppt í sjó, skila sér ekki á upprunastaðinn. Það bendir til þess að gönguseiðin læri að þekkja gönguleiðina á útgöngunni og muni leiðina er þau snúa aftur sem kynþroska lax og eru þessar niðurstöður í mótsögn bæði við innprentunarkenninguna og fermónakeninguna um ratvísi laxfiska.“

Fram, kemur í skýrslunni að svipaðar tilraunir hafi verið gerðar á Faxaflóasvæðinu, m.a. í Kollafirði. Í þessum tilraunum voru notuð seiði sem upprunnin voru víða um land. Samkvæmt fullyrðingum um að erfðamengun geti átt sér stað í ám frá eldislaxi, ættu ummerkin að hafa komið fram í laxi víða á Vesturlandi. Þar af leiðandi mætti ætla út frá rannsóknum Veiðimálastofnunar að fullyrðingar um gamla upprunalega stofna í ám á Vesturlandi í dag séu í besta falli frekar vafasamar.

Laxeldi í sjó á sér langan aðdraganda

Þó átök veiðiréttarhafa og laxeldis-manna hafi oft og tíðum verið hörð, þá verður að horfa til þess að ákvörðun um að heimila laxeldi í sjó á sér langan aðdraganda og er búin að fara í gegnum gríðarlega umfangsmikið stjórnsýsluferli. Samt hefur ekki náðst að semja vopnahlé í þeim átökum og harðar ásakanir verið á báða bóga. Að hluta snýst þetta um tæknileg atriði og nú segjast sumir andstæðingar laxeldis í sjó geta sætt sig við það sem kallað er lokaðar kvíar. Landkvíar eru þó í hugum margra hin eina raunverulega lausn, en hún er margfalt dýrari en sjókvíaeldi, ásamt því að afköst og arðsemin yrði mun minni.

Íbúar eygja vonargætu í fiskeldinu í kjölfar blóðtöku vegna kvótakerfis

Um laxeldið var búinn til rammi og regluverk sem nú er unnið eftir. Samkvæmt því hefur verið ráðist í milljarða króna framkvæmdir og uppbyggingu, bæði á Austfirðum og Vestfirðum. Þetta var m.a. gert í ljósi þess hversu illa Vestfirðingar og hluti Austfirðinga fóru út úr innleiðingu kvótakerfisins 1984 og hinu frjálsa framsali kvóta sem tók gildi 1991. Það leiddi til gríðarlegrar blóðtöku fyrir byggðir á Vestfirðum og Austfirðum í formi fólksflóttasamfara óheyrilegri eignaupptöku sem verðfall fasteigna á svæðunum leiddi af sér. Úr því hefur aldrei verið

bætt, en íbúar sem búa á þessum stöðum í dag, eygja samt von um að ná þar einhverju til baka með uppbyggingu fiskeldis.

Fiskeldið virðist þó vera hálfgerð hálmastrá þegar horft er á viðbrögð opinberra stofnana og náttúruverndarsamtaka við leyfisveitingum vegna greinarinnar. Þess vegna upplifa íbúar á þessum svæðum gríðarlega höfnun af hálfu kerfisins og ekki bætir úr skák þegar sinnuleysi gagnvart samgöngu- og orkumálum bætast þar við. Það er því ekkert skritið að hinn venjulegi Vestfirðingur upplifi það sem beina árás á tilverurétt sinn þegar spjótum er beint jafn harkalega að fiskeldi á Vestfirðum og raun ber vitni.

Sóknaráætlun í fjallendum landsfjórðungins hlýtur að byggja á afrakstri sjávar

Svæði sóknaráætlunar Vestfjarða nær yfir 8.898 km², þar af eru 3.715 km², eða 41,8%, undir 200 metrum yfir sjó. Vestfirðir afmarkast af sjó nema á mjórri ræmu að sunnan, milli marka í botnum Gilsfjarðar og Bitrufjarðar á Ströndum. Mörk Strandabyggðar og Húnaþings vestra, áður Bæjarhrepps, eru þó upp frá Skarfatanga, við Bitrufjörð að sunnan. Ljóst er af þessu að möguleikar til landbúnaðar eru mjög takmarkaðir í þessum fjölliða landshluta. Fiskveiðar, fiskvinnsla og önnur nýting sjávarafurða hafa því alla tíð verið veigamikil undirstaða byggðar í fjórðungnum. Fiskeldi virðist því vera nokkuð rökrétt lausn.

Vestfirðir og Austfirðir skilgreindir sem fiskeldissvæði

Í skýrslu þróunarsviðs Bygðastofnunar frá 2017, sem ber heitið „Bygðaleg áhrif fiskeldis“, kemur fram að eldi laxfiska í sjókvíum var skilgreint með auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði. Þar var gefið út að helstu sjókvíaeldisvæði landsins yrðu á Vestfirðum, frá Patreksfirði norður í Ísafjarðardjúp, og á Austfirðum sunnan við Glettinganes. Öð auki er eldi heimilt í Eyjafirði og Öxarfirði, en ekki á öðrum stöðum.

Í lögum um fiskeldi nr. 71/20082 kemur fram að til starfsrækslu fiskeldisstöðva þurfi starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi frá Matvælastofnun. Hafnannsóknastofnun skal samkvæmt sömu lögum framkvæma burðarþolsmat fyrir sjókvíaeldisvæði og Skipulagsstofnun ákvarða um hvort sjókvíaeldi sé háð mati á umhverfisáhrifum hverju sinni.

Árið 2014 voru 11 fiskeldis-fyrirtæki á Vestfirðum að framleiða um 5.000 tonn af eldislaxi. Samkvæmt gögnum MAST nú 2018

eru níu fiskeldisfyrirtæki starfandi á Vestfjörðum og framleiða 11.470 tonn af laxi auk seiða. Þar er Arnarlax langstærst með um 10.000 tonna framleiðslu.

Miklar væntingar og vaxandi vægi laxeldis

Í skýrslu Byggðastofnunar segir síðan um væntingar og vægi laxeldis á byggðarlögin á Vestfjörðum: „Í Vesturbyggð og Tálkna-fjarðarhreppi hefur orðið aukning í útsvarstekjum og hafnargjöldum vegna aukinna umsvifa í fiskeldi. Í Vesturbyggð hillir í viðsnúning í rekstri hafnarsjóðs eftir erfið rekstrarár. Í Tálknafjarðarhreppi er nokkur fjöldi fólks tímabundið vegna uppbyggingar á tveimur seiðaeldisstöðvum. Í Ísafjarðarbæ er gert ráð fyrir að fjölgun starfa hafi bein áhrif á útsvarstekjur sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að þær tekjur fari í útgjöld og fjárfestingar við sjálfbærni sveitarfélagsins, uppbyggingu innviða vegna fleiri íbúa, byggingu leikskóla, skóla o.fl. Þá er gert ráð fyrir verulegum nýbyggingum á Suðurtanga á Ísafirði í tengslum við uppbygginguna. Gert er ráð fyrir að gatnagerðargjöld vegna þeirra framkvæmda geti numið 330 milljónum kr. og fasteignagjöld af þeim muni nema um 90 milljónum kr. á ári. Í Bolungarvík er eitt starf við undirbúning fiskeldis í sveitarfélaginu.“

Íbúaþróun snýst við vegna fiskeldis

Samkvæmt stöðugreiningu sem Byggðastofnun gerði fór byggðaþróun að snúast við um mitt ár 2010 á sunnanverðum Vestfjörðum vegna uppbyggingar í kalkþörungavinnslu og laxeldi. Fólksfækkun á norðanverðum Vestfjörðum hélt þó áfram til 2014 en hefur verið að snúast við á undanförnum árum og misserum í kjölfar áforma um mikla uppbyggingu í sömu greinum við Ísafjarðardjúp. Ferðaþjónusta sem miklar vonir hafa líka verið bundnar við hefur líka einhverju skilað en samt ekki því sem margir vonuðust eftir. Samkvæmt nýrri skýrslu Byggðastofnunar varð mesta aukning atvinnutekna á Vestfjörðum á tímabilinu 2008–2017 í fiskeldi.

Lax- og silungsveiðar hafa hverfandi áhrif á Vestfjörðum

Átökin um laxeldið hafa að stærstum hluta snúist um þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á sunnanverðum Vestfjörðum og fyrirhuguð áform um laxeldi í Ísafjarðardjúpi. Á þessum svæðum eru efnahagsleg áhrif af lax- og silungsveiði í ám og vötnum líka sáralítill. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar kemur einungis 9% hlutfall tekna veiðiréttarhafa og leigufélaga af launakostnaði og hagnaði í landbúnaði á Vestfjörðum úr lax- og silungsveiði. Þegar litið er til þess að einungis um 5% af landsframleiðslu kemur úr landbúnaði í fjórðungnum samkvæmt gögnum Byggðastofnunar, þá er ljóst að hverfandi hluti atvinnutekna Vestfirðinga skapast í lax- og silungsveiði. Sjávarútvegur á Vestfjörðum er aftur á móti að skapa 8% af landsframleiðslu. Til samanburðar var vægi landbúnaðar í atvinnutekjum á Vesturlandi 11%, þannig að heildarvægi lax- og silungsveiða í tekjuöflun þess svæðis í landsframleiðslunni er þá væntanlega um 7,5% á meðan stóriðjan á svæðinu er að skapa 15%.

Átök um laxeldi og uppruna laxastofna

Þetta eru óneitanlega athyglisverðar tölur þegar horft er til þess að virði lax- og silungsveiða hefur mjög



Patreksfjörður er einn þeirra staða á Vestfjörðum sem hafa verið að rétta úr kútnum við tilkomu uppbyggingar í fiskeldi eftir nær stöðugan samdrátt undanfarna þrjá áratugi.



Laxeldiskví fyrir utan Fossfjörð í Arnarfirði fyrir nokkrum árum. Mikil þróun hefur verið í hönnun kvíanna til að minnka hættu á að fiskur sleppi út. Handhöfum veiðiréttar í ám og vötnum þykir þó ekki nóg að gert í þeim efnum og meðan svo sé beri að takmarka laxeldi í sjókvíum mjög.

verið notað sem rök í margvíslegum og hörðum átökum um hvort og í hversu miklum mæli eigi að heimila laxeldi í sjókvíum í vestfirskum fjörðum. Þar er þó einkum horft til slysasleppinga og fullyrðinga um að eldislax geti útrýmt „upprunalegum“ laxastofnum á svæðinu.

Upprunasaga laxfiska á Vestfjörðum er ekki rismikil

Ýktasta dæmið er trúlega Laugardalsá við Ísafjarðardjúp sem talin hefur verið ein besta laxveiðiáin í fjórðungnum á síðari árum. Hefur hún m.a. verið nefnd vegna mikilvægis upprunalegra laxastofna. Þar veiddust alls 198 laxar á síðastliðnu sumri, en 175 á veiðitímabilinu 2017. Hún var ekki almennilega laxgeng fyrir en sprengt var þar fyrir laxastiga. Vestfirðingurinn Halldór Jónsson, sem nú er búsettur á Akranesi, hefur talsvert skoðað þessi mál út frá fullyrðingum um uppruna laxastofna á Vestfjörðum. Um Laugardalsá segir Halldór m.a.:

„Árið 1936 hófust tilraunir til þess að sprengja fiskistiga í Laugardalsá. Þær báru lítinn sem engan árangur fyrr en árið 1969 er steyptur var laxastigi í ána. Eftir það fóru laxveiðar í Laugardalsá vaxandi. Um leið og ræktun í ám í Ísafjarðardjúpi skilaði sér skiluðu árnar sér í hlunnindamat. Má þar nefna Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi eftir Lárus Ágúst Gíslason sem gefin var út árið 1982 þó skráning þar sé nokkuð ónákvæm.“

„Eigi lax svo menn viti“

Halldór nefnir einnig að um þessa á hafi Jóhann Hjaltason ritað í árbók Ferðafélags Íslands árið 1949:

„Áin er lygn með miklum botngróðri og veiðisælt silungsvatn, en lax hefur þar eigi verið svo menn viti, fremur en í öðrum ám Vestfjarða, fram til síðustu ára, að laxaseiði hafa verið látin í ána til uppvaxtar.“

Vestfirðir og Austfirðir að mestu laxlausir

Halldór segir að í undirstöðuritinu Lýsing Íslands eftir Þorvald Thoroddsen, sem gefin var út árið 1881, skrifi Þorvaldur:

„Laxinn (*Salmo salar*) gengur upp í mjög margar ár bæði sunnan lands og norðan, en miklir hlutar landsins eru þó laxlausir, t.d. Vestfirðir allir milli Gilsfjarðar og Bitru, suðurströndin öll fyrir austan Þjórsá og Austfirðir norður að Héraðsflóa.“

Félagarnir Eggert og Bjarni fundu engin dæmi um lax í Ísafjarðardjúpi

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson fóru rannsóknarferðir um Ísland á árunum 1752–1757 og skildu eftir sig handrit að ferðabók er síðar kom út. Halldór bendir á að í henni komi fram að hvergi veiðist lax í ám á Vestfjörðum en í nokkrum veiðist það sem þá var kallaður laxbróðir, öðru nafni sjóbirtingur. Engin þeirra áa er í Ísafjarðardjúpi. Að auki segja þeir silung veiðast víða.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um Ísafjarðar- og

Strandasýslu, sem rituð var 1710 er nákvæm lýsing á mannlífi og staðhátum, svo mörgum þótti nóg um. Þar stendur um Laugadalsá sem þar er svo kölluð en nú er nefnd Laugardalsá með erri:

„Silungsveiði lítill í Laugadalsá, þykir nú fara til rýrðar og valla með hlunnindum teljandi.“

Halldór segir að eðlilega hafi þar ekki verið minnst á laxveiði í ánni enda áttu eftir að líða tvær og hálf öld þar til hún var gerð laxgeng. Um Langadalsá við Djúp segir þar:

„Silungsveiði gagnvæn hefur verið í Lángadalsá, en hefur nú brugðist í nokkur ár að mestu aldeilis.“

Lax er þarna ekki nefndur á nafn hér frekar en annars staðar í umfjöllun þeirra Árna og Páls Vídalín um Ísafjarðarsýslu. Halldór segir að það sé á grundvelli þessarar sögu sem vísindaleg ákvörðun var tekin árið 2004 að leyfa laxeldi á Vestfjörðum þegar stærstum hluta strandlengju landsins var lokað. Þó þessar samantektir Halldórs séu einaldar uppflættingar í gömlum heimildum, þá er erfitt að véfengja að forsaga laxveiða og laxanytja á Vestfjörðum og Austfjörðum er afar stutt vegna laxleysis á þessum svæðum. Hugtakið að vernda upprunalega laxastofna á þeim slóðum hefur því enga merkingu. Eftir stendur að mörkuð var sú stefna af stjórnvöldum að gera Austfirði og Vestfirði að fiskeldissvæðum. Samkvæmt því hafa íbúar á svæðunum hagað sínum áætlanum. Óbreytt áframhaldandi átök á milli laxveiðimanna og laxeldismanna leiða ekki til neins annars en að menn kroppi augun hver úr öðrum. Mun nær væri að deilendur settust niður með fulltrúum íbúanna sem þar búa til að finna ásættanlegar lausnir á fyrirkomulagi laxveiða og laxeldis til framtíðar. Austfirðingar og Vestfirðingar hljóta að eiga það skilið eftir allt sem á undan er gengið. Þegar öllu er á botninn hvolft snýst þetta ekki bara um hagsmuni peningamanna heldur lífibrauð venjulegra Íslendinga.



ALLT FYRIR ÖRYGGIÐ!

HEYRÐU BETUR!

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heyðarhlífum og samskiptabúnaði. Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.



ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018

New Holland veðjar á áframhaldandi þróun dráttarvéla knúnum lífdísil og gasi og sjálfbærni í landbúnaði:

Rafknúnar dráttarvélar ekki í sjónmáli til stærri verka

—Vetnistæknin þykir líka enn of dýr kostur og skortur er á innviðum fyrir dreifingu vetnis

New Holland er ekki á leiðinni frekar en aðrir dráttarvélarframleiðendur að koma með á markað öflugar rafknúnar dráttarvélar sem gjaldgengar væru til vinnu á stórum ökrum eða til að draga stóra og mikla vagna eða hey- og jarðvinnslutæki. Samt eru menn þar á bæ stöðugt að skoða leiðir til að draga úr loftmengun vinnuvéla.

Lífdísill sem blandaður er með etanóli og gasi eru ofarlega í hugum tæknimanna New Holland í baráttunni við að draga úr losun koltvísýrings frá dráttarvélum. Þá hefur orðið ör þróun í hönnun dísilvéla sem eru nú mun sparneytnari og losa minna af gróðurhúsalofttegundum en þekktist fyrir aðeins örfáum árum. Þar á bæ er nú mjög veðjað á að bændur geti sem mest orðið sjálfbærir um orku á dráttarvélar með framleiðslu á metanóli, jurtaolíu og gasi úr lífmassa.

Rafknúnar dráttarvélar ekki vænlegur kostur

Ove D. Juel, viðskipta- og markaðsstjóri New Holland í Hollandi, mætti í bás Kraftvéla á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöllinni í október. Hann sagði í samtali við blaðamann Bændablaðsins að engar líkur væru á að rafknúnar dráttarvélar leysi stórar dísilknúnar vélar af hólmi í náninni framtíð. Þær væru einfaldlega of þungar og of skammdrægar til að gagnast við vinnu á stórum ökrum. Rafdrifnar vélar gætu þó mögulega gagnast heima við bæi til skammtímanotkunar þar sem stutt er í hleðslustöðvar og eins varðandi líðléttinga.

Vetnisdráttarvélar varla á dagskrá í brád

New Holland hefur gert miklar tilraunir með vetnisdrifnar dráttarvélar og kynnti í fyrra til sögunnar frumgerð fyrstu vetnisknúna dráttarvélinu NH². Hún var með 106 hestafla mótör og byggð á New Holland T6000 vélinni. Þessi vél var sögð geta leyst af hendi öll verkefni sem dísilknúnum dráttarvélum var ætlað. Þegar Juel var spurður um hvort vetnið væri ekki framtíðin í dráttarvélaframleiðslunni var hann ekki sérlega bjartsýnn. Hann sagði að New Holland væri eiginlega búíð að leggja þessar hugmyndir til hlíðar í bili að minnsta kosti. Vetnistæknin væri einfaldlega of dýr í framleiðslu. Þá skorti alla innviði og dreifikerfi fyrir vetni og tankar fyrir langa



Ove D. Juel, viðskipta- og markaðsstjóri New Holland í Hollandi, telur að dráttarvélar knúnar lífdísil eða gasi muni leysa af hólmi hefðbundnar vélar sem keyra eingöngu á jarðefnaeldsneyti.

Mynd / HKR.



Magnús Jón Björgvinsson, Eður Steingrímsson, Ævar Björn Þorsteinsson og Viktor Karl Ævarsson á bás Kraftvéla á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöllinni í október.



Þessi New Holland-vél er knúin metangasi.

Notkun á fljótandi LPG gasi vart fýsileg

Juel taldi litlar líkur á að menn færu almennt að nota fljótandi propangas (LPG) til að auka vinnsludrægni vélanna líkt og trukkafraðleiðendur hafa verið að skoða. Átöppunarbúnaður væri mun flóknari og erfitt væri að vinna með gas undir svo miklum þrýstingi. Allar lagnir þyrftu að vera mun öflugri en ella og gaskútar yrðu sömuleiðis að vera mun sterkbyggðari og um leið þyngri og tækju meira pláss. Eigi að síður hefur New Holland smíðað dráttarvélar fyrir notkun á LPG gasi.

Metangasið spennandi kostur fyrir Íslendinga

Ljóst er að metangasknúnar dráttarvélar geta verið mjög ákjósanlegur kostur í sveitum og aukið möguleika á sjálfbærni búanna. Víða í Evrópu eru bændur farnir að framleiða metangas úr lífmassa og skít. Í Þýskalandi hafa menn einkum nýtt gasið til að keyra vélar til að framleiða raforku inn á orkukerfið. Á Íslandi hafa menn hins vegar verið tvístigandi við að fara út í framleiðslu á metangasi í sveitum þó öll tækni til þess sé mjög vel þekkt og þróuð. Þarna eru þó vissulega tækifæri og spurningin snýst kannski fyrst og fremst um hver sé tilbúinn að ryðja brautina. Slíkt gæti líka gert íslensk býli sjálfbær um orku.

/HKR.

notkun á degi hverjum væru of fyrirferðarmiklir.

Metangasknúnar dráttarvélar leiða til aukinnar sjálfbærni

Ove D. Juel sagði að í þróun dráttarvéla væri hins vegar fátt því til fyrirstöðu að bjóða upp á metan-eða propangasknúna dráttarvélar. Þar hefur propangasið (LPG) það framyfir að vera mun orkuríkara en metangas. Gefur það 93.2 Megajoules úr hverjum rúmmetra


af gasi (MJ/m³) á móti 38,7 MJ/m³ sem fæst úr metangasinu. Öll tækni vel þekkt fyrir notkun á gasi sem aflgjafa og aflvélar sjálfar í grunninn þær sömu og dísilvélar. Tilraunir New Holland sýna að hægt er að ná allt að 30% rekstrarsparnaði með því að nota gas í stað dísilolíu. Stærsti kosturinn er þó að býlin geta með því orðið sjálfbær um orku ef þau framleiða sjálf gasið úr lífmassa.

Hins vegar benti Juel á að innviðir varðandi átöppun á gasi séu víðast ekki til staðar í sveitum



Propangas er mun orkuríkara en metangas og gæti því hentað betur til að knýja dráttarvélar á stórum ökrum. Það gefur 93,2 MJ á rúmmetra á meðan metangasið er með orku upp á 38,7 MJ í hverjum rúmmetra. Þá er propangasið þyngri en loft (1.5219:1) á meðna metangasið er léttara en loft (0.5537:1).

og gastankar tækju auk þess mun meira pláss á hverja orkueiningu en dísilolíutankar. Hjá New Holland hafi menn m.a. farið þá leið að hengja aukatanka í kassa framan á vélarnar til að gera þær nægilega langdrægar. Á Íslandi þyrfti þetta þó ekki að vera mikið vandamál þar sem vélarnar eru yfirleitt að vinna nærri búunum.



NH² vetnisknúna dráttarvélin frá New Holland.

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.

Ákureyri | Akranes | Egilsstaðir | Húsavík | Reykjanesbær | Sauðárkrúkur | Selfoss

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu í síma 568 6880

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is

Dagatalskubbar - og jólapappír



Dagatalskubbar
Mánaðartöl
Dagatalsspjöld
Jólagjafapappír
Jólakort
Merkimiðar

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
www.gudjono.is · Sími 511 1234

Sjá nánar
á heimasíðu
www.gudjono.is

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 13. desember

JEPPADEKK

fyrir íslenskar aðstæður

NÝR DEKKJAVEFUR!
www.jeppadekk.is

**SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER!**

Dick CEPEK
TIRES & WHEELS

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is

Styrkir til rannsóknar- og þróunarverkefna 2019 (A-flokkur)

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og kallar eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði hagnýtra rannsókna, þróunar og þekkingarsköpunar.

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni og sem líkleg eru til að leiða af sér þekkingu, tækni eða aðrar afurðir sem hægt er að hagnýta í náninni framtíð í íslenskum landbúnaði.

Styrkir til atvinnuuppbyggingar á lögbýlum á vegum einstakra bænda (B-flokkur) sem og námsstyrkir verða auglýstir síðar.

Umsóknum skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, **www.fl.is**. Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknarforminu.

Umsóknarfrestur er til 21. desember n.k. (póststimpill gildir).

Umsóknum skal skilað til **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins**, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins**, Hvanneyri. Sími 430-4300/netfang fl@fl.is.

Styrkir þessir eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2019.



Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes
Sími 430-4300

Gámurinn er þarfaping



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

www.stolpigamar.is

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018

Lífland að hasla sér völl í sölu mjaltapjóna til íslenskra kúabænda:

Býður netta og afkastamikla Monobox mjaltapjóna frá þýska stórfyrirtækinu GEA

— Áhersla lögð á að byggja upp þjónustuna, segir Arnar Þórisson, framkvæmdastjóri framleiðslu og dreifingar

Lífland hefur verið að kynna fyrir íslenskum kúabændum mjaltapjóna frá þýsku tæknisamsteypunni GEA Group og voru með einn slíkan til sýnis á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll í október síðastliðnum.

GEA mjaltapjóninn sem kynntur var á sýningunni heitir Monobox. Hann er ansi nettur á að líta og virðist auðveldur í meðförum.

„Lífland hóf sölu á þessum mjaltapjónum á Íslandi 2017 og seldum við níu slíka á því ári, en höfum verið að þreifa fyrir okkur á þessum mjaltapjónamarkaði í rúm þrjú ár sem hófst með sölu á MI-One mjaltapjóninum,“ sagði Arnar Þórisson, framkvæmdastjóri framleiðslu og dreifingar.

„Þessi mjaltapjón er gæddur þeim eiginleika að hann þrífur, örvar og mjólkur í spenahylkinu eftir ásetningu sem fækkar aðgerðum. Hann getur líka flokkað mjólkina frá einum, tveimur eða þremur spenum. Þá er hann gæddur myndavél sem gerir ásetningu á spena mjög góða þótt vísun spena sé mismunandi. Þá er hann líka lítill og nettur og getur því hentað vel í eldri fjós. Í þessum mjaltapjón er nýr frumunemi þannig að bændur geta fylgst náið með jógurheilbrigði. Þess má geta að búnaðurinn var valinn „Nýjung ársins“ á vörusýningunni Eurotier nú á dögum og á Agromek í Danmörku fékk þessi tækni fullt hús stiga í verðlaunum fyrir nýjungar á markaði.“

Þjónustan skiptir öllu máli

Arnar segir að samkeppnin á markaðnum hafi verið hörð við tvo stóra keppinauta sem þar voru fyrir. Þarna skipti miklu máli að þjónustan sé góð.

„Það er þjónustan sem skiptir miklu máli og við hjá Líflandi höfum lagt mikið upp úr að hafa hana í lagi. Þar höfum við fengið mikla hjálp frá Danmörku. Þaðan höfum við fengið tæknimenn frá GEA reglulega í nokkurn tíma til að tryggja það að við séum að gera eins vel og hægt er.

Auðvitað kemur alltaf eitthvað upp sem við þurfum að leita aðstoðar með, en þá eru Danirnir okkur til aðstoðar meðan við erum að öðlast reynslu. Þannig vil ég meina að við séum að veita toppþjónustu á sanngjörnu verði. Til að halda



Arnar Þórisson, framkvæmdastjóri framleiðslu og dreifingar hjá Líflandi, á bús fyrirtækisins í Laugardalshöllinni í október. Mynd / HKR.



Monobox mjaltapjónakerfi frá GEA.

ábyrgðinni í lagi kaupa menn þjónustusamning með þessum mjaltapjónum.“

GAE stórframleiðandi í matvælaíðnaði

GEA er einn af stærstu tækja-

framleiðendunum í matvælaíðnaðinum og velti um 4,7 milljörðum evra á árinu 2017. Starfsmenn eru um 18.000 víða um heim. Lögð er áhersla á framleiðslu búnaðar fyrir matvælavinnslu sem er um 70% starfseminnar og sérstaklega er sjálfbærni tæknimönnum fyrirtækisins ofarlega í huga. GEA er í forystuhlutverki á mörgum sviðum og er listað á fjármálamarkaði MDAX í Þýskalandi.

Mikil tæknipróun í hönnun mjaltapjóna

Hefur verið mikil þróun í hönnun og smíði mjaltapjóna á síðustu árum?

„Já, það hefur verið mjög hröð þróun á þessu sviði. Ekki síst hvað varðar þríf og allar mælingar á



mjólkinni og nú síðast með þessum frumunema sem greinir mjólk úr hverjum hluta jógursins fyrir sig. Þá hefur orðið mikil þróun í meðferð mjaltapjónanna á mjólkinni, t.d. mælingar á hitastigi, lit, mjólkurflæði, mjaltatíma og leiðni og nú síðast frumuneminn sem auðveldar bóndanum að fylgjast með heilbrigði kúna.“

Arnar segir að Monobox mjaltapjónarnir frá GEA séu mjög hljóðlátir. Sogdæla, loftpressa og þvottakerfið og annað er allt staðsett í tækjarymi, þannig að hávaði frá þeim búnaði truflar ekki kýrnar. Þrátt fyrir að vera litlir og nettir, þá geta þeir mjólkað allt að 70 kýr á dag samkvæmt upplýsingum frá verksmiðju.

GEA með langa sögu að baki

Sögu GEA má rekja til fyrirtækisins Metallgesellschaft AG (MG) sem stofnað var árið 1881. Það fyrirtæki varð fyrir miklum áföllum í fyrri heimsstyrjöldinni. Árið 1920 var GEA eða Gesellschaft für Entstaubungsanlagen svo stofnað af Þjóðverjanum Otto Happel. Fyrirtækið varð eins og forverinn


MG fyrir miklum áföllum í seinni heimsstyrjöldinni og náði sér ekki á strik aftur fyrr en á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Það hóf síðan sókn á alþjóðlega vísu eftir endurskipulagningu og var skráð á hlutabréfamarkað 1989. Á árunum 1991–1995 náði GEA yfirhöndinni í fjölda fyrirtækja, þar á meðal Grasso, Niro, Tunchenhagen og Westfalia Separator sem stofnað var í Bandaríkjunum árið 1929 og hóf þá fljótlega framleiðslu á skilvindum fyrir mjólkuriðnaðinn.

Fjölbreyttar lausnir fyrir kúabændur

GEA framleiðir í dag fjölbreyttar lausnir fyrir mjaltir. Þar má nefna hringekjur og mjaltabása. Einnig mjaltapjónalausnir á borð við MI one Multibox kerfið sem hægt er að stækka með búinu og getur hentað 60–250 kúa fjósi. Monobox er líka valkostur fyrir stærri bú þar sem þrír þjónar geta tengst sama aðfærslukerfinu. Þar er samkvæmt upplýsingum framleiðanda áhersla einnig lögð á að auðvelda stjórnun frá einni stjórnsstöð, auðveld þríf og lágan viðhaldskostnað. /HKR.



GEA framleiðir líka hringekjur.



MI one Multibox kerfi frá GEA miðast við að lágmarki 120 mjólkandi kýr í fjósi. Það er stækkanlegt eftir því sem þörf er á.

LESENDABÁS

Hleðsla í hlaði

– Lykillinn að landsbyggðinni

Ísland hefur sett sér göfug markmið á sviði rafbílavæðingar og það styttest í að hægt verði að bjóða erlendum ferðamönnum að ferðast um náttúru Íslands á rafmagnsbíl. Ferðapjónusta bænda, undir vörumerkinu Hey Iceland, í samstarfi við Bændasamtök Íslands og Orkusetrið komu upp verkefninu *Hleðsla í hlaði* á síðasta ári.

Markmiðið er að fá bændur til að taka virkan þátt í uppbyggingu innviða með því að koma upp hleðslustöðvum og gera landsbyggðina aðgengilega ferðamönnum sem vilja ferðast um landið á rafmagnsbíl.

Fjölgum hleðslustöðvum enn frekar

Það er mikilvægt að sem flestir ferðapjónustubændur taki þátt í þessu verkefni þar sem hleðsla á gististað er lykilatriði. Í dag eru 10 félagar innan Hey Iceland og Bændasamtakanna búnir að setja upp hleðslustöðvar og eru fleiri í undirbúningsferli. Auk félaga innan Hey Iceland, sem reka gististaði, hafa nokkrir bændur innan Bændasamtakanna sýnt verkefninu áhuga og sett upp hleðslustöð heima á hlaði fyrir gesti sína.

Þátttaka skapar samkeppnisforskot

Með þátttöku í verkefninu geta bændur skapað sér samkeppnisforskot með aukinni þjónustu við ferðamenn og jafnframt á þessu veigamikla augnabliki lagt sitt af mörkum til að opna landið fyrir samgöngum sem byggja á íslenskum og sjálfbærum orkugjafa.

Njóta en ekki þjóta

Með því að ferðast á rafbíl um landið felst líka hvati til þess að „njóta en ekki þjóta“. Það styður þá hugsun að ferðamaðurinn staldri lengur við á hverjum stað og nýti sér í



Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Hey Iceland. Mynd / TB

Hleðsla Í HLAÐI



Þessi vegferð er hafin og það eru spennandi tímar fram undan. Við gerum okkur grein fyrir því að það tekur tíma að styrkja innviðina og það er að mörgu að huga áður en ferðamaðurinn er sendur út á land í rafmagnsbíl. Aðstandendum Hleðslu í hlaði og samstarfsaðilum er annnt um verkefnið og með fleiri þáttakendum mun það fara á flug. Ferðamaður sem keyrir um á rafbíl þarf að vera öruggur um að komast á milli staða til að njóta alls þess besta sem Ísland hefur upp á að bjóða. Þegar það er tryggt, þá getur Ísland fest sig enn betur í sessi sem áfangastaður þar sem umhverfismál eru í hávegum höfð.



Hleðslustöð er komin upp hjá Eydísi Magnúsdóttur í Sölvanesi í Skagafirði. Mynd / Rúnar Máni


enn meira mæli það sem er í boði í nærumhverfinu. Þannig skilur hann meira eftir heima í héraði.

Vegferðin fram undan

Verið velkomin í hópinn

Áhugasömum félögum í Hey Iceland og BÍ, sem vilja kynna sér möguleika sem felast í uppsetningu rafhleðslustöðva, er bent á að hafa samband við Berglindi Víkorsdóttur hjá Hey Iceland (bergbind@heyiceland.is) eða Tjörva Bjarnason hjá BÍ (tjorvi@bondi.is).

Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Hey Iceland.



Almanak Háskóla Íslands 2019

Fást í helstu bókaverslunum um land allt

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

Almanak (ásamt Árbók) Þjóðvinafélagsins 2019

Fást í helstu bókaverslunum um land allt

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003



Mótorar og varahlutir á lager

Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi

Sími 544-4656 | www.mhg.is

Námsstyrkir 2019

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki vegna ársins 2019.

Í boði eru styrkir til háskólanema í landbúnaðarvísindum sem komnir eru í seinni hluta mastersnáms. Veittir verða allt að sex styrkir, allt að upphæð 1 milljón kr. hver.

Forgangs njóta þeir umsækjendur sem sýna fram á í umsókn sinni að námið sé líklegt til að stuðla að eflingu landbúnaðar í náinni framtíð. Einnig er horft til þess hversu vel verkefnið fellur að verksviði sjóðsins. Í því samhengi er horft bæði til vals námslínu, sem og efnisvals lokaverkefna. Einnig er horft til gæða umsóknar í heild sinni. Við forgangsöröðun umsókna mun stjórn sjóðsins jafnframt leitast við að styrkirnin dreifist á sem flest fræðasvið landbúnaðar, að því gefnu að umsóknir uppfylli áðurnefnd skilyrði.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.fl.is. Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknareyðublöðunum. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að leita til utanaðkomandi fagaðila og/eða umsagnaraðila við mat umsókna.

Umsóknarfrestur er til 4. janúar 2019 (póststimpill gildir).

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyri. Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.

Styrkir þessir eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2019.



Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi

Sími 430-4300

STÁLGRINDARHÚS

frá  **HEXAGON**

Stálgrindarhús hafa fyrir löngu sannað notagildi sitt við íslenskar aðstæður

Mynd tekin í nýju fjósi að Búrfelli í Svarfaðardal

Hafðu samband: bondi@byko.is



GERUM PETTA SAMAN

Nýting á timbri úr íslenskum skógum og reka:

Margt smátt gerir eitt stór

Á sumrin vaxa skógar á Íslandi og dafna. Að vetri hvíla þeir sig til næsta vors. Skógarbændur fá að njóta alls þess sem skógurinn hefur upp á að bjóða.

Margir þeirra nýta efnivið úr skógarauðlindinni til ýmissa smíða. Íslensk skógartré má nota til skrauts og/eða gagns. Fjöldi hagleiksmanna um allt land nýta efnivið úr íslenskum skógum. Hér á eftir verður kíkt í kaffi á fimm stöðum á landinu.

Fjölskyldufyrirtækið Lupus Luna í Eyjafjarðarsveit

Á Norðurlandi búa Benjamín Örn Davíðsson og Halla Hafbergsdóttir í Viðigerði, rétt innan við Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit. Skógur er þeirra líf og yndi og má glögg greina það á heimili þeirra. Vegna fjölda eftirspurnar eftir vörum sem þau hanna og smíða, ákváðu þau nýverið að stofna fjölskyldufyrirtækið Lupus Luna. Nú þegar eru margar vörur til sölu í heimabyggð og alltaf einhverjar vörur í þróun. Lupus Luna notar eingöngu smíðavið úr skógum í nágrenninu.

Leikföng og fleira af Austurlandi

Á Austurlandi hefur Einar Halldórsson farið út í að smíða eitt og annað eftir að hann hætti að vinna. Hann kom sér upp lítilli aðstöðu og smíðar allt sem honum dettur í hug. Nú vinnur hann mestmegnis leikföng, aðallega úr lerki sem hann fær á Hallormsstað, en einnig hefur hann handleikið öspina aðeins.

Hann fullþurrkar viðinn heima fyrir áður en hann hefst handa. Leikföngin eru 100% náttúruvæn því eftir þússun eru þau olíusoðin í grænmetisolíu. Auk leikfanganna hefur hann gert kolla, skammel, bakstóla, laufabrauðspressur,



Benjamín Örn Davíðsson og Halla Hafbergsdóttir í Viðigerði, rétt innan við Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit, stofnuðu fyrirtækið Lupus Luna og selja þar margs konar handverksmuni.



þunn morgunverðarbretti, spaða og smjörhnífa svo fátt eitt sé nefnt. Hann vill benda á að tími sé kominn til að skipta út plastinu og nota það sem náttúran gefur, sem er mun fallegri og endist og endist.

Skógarnytjar í Stapaseli í Norðurárdal

Á Vesturlandi er jörðin Stapasel í Stafholtstungum í Norðurárdal.



Einar Halldórsson vinnur mikið úr trjávið frá Hallormsstað, m.a. leikföng, eldhúsahöld og stóla.

Daniel Þórarinnsson og Ingibjörg Nordal eru þar skógarbændur í Vesturlandsskógum og hafa einnig verið með íslenskar varphænur og býflugur.

A jörðinni vex mikið birki, sem þarf að grísa til að komast um skóginn. Á milli bústarfa dunda þau sér við að búa til fallega serviettuhringi úr því birki sem leggst til við grisjunina.

Unnið úr rekavið í Hænuvík

Á Vestfjörðum á jörðinni Hænuvík í Rauðasandshreppi er lífrænt sauðfjárbú. Hjónin á staðnum, Guðjón Bjarnason og María Ólafsdóttir, eru einnig með ferðaþjónustu. Guðjón hefur verið ötull við að vinna muni úr viði sem rekur á strendur við bæinn en ekki síður úr íslenskum efnivið, svo sem birki og lerki. Nánast allar viðartegundir koma til greina en þær þurfa að vera vel þurrar. Hann hefur mikið dálæti á gullregni en hefur ekki enn áskotnast það.

Tálgað úr tré á Suðurlandi

Á Suðurlandi er fyrir að hitta Úlfar Sveinbjörnsson, trételgu með meiru. Hann býr á Selfossi en leggur gjarnan leið sína á Flúðir til kollega síns, Guðmundar Magnússonar, til að nalgast efnivið í verk sín. Úlfar kann vel að meta íslenskt birki en Úlfar er þekktur fyrir hárnákvæma tálgun á fuglum úr íslenskri fánun.

/Hlynur Gauti Sigurðsson



Úlfar Sveinbjörnsson, trételgu með meiru.



Guðjón Bjarnason, bóndi í Hænuvík, vinnur mikið úr rekavið og rennir meðal annars forláta vasa.



Daniel Þórarinnsson og Ingibjörg Nordal, skógarbændur í Stapaseli á Vesturlandi.

Íslenskir sláttuhættir og Íslenskir heyskaparhættir

eftir Bjarna Guðmundsson



Bækurnar fást hvor í sínu lagi og einnig saman í pakka á tilbodsverði.



HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

HAGATORGI • SÍMI 588 9060
hib@hib.is • www.hib.is

Grundvallarrit í íslenski landbúnaðarsögu þar sem sláttuháttum og heyskap að fornu og nýju er lýst á leikandi léttan máta, í máli og myndum.

SMALAHUNDAR

Deildarmót Austurlandsdeildar SFI Ytra-Lóni:
Elísabet Gunnarsdóttir og Panda
frá Daðastöðum sigruðu í A-flokki

Deildarmót Austurlandsdeildar SFÍ var haldið að Ytra-Lóni á Langanesi sunnudaginn 4. nóvember 2018. Brautin á Ytra-Lóni liggur niðri við sjó sem gerir mótsvæðið svolítið sérstakt og feikna fallegt.

Sjávarlyktin fyllir vitin og öldurnar syngja og dansa í fjörunni. Svolítil snjódu lá yfir svæðinu en ekkert sem þátttakendur létu stoppa sig þó hún hafi mögulega tafið aðeins fyrir kindunum á köflum.

Alls tóku ellefu hundar þátt og Gunnar Einarsson frá Daðastöðum sá um dómgæslu. Á Ytra-Lóni var boðið upp á dýrindis veitingar. Súpa fyrir keppni og hlaðborð með alls kyns gómsætu kaffibrauði eftir mót.

Eins og alltaf þá verða svona mót ekki til af sjálfu sér. Það þarf undirbúning, aðstöðu og kindur, aðstoðarfólk til að sjá um sleppingar, dómara og svo auðvitað keppendur. Svona mót eru kærkominn vettvangur fyrir okkur sem höfum áhuga á að áfram séu góðir smalahundar ræktaðir á Íslandi til að koma saman. Bæði til að sjá hvaða hundar eru til á landinu og hvernig þeir vinna, en ekki síður til að sjá hvert annað. Við sem vorum þarna komin saman ræddum um að gaman væri að reyna að hittast aftur í vetur við eitthvert annað tilefni.

Austurlandsdeildin þakkar öllum sem að mótinu komu kærlega fyrir sitt framlag. Þess má geta að þetta er fyrsta mótið í „mótaröð“



Kolur frá Húsatóftum.

Mynd / Eva Frischling - Rookie Photography

Austurlandsdeildarinnar, en annað mót er fyrirhugað á Eyrarlandi helgina 10.–11. nóvember.

Sauðanesi - F: Strumpur frá Snartarstöðum)

- Úrslit í unghunda flokki
(100 stiga keppni)
- A-FLOKKUR (110 stiga keppni)
1. Sverrir Möller og Kári frá Auðólfssstöðum - 74 stig (M: Týra frá Hafnarfirði - F: Grímur frá Daðastöðum)

2. Sverrir Möller og Garri frá Auðólfssstöðum - 64 stig (M: Týra frá Hafnarfirði - F: Grímur frá Daðastöðum)

3. Einar Atli Helgason og Kría frá Snartarstöðum - 34 stig/ Hætti keppni (M: Skoppa frá

1. Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum - 86 stig (M: Skotta frá Daðastöðum - F: Dan frá Skotlandi)

2. Elísabet Gunnarsdóttir og Kolur frá Húsatóftum - 84 stig (M: Kría frá Daðastöðum - F: Brúsi frá Brautartungu)

3. Marius Snær Halldórsson og Elsa frá Hallgilsstöðum - 81 stig (M: Sara frá Sigtúnum - F: Snati frá Mósakógu) /AJH



Keppt í þoku við Eyrarland 11. nóvember.

Mynd / Aðalsteinn J Halldórsson

Deildarmót Austurlandsdeildar SFÍ Eyrarlandi:

Þorvarður Ingimarsson og Spaði
frá Eyrarlandi sigruðu í A-flokki

Síðara haustmót Austurlandsdeildar SFÍ var haldið að Eyrarlandi 11. nóvember síðastliðinn. Eftir að hafa lengst af ferðast í grenjandi rigningu og svartapöku voru farnar að renna tvær grímur á þá keppendur sem komu að.

Það var þó ekki ástæða til að örvænta því þegar sá í Eyrarland létti til og fór mótið fram við góðar aðstæður þótt þokan hafi aðeins reynt að stríða þátttakendum á köflum. Á Eyrarlandi var öll umgjörð til fyrirmyndar eins og fyrri daginn og valinn maður í hverju rúmi. Þar var gott brautarstæði með ágættri yfirsýn og kindurnar þjálar. Aðeins sog frá útihúsum en kindurnar voru sanngjarnar og gáfu áreynsluþíð eftir þegar hundarnir sneru þeim. Vegleg verðlaun voru í boði en Jótunn Egilsstöðum og Landstólpi

Egilsstöðum styrktu deildina með verðlaunum í formi hundafóðurs.

Alls tóku níu hundar þátt og hundar í A-flokki fengu tvö rennsli hver og gildi betra rennslið til úrslita. Dómari var Agnar Ólafsson frá Tjörn.

Deildin þakkar öllum sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir. Reglulega gaman að það hafi verið hægt að koma á tveimur deildarmótum þetta árið. Menn og hundar reynslunni ríkari. Vonandi ávisun á það sem koma skal.

- Úrslit í unghunda flokki
(100 stiga keppni)
1. Sverrir Möller og Garri frá Auðólfssstöðum – 63 stig (M: Týra frá Hafnarfirði - F: Grímur frá Daðastöðum)

2. Sverrir Möller og Kári frá Auðólfssstöðum – 61 stig (M: Týra frá Hafnarfirði - F: Grímur frá Daðastöðum)
3. Sigurður Max Jónsson og Tása frá Ósi, ógilt (M: Káta frá Ósi – F: Snati frá Eyrarlandi)
4.
- A-FLOKKUR (110 stiga keppni)
1. Þorvarður Ingimarsson og Spaði frá Eyrarlandi - 95 stig (M: Lýsa frá Hafnarfirði – F: Prins frá Daðastöðum)

2. Elísabet Gunnarsdóttir og Kolur frá Húsatóftum - 82 stig (M: Kría frá Daðastöðum – F: Brúsi frá Brautartungu)

3. Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum - 79 stig (M: Skotta frá Daðastöðum – F: Dan frá Skotlandi)
- /AJH
- 

MouseShield músakítti

Lokar sprungum, rifum og götum til að hindra umferð nagdýra og skordýra

Söluastaðir

 - Bústólpi
 - Fóðurblandan
 - Kaupfélag Borgfirðinga
 - Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
 - Verslunin Eyri
 - Vélaval

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is
- ### HÁGÆÐA VATTERAÐUR JAKKI


 - Blátt fóður
 - Tveir hliðarvasar með rennilásum
 - Vindhlíf á bak við rennilás
 - Stroff á ermum
 - Innri vasi með rennilás
 - Innri vasi með smellu fyrir litla spjaldtölvu
 - Flís á innanverðum kraga
 - Teygja í mitti

Efni: 100% pólýamíð
Litir: Svartur
Stærðir: XS-5XL

2 líta jakki
106000 - Vatteraður jakki
Verð með sendingakostnaði

Burðapoki fyrir jakka

KH VINNUFÓT
KH Vinnufót • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is
- ## Bændablaðið

á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)
- ## IÐNAÐARHURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR


 - Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
 - Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
 - Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
 - Hágæða hráefni.
 - Þolir íslenskt veðurfar.
 - Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
 - Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018

Undraefnið Prolan frá Nýja-Sjálandi er byggt á nýtingu á lanolin úr sauðfjárull:

Einhver albestu smur- og ryðvarnarefni sem þekkjast eru unnin úr ull af sauðfé

— Smári Hólm Kristófersson segir reynslu sína af notkun efnisins á Íslandi vera langt umfram væntingar

Íslendingar þekkja vel afurðir íslensku sauðkindarinnar og þar er ullin og lopinn sem úr henni fæst í hávegum höfð. Færi vita þó að ull sauðkinda inniheldur líka önnur efni eins og ullarfitu eða lanolin, sem er eitthvert albesta ryð- og tæringarvarnarefni sem hægt er að fá.

A landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll í október var fyrirtækið „Hjá Smára Hólmi“ með bás þar sem kynntar voru vörur frá Prolan á Nýja-Sjálandi. Umboðsaðili Prolan í Evrópu er Denrex ASP í Danmörku.

Rekur ryðvarnarverkstæði á Rauðhelli í Hafnarfirði

Smári Hólm Kristófersson, stofnandi og eigandi fyrirtækisins, hefur áratuga reynslu af bifreiðavíðgerðum og viðhaldi. Hann er reyndar sannkallaður þúsundþjallasmiður með menntun og reynslu í fjölda iðngreina og er þar á meðal lærður kjötiðnaðarmaður. Hann rekur nú ryðvarnarverkstæði á Rauðhelli 1 í Hafnarfirði.

Í seinni tíð hefur Smári og fyrirtækið þó í auknum mæli farið að sérhæfa sig í viðgerðum og forvörnum á ryðmyndun. Við þá þróun sem átt hefur sér stað innan fyrirtækisins hafa starfsmenn þess leitast eftir nýjum og árangursríkum leiðum til þess að takast á við hið hvímléða vandamál sem ryð getur leitt af sér.

Hann hefur fundið árangursríka lausn með notkun efnablöndu frá nýsjálenska fyrirtækinu Prolan. Efnið hefur reynst ákaflega árangursríkt auk þess sem notkun þess býður oft mun hagkvæmari lausnir en þær sem þegar eru til staðar, af þessu leiðir sparnað til kaupanda auk þess sem efnið er umhverfisvænt. Samt er þetta efni upphaflega ekki framleitt sem ryðvarnarefni heldur sem vistvænt smurefni í matvælaíðnaði.

Byrjaði með Prolan fyrir 5 árum

„Ég byrjaði að nota Prolan-efni fyrir fimm árum og prófaði mig síðan áfram. Ég vildi vera viss um að þetta væri að virka eins og framleiðandi sagði og ég vildi að það virkaði. Enda hafði ég áður brennt mig á notkun annarra efna sem seld voru sem ryðvarnarefni og voru bara ekki að virka vel.“

Það var ungur maður sem kynnti Prolan fyrir mér og endaði það með því að við fórum í samstarf. Í framhaldinu óskuðu erlendu birgjar Prolan eftir því að ég tæki alfarið við sölu á efnum þeirra á Íslandi. Síðan fór þetta að rúlla eiginlega af sjálfu sér.“

Kemur í veg fyrir tæringu af brennisteinsvetni

„Ég hef ekkert verið að auglýsa, en menn hafa frétt af gæðum þessa efnis í gegnum reynslu annarra eins og rekstraraðila fjallabíla. Ég hef líka verið að gera tilraunir með virkni efnisins, m.a. til að verja keðjur, járn og ál. Ég setti upp rekka við Hellisheiðarvirkjun til að prófa hvort Prolan stæðist tæringu af völdum brennisteinsvetnis sem er eins og menn geta séð að tæra allar rafmagnssamstæður í flutningslínunum á Hellisheiði. Ég setti þetta líka á bíla frá Vöku, Tempra og fleiri fyrirtækjum og einnig sem botnfarva



Smári Hólm Kristófersson og Niels Bilde í bás Prolan á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll. Niels var þarna mættur sem fulltrúi Denrex ASP í Danmörku, sem er umboðsaðili Prolan í Evrópu.

Myndir / HKR.



Starfsmaður Smára að sprauta Prolan-efni inn í burðarvirki á nokkurra ára gömlum bíl. Eins og sést er búið að fjarlægja hlífar og meira að segja brettakanta til að komast að öllum holrúmunum.


á báta. Líka hef ég prófað þetta sem felgubón og fleira.“

Bændur sjá kosti Prolan sem viðkennt er fyrir matvælaíðnaði

„Nú eru bændur farnir að taka við sér við að prófa Prolan til að verja sín tæki. Menn sjá það að fyrst sýran sem er í loftinu við Hellisheiðarvirkjun vinnur ekki á þessu þá vinnur mauraýra og önnur efni sem notuð eru í landbúnaði ekki heldur á þessu. Þar fyrir utan er þetta vottuð NSF vara af Evrópusambandinu sem vistvænt smurefni fyrir matvælaíðnaðinn. Vegna þessa sérstöku skaðleysis-eiginleika þá hafa íslenskir bændur sýnt Prolan-efnunum áhuga, þar sem óhætt er að nota þau sem ryðvörn á dráttarvélar og önnur tæki án þess að valda skaða í umhverfinu eða á framleiðsluvörum bænda.“ sagði Svavar Hólm í samtali við Bændablaðið.

Lanolin – ullarfeiti

Eins og fyrr segir er lanolin virka efnið í Prolan. Orðið lanolin er



Það er ekkert skilið eftir svo tæring af völdum salts og vatns nái ekki að eyðileggja undirvagninn.

samsett úr latnesku orðunum „lāna“ sem merkir ull og „oleum“, eða olíu. Þetta efni hefur líka verið nefnt ullarvax eða ullarfeiti og myndast í fitukirtlum allra dýra sem hafa ullarfeld. Það er því líka að finna í ull af íslensku sauðfé, en þó í tiltölulega litlu magni, en mun meira í fé sem alið er á

heitari slóðum, eins og í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins hefur ullarverksmiðjan Ístex kannað möguleika á að framleiða lanolin úr íslenski ull, en það ekki talið borga sig.

Lanolin er sannarlega mikið undraefni og er m.a. uppistaða

í mörgum snyrtivörum, sem og sérhæfðum smur- og varnarefnum fyrir matvælaíðnað og flugvélar. Hafa lanolinvörur verið framleiddar undir ýmsum vörumerkjum sem eru eins ólíkar og merkin eru mörg.

Efni sem nota má í matvælaíðnaði

Prolan á Nýja-Sjálandi hefur framleitt nokkrar gerðir af smur- og ryðvarnarefnum úr ullarfitu og hafa fengið alþjóðlega viðurkenningu NSF (Nonfood Compounds Program Listed) og frá Matvælaöryggiseftirliti Nýja-Sjálands, eða New Zealand Food Safety Authority (NZFSA). Það þýðir að Prolan-efni undir heitinum Prolan Enduro HG, Prolan Enduro MG, Prolan Grease, Prolan Heavy, Prolan Light og Prolan Medium má nota á vélar og tæki í matvælaíðnaði, eins og í kjötvinnslum og fiskiðnaði.

Þolir klór og þvott með miklum vatnsþrýstingi

Til að efnið standist kröfur sem smurefni í matvælaíðnaði verður það að þola ætandi efni eins og klór og sterk sápu efni. Þá verður það líka að þola vatnsþvott með háþrýstibyssum. Rannsóknir sýna að Prolan fer ekki af þó beitt sé vatnsþrýstingi upp á 170 bór. Þá má skítur ekki heldur loða við efnið. Það má heldur ekki skemma gúmmí. Allar þessar kröfur stenst Prolan eins og NSF vottunin vísar til.

Vörurnar frá Prolan hafa þannig verið þrautprófaðar við hinar ýmsu aðstæður. Þrotlaus vinna hefur farið í vörubrúun og eru vörurnar í raun í stöðugri þróun þar sem unnið er að því að útbúa sérhæfðar lausnir fyrir krefjandi aðstæður.

Ekki hættulegt fólki eða skepnum

„Prolan er hvorki hættulegt fólki né skepnum. Bændur geta því að skaðlausu úðað þessu efni yfir sínar heyrinnuvélar, dráttarvélar og önnur tæki á haustin. Þá virkar þetta bæði sem smurefni og tæringarvörn. Þegar vélarnar eru svo teknar í

notkun á vori er óþarfi að þvo efnið af. Þó þetta fari á bremsudiska á bílum verða þeir ekki bremsulausir. Bremsu-dælur sem hætt er við að ryðga haldast finar og flottar við að úða á þær Prolani. Þá þarf engar áhyggjur af hafa af gúmmifóðringum, þær skemmast ekki.“

Svavar segir að þegar hann taki bíla í ryðvörn þá láti hann bílinn standa inni yfir nótt til að þurrka hann. Síðan taki hann öll dekk og hlífar undan bílnum og þrifi undirvagn áður en efninu er sprautað á. Þá er efninu líka sprautað inn í sílsa, alla bita og glufur og ef þess þarf eru boruð göt á bitana til að koma efninu inn í þá. Þannig á að vera tryggt að allir krókar og kimar undirvagnsins séu varðir af Prolan-efninu.

Klaki festist ekki undir bílum sem úðaðir hafa verið með Prolan

Svavar segir að þegar búið er að úða Prolan-efni inn í bretti á bílum og á undirvagn, þá verði klakasöfnun aldrei til vandræða á veturna. „Jeppakarlarnir sem hafa notað þessi efni og eru að ösla í klaka og krapa og uppi á jöklum segja mér að það festist aldrei klaki undir bílana hjá þeim. Það eina sem hefur áhrif á Prolanið undir bílunum er barningur af sandi frá hjólbörðum sem

virkar þá eins og sandblástur. Það er ekkert efni sem stenst það og þá er bara að úða þá álagsstaði aftur. Þegar menn lenda í að gera við bíla sem úðaðir hafa verið með Prolan-efni, þá verða aldrei vandræði vegna þess að boltar og skrúfur hafi ryðgað fastar. Enda er þetta smurefni sem smýgur inn í allar glufur og gengjur. Felguhringir á vörubílum sem gjarnir eru á að ryðga fastir verða aldrei til vandræða ef Prolan er borið á þá. Í Danmörku eru vörubílstjórar mikið farnir að nota Prolan af þessum sökum.“

Leysir upp prótein eins og flugur

Þótt Prolan sé hannað sem smurefni og tæringavörn, þá er það líka nothæft sem hreinsiefni. Einn af eiginleikum þess er að það leysir



Smári bendir á drifbúnað og ýmis holrúm undir bílnum sem passað er upp á að verði ekki út undan þegar Prolan-efninu er sprautað á undirvagninn.

á bílum á sumrin. Segir Svavar að útgerðarfyrtæki í Grindavík hafi uppgötvað þennan eiginleika og notað Prolan til að losna við slor á pöllum bíla sinna. Þá hafa menn líka verið að nota þetta efni til að stoppa ryðblettamyndun í lakki bíla og hreinsa ryð, líka af reiðhjólum.

Gæðin langt umfram væntingar

„Þetta efni er því búið að standa sig svakalega vel að mínu mati. Gæði efnisins og virkni eru langt fram yfir mínar væntingar,“ segir Smári Hólm Kristófersson. /HKr.

Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 563-0303

Bændablaðið

**SUEVIA**

Vantsdallur

SU10000130

Verð kr. 13.790




Útsölustaðir:

Landstólpi - Egilsstöðum

Vélavali - Varmahlíð



480 5600



Í GULLHREPPUM

Bjarni Harðarson

★★★★★

Morgunblaðið

Í Gullhreppum segir frá þjóðsagnapersónunni séra Þórði í Reykjadal og hinu mikla veldi Skálholtsstaðar á 18. öld.

OSTAGERÐARTÆKI

SJÁ BILAUPPBOD.IS

UPPBODI LÝKUR 5 DESEMBER 20:00

OSTAGRINDUR OG MÓT, HRÆRIVERK, TANKAR, GUFUKETILL, KÆLIPRESSA, ÞRÝSTIPOTTUR, ÞÖKKUNARVÉL OG FLEIRA

HÆGT VERÐUR AÐ SKOÐA TÆKIN Í HAFNARFIRÐI 3 OG 4 DES 13-17 Í SAMRÁÐI VIÐ UMSJÓNARMANN, SÍMI 8200820

VALLARBRAUT TRÖNUHRAUNI 5





Eigum til 26 - 113 hestafla dráttarvélar til afhendingar með stuttum fyrirvara.

Ríkulegur staðalbúnaður





www.vallarbraut.is

vallarbraut@vallarbraut.is

S-8411200 & 8417300

VERSLUNIN HÆTTIR

RÝMINGARSALA

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM



Ortlieb hjólatöskur, sjópokar og bakpokar

Grubs skófátnaður - Coast LED höfuðljós - vasaljós

hnífar - Victorinox vasahnífar - eldhúshnífar

Sjá nánar á WWW.FJALLI.IS



Bæjarlind 6 • 201 Kópavogi • Sími: 578-5050 • vild@vild.is

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Skógarbændur eru að ná frábærum árangri á jörðum sínum

Landssamtök skógareigenda (LSE) eru búgreinasamtök skógarbænda, sem sameina alla skógarbændur landsins í ein samtök. Tilgangur samtakanna er að bæta aðstöðu skógræktar sem atvinnugreinar í sem víðustum skilningi, bændastéttinni til hagsbóta og að vera samtök og málsvári þeirra sem stunda skógrækt á bújörðum.

Innan vébanda LSE eru fimm aðildarfélög en þau eru Félag skógareigenda á Suðurlandi, Félag skógarbænda á Vesturlandi, Félag skógarbænda á Vestfjörðum, Félag skógarbænda á Norðurlandi og Félag skógarbænda á Austurlandi. Samtökin hafa aðsetur í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík og eru með heimasíðuna www.skogarbondi.is.

Jóhann Gísli Jóhannsson, kúabóndi og skógræktarbondi á Breiðavaði við Lagarfljót, er formaður samtakanna. Hann svaraði nokkrum laufléttum spurningum blaðsins um stöðu og framtíð skógræktarinnar með tilliti til skógarbænda um allt land.

Helstu áherslumálin eru nýsköpun og upplýsingagjöf

– Út á hvað gengur starfsemi samtakanna og hvaða verkefni eru þið helst að fást við og hvað eruð þið með marga félagsmenn?

„Helstu áherslumál LSE þessi misserin eru afurðamál, nýsköpun og upplýsingagjöf. Helsti samstarfsaðili okkar er Skógræktin og vinnum við náið með þeim að sameiginlegum markmiðum sem gengur út á að tryggja skógrækt í landinu. Félagsmenn LSE eru um 700 og jarðirnar eru um 500 vítt og breitt um landið. Fyrst hófst skipulögð skógrækt á bújörðum á Fljótsdalshéraði 1990 og mun það landsvæði væntanlega vera með forystu á mörgum sviðum á næstu árum líkt og hingað til. Um aldamótin varð skógrækt á bújörðum víðtækari og þar sem ræktunarskilyrði eru víða mjög góð á Íslandi verður líklega hægt að fá gott timbur í þokkalegu magni úr öllum landshlutum eftir áratug eða tvo,“ segir Jóhann Gísli.

Hafa náð góðum árangri

– Hafa skógarbændur náð góðum árangri í sinni ræktun í gegnum árin?

„Já, skógarbændur vinna náið með ráðgjöfum Skógræktarinnar og hafa þeir heilt yfir náð frábærum árangri. Nýta má afurðir úr skóginum fyrir en menn þorðu að vona. Skjól er líklega það fyrsta sem fólk verður vart við, svo aukinn fuglasöngur úr skóginum, þá meiri uppskera berja og sveppa, stundum meiri grasvöxtur og þá er tilvalið að stýra beit um þau svæði að ógleymdum timburnytjunum sjálfum. Bændur geta til dæmis nýtt timbrið úr 15 ára gömlum lerkiskógi í girðingarstaura svo dæmið sé tekið.“

Margar áskornir

– Hver er helsta áskorun skógarbænda í dag og hvernig ætlið þið að mæta þeirri áskorun?

„Áskoranirnar eru margar og vert er að nefna nokkrar. Fyrst er að nefna að þau svæði sem ætluð er undir skógrækt séu nýtt til fulls, þ.e. að gróðursetning, slóðagerð og viðeigandi umhirða sitji ekki á hakanum. Næst er að nefna ógn af loftslagsbreytingum, því þær virðast gerast ansi hratt.

Hvað mun það þýða fyrir okkar



Breiðavað er myndarbylí við Lagarfljót skammt neðan við Egilstaði. Þar rekur Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður Landssamtaka skógareigenda, kúabúskap ásamt fjölskyldu sinni auk þess að stunda skógrækt.



Jóhann Gísli Jóhannsson, kúabóndi og skógarbóndi á bænum Breiðavaði á Austurlandi. Hann er formaður Landssamtaka skógareigenda og er hér staddur við Stracta Hótel á Helli þar sem aðalfundur LSE fór fram í haust.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

ræktun á næstu árum og áratugum? Verða skaðvaldar ágengari á sumar tegundir eins og er til dæmis farið að sýna sig á birkinu nú um stundir?

Verða veður og árstíðir með öðru móti á Íslandi eftir nokkra áratugi en nú er?

Þetta eru vissulega áskoranir og við verðum að huga vel að tegunda- og kvæmavali. Það leiðir svo að þriðju áskoruninni sem er að passa upp á að skógarbændur séu vel upplýstir um stöðu mála,“ segir Jóhann Gísli um leið og hann leggur áherslu á mikilvægi þess að skógarbændur sækji sér þekkingu og að upplýsingagjöf sé með besta móti. Þá segir hann að stjórnmöld mættu sinna málaflokknum betur, enda vantar fjármagn frá hinu opinbera til þess að standa við gerða samninga við skógarbændur um nytjaskógrækt, t.d. þarf fjármagn til grisjunar og umhirðu.

Mælt með fjórum megin trjátegundum

– Hvaða trjátegundir eru að standa

Stafafuran hefur skipað sér ákveðinn sess hérlandis

– Hvað með jólatrjárækt hjá skógarbændum, hvernig er staðan þar, getum við ekki farið að rækta okkar eigin jólatré?

„Jú, jú, margir skógarbændur eru nú þegar farnir að rækta jólatré með ágætum árangri. Stafafuran hefur skipað sér ákveðinn sess hérlandis enda sú tegund sem er bæði auðveld í ræktun og hefur marga kosti sem jólatré, svo sem vegna barrheldni, ilms og forms. Akurrækt á jólatrjám hefur verið reynd og stundum gefist ágætlega. Þá eru helstu tegundir greni og þinur, en kynbætur standa yfir á fjallabíni um þessar mundir svo þess er vonandi ekki langt að biða að þinur verði meira í stofum landamanna. Betur má ef duga skal í að mæta eftirspurn eftir íslenskum jólatrjám sem verða sifellt vinsælli.“

Því sjálfbærari sem við erum því betra

– Hvaða skoðun hefur þú á innflutningi trjáa, eins og jólatrjám, eigum við að vera að standa í svona innflutningi?

„Því sjálfbærari sem við erum, því betra. Því meira sem við gerum sjálf því minna er vonandi flutt inn. Söluaðilar vilja fá íslensk tré til að selja þar sem þau tré seljast oft á undan þeim innfluttu. Það fylgir því viss hættu að flytja inn tré, sem og aðrar lifandi afurðir. Sveppir, pöddur eða aðrir skaðvaldar geta fylgt innflutningi og haft óafturkræfar afleiðingar á alls kyns ræktun hérlandis.“

Kúabúskapur og skógrækt fer vel saman

– Hvað með sjálfan þig og þína fjölskyldu? Þið eruð kúabændur og skógarbændur. Hvernig fer það saman? Og hvað eruð þið með mikið undir í skógrækt og hvernig gengur?

„Það fer mjög vel saman að vera kúa- og skógarbóndi. Maður getur skapað skjól fyrir gripina og hægt er að nota skóginn til þess að mynda skjól fyrir ræktun sem skilar sér í aukinni uppskeru. Við erum með um það bil 50 hektara undir skógrækt og við erum aðallega með lerkí og furu. Skógræktin gengur mjög vel, við gróðursettum að mestu 1991 og 1992 og búið er að

grisja þá reiti. Það sem kom úr þeirri grisjun verður nýtt í girðingarstaura og kurl. Síðan var aftur gróðursett 2014 til 2016.“

– Hvað finnst þér skemmmtilegast og áhugaverðast við skógræktina?

„Það er gaman að fylgjast með skógi verða til, og að taka þátt í því að skapa þessa auðlind sem skógurinn er. Trjárækt skiptir auðvitað miklu máli við bindingu kolefnis og í framtíðinni á þetta eftir að vera stór atvinnuvegur, ef fjármagn fæst til áframhaldandi gróðursetningar,“ segir Jóhann Gísli og bætir við að samvinna skógarbænda gangi mjög vel enda hittist bændurnir reglulega á fundum og námskeiðum sem eru haldin víða um land. „Þar skiptast menn vissulega á ráðum og eru stöðugt að læra. Þá leita menn mikið til sinna skógræktarráðgjafa sem eru á vegum Skógræktarinnar, sem gefa góð ráð um næstu skref.“

Mikilvæg í bindingu kolefnis, uppgræðslu og skjólmyndun

– Hvernig sérðu bændaskógræktina þróast áfram á næstu 10 til 15 árum?

„Ég sé hana vaxa og dafna á næstu árum. Hún á vonandi eftir að aukast mikið, enda mikilvæg í bindingu kolefnis, uppgræðslu og skjólmyndun. Með því að fjórfalda skógrækt á næstu árum eiga Íslendingar að geta orðið sjálfbærir þegar kemur að timbri árið 2060. Þá getur hráefnið sem skógræktin skilar auðvitað skipt skógarbændur töluverðu fjárhagslegu máli.“

Jóhann Gísli segir að endingu að með því að hefja skógrækt geta íslenskir bændur kolefnisjafnað framleiðslu sína. „Fáir ef nokkrir bændur í heiminum eru í eins góðri aðstöðu til þess, því hér á landi er lítið af skógi og mikið land. Tré binda mest kolefni á meðan þau eru að vaxa og því eru miklir möguleikar í kolefnisbindingu hér á landi. Það er einnig ljóst að Íslendingar geta ekki mætt kröfum Parísarsamkomulagsins um bindingu kolefnis, nema með því að auka skógrækt. Og það liggur á því tré ná hámarksbindingu um 15 til 20 árum eftir gróðursetningu. Við viljum því hvetja sem allra flesta bændur til þess að hefja skógrækt,“ segir formaður Landssamtaka skógareigenda.

/MHH



Jóhann Gísli ásamt eiginkonu sinni, Ólöfu Ólafsdóttur. Þau eru með um það bil 50 hektara undir skógrækt sem samanstendur aðallega af lerki og furu. Börnin þeirra eru fjórar dætur en það eru þær Eyrún Björk (1981), Ragnhildur Ýr (1987), Helga Rún (1989) og Guðlaug Margrét (1993). Barnabörnin eru fimm.

Mynd / Einkasafn

Úr ályktunum aðalfundar Landssamtaka skógareigenda í október 2018

Flutningur til landbúnaðarráðuneytis
„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn á Hellu 5. og 6. október 2018, leggur þunga áherslu á að bændaskógræktin verði færð frá umhverfissráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis.“

Rök:
Bændaskógrækt er eins og hver önnur grein landbúnaðar og því eðlilegt að hún sé undir landbúnaðarráðuneytinu og fjármagn til hennar verði greitt út af Búnaðarstofu eins og annar stuðningur til landbúnaðarins. Samþykkt að vísa tillögunni til stjórnar LSE með meirihluta atkvæða.

Verklag við uppgjör
„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn á Hellu 5. og 6. október 2018, beinir því til stjórnar LSE að fara með Skógræktinni yfir það fyrirkomulag sem er við úttektir framkvæmda og fjárhagsuppgjör við bændur.“

Greinargerð:
Umhugsunarvert er að í dag eru allar framkvæmdir og fjárhagslegt uppgjör við skógarbændur framkvæmdar af Skógræktinni. Þar er átt við áætlanagerð, úttektir plantna, framkvæmdir og fjárhagslegt uppgjör.

Verkefnaflutningur frá Skógræktinni til LSE
„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn á Hellu 5. og 6. október 2018, felur stjórn LSE að hefja viðræður við Skógræktina um það, hvort tímabært sé, að LSE taki að sér ákveðin verkefni sem Skógræktin sinni í dag.“

Greinargerð:
Hugmyndir hafa verið uppi um að LSE, sem samnefni skógarbænda, gæti tekið að sér ákveðin verkefni, sem Skógræktin sinnir nú. Svo sem ráðgjöf og uppgjör við skógarbændur, upplýsingagjöf og fræðslu, eða jafnvel plöntuafhendingu. Í dag er allt ferlið í höndum Skógræktarinnar og spurning hversu æskilegt það er, eða hvort til greina komi að Skógræktin deildi út ákveðnum verkefnum til LSE.

FYRIRTÆKI Á SAUÐÁRKRÓKI TIL SÖLU



Til sölu er rekstur og húsnæði *Efnalaugar Sauðárkróks* að Borgarflöt 1. Húsið er byggt úr stálgrind árið 1979, alls 296 m² að stærð.

Nánari upplýsingar hjá undirrituðum.



Ágúst Guðmundsson lögg. fasteignasali

S: 453 5900 & 862 5907 • agust@krokurinn.is • www.krokurinn.is

Bændablaðið á bbl.is

DANUBE *Getum við orðið að liði?* **Tilvinnu**

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.

Þurrkarar **Þvottavélar**

Strauvélar

Hótelín, þvottagrindur, taupokar ofl.

iceFAKTA ehf.

Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

MAXAM ENGINEERED IN EUROPE

HAGKVÆM DEKK FYRIR ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli. Maxam dekkinn eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur — hafðu samband við sölumenn okkar í síma 590 5280 og kynntu þér kosti Maxam dekkjanna.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5280 / klettur.is

Lokaverkefni við LbhÍ um viðhorf gagnvart hrossakjöti og kauphegðun á því:

Margar ástæður fyrir því að við ættum að borða meira af hrossakjöti

– Ætti að vera margfalt meira virði en fæst fyrir það í dag

Í lokaverkefni við auðlinda- og umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands fjallaði Eva Margrét Jónudóttir um viðhorf íslenskra neytenda gagnvart hrossakjöti og kauphegðun þeirra á slíku kjöti. Í niðurstöðum kemur meðal annars fram að hrossa- og folaldakjöt virðist ekki vera nógu áberandi í verslunum og að einhvers konar tilfinningarök sé ástæða margra fyrir því að hafa ekki áhuga á að smakka slíkt kjöt.

Framleiðsla og sala á hrossakjöti á Íslandi er langtum minni en annarra kjöttegunda. Í yfirliti Matvælastofnunar fyrir október 2018 kemur fram að hlutdeild hrossakjöts í kjötframleiðslu landsins er rúmlega þrjú prósent og sala hrossakjöts er rétt rúmlega tvö prósent af heildarsölu.

Álíka skrátið og að borða hundinn sinn

Að sögn Evu Margrétar kom ýmislegt á óvart varðandi niðurstöður verkefnisins, en annað ekki. „Ég fór svolítið í söguna síðan um kristnitöku og skoðaði hleypidóma vegna hrossakjöts, sem voru mjög áhugaverðir, og eftir að ég var búin að reikna út úr niðurstöðum könnunarinnar kom margt forvitnilegt í ljós. Flest var þó á þann veg sem ég hafði haldið. Viðhorf elstu aldurshópanna voru alltaf neikvæðust en eftir því sem aldurshóparnir urðu yngri, því meiri jákvæðni var í garð hrossakjötsins. Miðað við þær niðurstöður sem ég fékk þá eru hleypidómar af trúarlegum ástæðum alveg dottnir upp fyrir, en nú finnst einhverjum þetta vera meira siðferðismál; þeir sem borðuðu kjöt almennt en ekki hrossakjöt sögðu sumir það vera álíka skrátið og að borða hundinn sinn,“ segir Eva Margrét.

Tækifærin liggja hjá ungu kynslóðinni

„Já, það er engin spurning,“ segir Eva Margrét þegar hún er spurð hvort það sé þess virði fyrir hrossabændur og afurðastöðvar að fara í átak til að gera meiri verðmæti úr hrossakjötsafurðunum. „Hrossakjöt er margfalt meira virði en fæst fyrir það í dag. Ég vil halda því fram að þetta kjöt verði næsta tiskubóla. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að hrossa- og folaldakjöt sé ekki nægilega áberandi í verslunum – ef það er þá til yfirhöfuð. Flestir sem kaupa hrossa- og eða folaldakjöt kaupir kjötið í matvörubúð úr kæli, en næststærsti hópurinn verslar hjá vini, ættingja, slátrar sjálft, kaupir beint frá býli eða sláturhúsi.

Tækifærin liggja hjá ungu kynslóðinni. Ungu fólkið er ekki bara jákvæðast í garð hrossa- og folaldakjöts heldur er það einnig móttækilegra fyrir því að prófa alls kyns nýjungar því það getur verið að það sé ekki eins vanafast og eldra fólkið.

Íslendingar hafa verið fljótir að tileinka sér nýjar matvörur sem þeim líkar hvaðanæva að úr heiminum líkt og varðandi alls kyns kjúklingarétti og svínakjötsrétti sem þekktust ekki nema í agnarlitlum mæli hér áður. Þá spyr maður sig, væri það ekki hægt með hrossakjöt?“

Sláandi lítil hrossakjötsneysla

Eva Margrét segir að hún hafi valið sér þetta efni til að fjalla um í lokaverkefninu þegar hún sá neyslutölur yfir mismunandi



Í lokaverkefni Evu Margrétar kemur fram að yngri kynslóðir eru almennt opnari fyrir hrossakjötsáti en hinar eldri.

Mynd / úr safni

kjöttegundir og að hrossakjötsneysla á Íslandi væri í kringum tvö prósent af heildarneyslunni. „Framleiðslan er um fjögur prósent af landsframleiðslu alls kjöts og svo flytjum við helminginn út. Ég sá þessar tölur þegar ég tók valáfanga á lokaárinu mínu sem hét loðdýr, svín og alifuglar og var þá búin að læra ýmislegt um framleiðslu á hinum ýmsu matvælum á landi.

Þegar ég hugsaði um eiginleika kjötsins, næringarsamsetningu, framleiðslu út frá dýravelferð og náttúruvernd þá fannst mér þessi tveggja prósent tala svo fáránleg og velti fyrir mér af hverju við Íslendingar borðum svona lítið af hrossakjöti. Ég ræddi þetta aðeins við nokkra kennara og mér fannst enginn sýna þessu neinn sérstakan áhuga fyrr en ég talaði við áfangastjóra og brautarstjóra. Þær hvöttu mig áfram til þess að koma einhverju niður á blað og reyna að finna leiðbeinendur sem höfðu þekkingu á þessu sviði. Ég fékk að lokum tvo frábæra leiðbeinendur frá Mátis, Kolbrúnu Sveinsdóttur og Guðjón Þorkelsson. Við útfærðum hugmyndina saman og fengum styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins fyrir verkefninu svo ég er í rauninni enn þá að vinna í því til þess að taka það lengra,“ segir Eva um val sitt á efninu.

Er sjálf hrossaeigandi og hrossakjötsæta

„Ég er ekki hagsmunaaðili eða tengd slíkum í neinum skilningi,“ segir Eva Margrét þegar hún er spurð hvort hún eigi sjálf hross. „Bara svo það sé ljóst þá er það ekki svoleiðis ástæða sem hvetur mig áfram í að reyna að auka virði hrossakjöts. Ég hef einfaldlega áhuga á þessu því mér finnst þetta vera frábær vara á svo margan hátt en ekki metin af verðleikum. Auðvitað sviður mig líka hvað bændur fá lítinn pening fyrir góða afurð og er það eitthvað sem vonandi á eftir að breytast. Ég



Eva Margrét á þrjú hross sjálf og eitt þeirra er tamið.

Mynd / úr einkasafni

sjálf á ekki nema þrjú hross, þar af bara eitt tamið – sem ég tamdi sjálf – og er frumraun mín í slíkri iðju. Ég næ vonandi að temja hin líka sjálf þegar þau komast á aldur en þau eru ekki nema eins og tveggja vetra – svo það verður að biða aðeins. Ég hef frá því ég man eftir mér alltaf haft gríðarlegan áhuga á

reiðmennsku en alltaf staðið í því ein einhvern veginn. Fjölskyldan mín hefur engan áhuga á þessu og sem krakki var ég yfirleitt ein á útreiðum hrossandi einhvers staðar fram og til baka á hrossum sem höfðu bæði hræðilegt geðslag og ganglag. Ég vissi lengi vel ekki muninn á tölti og brokki þó svo ég væri kannski

alltaf á hestbaki sjálf. Það var ekki fyrr en að ég varð 17 ára og flutti til Þýskalands til að vinna á hestabúgarði með íslenskum hestum að ég lærði eitthvað almennilegt í sambandi við þetta annað en hvernig á að halda sér á baki.

Stjúpamma og stjúpafi áttu mörg hross (öll ótamin) og á mínu

Hvernig má auka hlutfall hrossakjöts í kjötneyslu Íslendinga?

— samkvæmt niðurstöðum Evu Margrétar

- Bæta þarf aðgengi, framboð og sýnileika í verslunum. Hrossakjötsát er ekki í venjum fólks eða hefðum líkt og svo margir aðrir réttir sem hafa skipað sér stóran sess í íslenskrí matarmenningu. Einnig er hrossakjöt ekki nægilega áberandi/sýnilegt í verslunum nema þá helst bjúgu, reykt og salt.
- Þekkingu á vöru hvað varðar meðhöndlun og matreiðslu er stór áhrifaþáttur og því þarf að kynna eiginleika kjötsins.
- Það þarf markaðsaðgerðir við kynningu á hrossakjöti. Ekki hafa fundist heimildir þess efnis að það hafi verið farið í slíkar aðgerðir nema þá helst á grillsteikum frá Sláturfélagi Suðurlands eða lítillega markaðssett folaldakjöt á haustin í fáeinum verslunum.
- Nýta tækifæri sem liggja hjá mötuneytum, veitingahúsum og veisluþjónustum vegna þess að reynslan er góð hvað varðar notkun á hrossakjöti.
- Kanna þarf á hvaða bitum þyrfti mest að auka sölu til þess að koma betra jafnvægi á sölu skrokka og þannig útbúa uppskriftir úr þeim afurðum sem gætu tengst einhverri ákveðinni hefð eða skipað sér sess í íslensku menningarlífi.
- Hrossa- og folaldakjöt mun alltaf falla til vegna gríðarlega mikillar menningu í reiðmennsku og jafnvel gæti framleiðsla á folaldakjöti aukist með hækkandi eftirspurn á blóðmerum. Það er því full ástæða til að reyna að nýta sem best og fá sem mest fyrir þessa afurð sem er af góðum gæðum og þannig mætti hvetja til sjálfbærra kjötframleiðslukerfa sem bæði heyra undir umhverfissjónarmið en einnig velferðarsjónarmið.
- Gæti verið tilvalið að kynna kjötið með tilliti til næringargildis en einnig kynna umhverfisáhrif og frelsi hrossa.
- Ef það á að ráðast í aðgerðir með kynningu á hrossakjöti og eiginleikum þess til að auka sölu, þá er algjört grundvallaratriði að það sé vöruframboð!

æskuheimili var gjarnan borðað hrossakjöt. Ég man reyndar ekki eftir öðru en það hafi verið heimaslátrað, en það var aldrei reykt eða saltað. Þetta var bara meðhöndlað líkt og nautakjöt, gott á grillið, í steinasteik, hamborgara, gúllas og allt hvað eina sem við þekkjum nú flest held ég. Móðir mín var von að elda allt kjöt mjög vel og lengi eins og er víða algengt hjá eldri kynslóðinni skilst mér. Hrossakjötið klikkaði aldrei; það var alltaf svo meyrnt og gott á meðan nautakjötið gat orðið svakalega seigt og þurrt stundum.“

Venjur og uppeldi sterkustu áhrifaþættir

Eva Margrét segir að í könnuninni komi í ljós að sterkustu áhrifaþættir hrossakjötsneyslu eru venjur og

uppeldi. „Skráð hrossakjötsneysla er tvö prósent af allri kjötneyslu í landinu en neyslan er líklega meiri en hægt er að fletta upp. Um 1.000 tonn framleidd árlega, þar af helmingur fluttur út. Afurðaverð fyrir hross er um 100 krónur á kílóíð, verð fyrir folald um 300 krónur á kílóíð.

Lítill marktækur munur var á milli hrossa- og folaldakjöts sem gefur til kynna að tækifærin liggja ekki eingöngu í folaldakjötinu eins og svo oft hefur verið haldið fram heldur eru mörg tromp á hendi sem hægt er að spila með. Það er í rauninni bara spurning hvernig á að vinna slaginn.

Samkvæmt könnuninni á kauphegðun, greint eftir neyslu, var sá hópur sem neytir oft hrossakjöts að kaupa í töluvert meira mæli beint frá býli, vini, ættingja, sláturhúsi

og fleira í þeim dúr en hópur sem neytir sjaldan mikið líklegri til þess að kaupa út úr búð. Mjög líklegt er að ástæðan liggja í vöruframboði. Þeir sem þekkja eiginleika kjötsins og hafa áhuga á að versla það vilja ekki eingöngu versla bjúgu, saltkjöt og reykt kjöt sem oft og tíðum er það sem helst sést í matvörubúð,“ segir Eva Margrét.

Starfar hjá Mátis í dag

Samstarf Evu Margrétar og leiðbeinendanna gekk það vel að hún starfar í dag við hlið þeirra hjá Mátis. „Ég fékk vinnu þar strax eftir útskrift og ætla samhliða vinnunni að taka meistaranám hægt og rólega í matvælafræði og vinna mitt meistaraverkefni þar hjá Mátis. Þetta hentar allt mjög vel því flestir áfangar í matvælafræði eru einnig kenndir hjá fyrirtækinu á Vínlandsleið í Grafarholti. Síðan ég byrjaði hef ég verið að vinna áfram með hrossakjötsverkefnið og undirbúa næsta hrossakjötsverkefni sem verður meistaraverkefnið mitt. Ég fékk einnig að taka þátt í örsláturhúsatilrauninni í Skagafirði og núna nýlega var ég verkefnastjóri Lambaþons – svo það er svona ýmislegt mjög skemmtilegt að gera í vinnunni hjá mér þessa dagana.“

Ýtarlegri mælingar á hrossakjötinu í bígurð

„Við Kolbrún og Guðjón erum búnir að vera að skoða hvaða tækifæri eru í stöðunni varðandi áframhald á verkefninu og erum að funda með hagsmunaaðilum hrossakjöts til þess að fara betur yfir það. Í næsta hrossaverkefni ætlum við að gera fleiri mælingar eins og meyrnimælingar, örverumælingar, geymsluþolsmælingar, mælingar á stærð einstakra vöðva og margt fleira til þess að hægt sé að kynna eiginleikana betur og styðja þannig við öruggar rannsóknir. Ég get alveg sagt að hrossakjöt sé besta kjöt í heimi og allt hvað eina sem mér dettur í hug



Eva Margrét er með framhaldsverkefni á þrjónunum, að skoða eiginleika hrossakjötsins betur með rannsóknum hjá Mátis þar sem hún starfar.

en það er svo mikið grundvallaratriði að hafa fyrirtæki eins og Mátis til þess að geta sýnt fram á tiltekin atriði með alvöru matvælarannsóknum. Mátis í sinni stefnumótun hefur þrjú hlutverk og þau eru að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfis með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu og bæta lýðheilsu. Ég get ekki betur séð en að það sem ég er að reyna að gera með hrossakjötið falli undir alla þessa liði.

Kjötframleiðslukerfi með hrossakjöti gæti stuðlað að fæðuöryggi þjóðarinnar, endurheimt votlendis og fellur jafnframt undir frelsisákvæðin fimm hvað varðar dýravelferð. Einnig ætti að vera auðvelt að votta hrossakjöt lífrænt, með nokkurn veginn sjálfbæru framleiðslukerfi jafnvel

velferðarvottað ef markaðurinn gerir kröfu um slíkt. Hross losa einnig út töluvert minna magn gróðurhúsalofttegunda á hvert kíló af kjöti samanborið við nautgripi og sauðfé. Eðli hrossakjöts er að það er meyrnt, með hátt næringargildi, mikið af ómettuðum fitusýrum og þess vegna þarf að gæta vel að rétttri meðhöndlun til þess að takmarka ekki geymsluþol. Þessar ástæður og svo margar fleiri eru ástæðan fyrir því að við ættum að borða meira af hrossakjöti.“

Eva Margrét segir að hún vilji gjarnan heyra hljóðið í fólki út af þessum málum og sínu verkefni, auk þess sem hagsmunaaðilar séu velkomnir í samstarf. Hafa má samband við hana í gegnum netfangið evamargret@mat.is. Verkefnið má nálgast á vefslóðinni <https://skemman.is/handle/1946/30669>. /smh

„Mín æviköllun er að vinna að varðveislu íslenskra fuglategunda“

— segir Brynja Davíðsdóttir, hamskeri á Selfossi, sem stoppar upp fugla og spendýr og hefur unnið til fjölda verðlauna

„Frá því að ég var 6 ára vissi ég að ég mundi vinna við uppstoppun þegar ég yrði stór.“ segir Brynja Davíðsdóttir, hamskeri á Selfossi, sem hefur unnið til fjölda verðlauna í sínu fagi.

„Ég lærði í bernsku að taka eftir fuglum og njóta þeirra, kunni nöfnin, hljóðin og hvernig þeir höguðu sér. Þá voru uppstoppaðir fuglar á mörgum heimilum og við létum stoppa upp þó nokkra sem urðu á vegi okkar. Eins vandist ég því að af sumum voru fuglar og dýr veidd til matar. Ég fylgdist grannnt með gangi lífsins og hafði strax mínar hugmyndir um nýtingu á nýdauðum fuglum, mér fannst nánast óhugsandi soun að henda því sem féll til, hvort sem voru fuglar sem flugu á rúður eða hamur fugla sem voru veiddir og nýttir til matar, skjannahvítar rjúpur og litfagrir lundar.“

Vildi vernda hami dauðra fugla

„Þetta þurfti náttúrlega að stoppa upp, það var ekki nógu gott að henda þessum fallegu dýrum eða grafa þau í blómabeðinu. Ég ætlaði að sjá til þess að hamirnir mundu ekki tapast og að fólk fengi að njóta þeirra og læra af þeim. Hvernig hefði maður annars tekið eftir því að steindepillinn hefði eins konar veiðihár, ef maður gæti ekki grandskoðað hann?“ bætir Brynja við sem er alin upp á Laugarvatni.

Lærði uppstoppun í Skotlandi

Brynja lærði að stoppa upp fugla

í Skotlandi, landi móðurafa síns, sem hana hafði lengi dreymt um að kynna. Hún fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu til þess að læra fagið við varðveislu og uppsetningu fugla.

„Með hjálp foreldra minna og örlátra ókunnugra hamskera í Bretlandi var ég, 18 ára, komin í ríkisstyrkt tveggja ára starfsnámi í Skotlandi og Englandi, sem stóð yfir óslitið frá september 1994 til nóvember 1996. Síðan þá hef ég unnið við uppstoppun sem hliðargrein, tekið einkanámskeið og stundað aðra símenntun í faginu jafnhliða því að dúxa í meistaranámi í náttúru- og umhverfisfræðum frá Hvanneyri og vinna ýmis krefjandi og fjölbreytt störf, fyrir sveitarfélög og ríkisstofnanir á sviði náttúru og menningar. Draumurinn hefur þó ekki ræst, að Náttúruminjasafn Íslands hafi haft mikla þörf á hamskera á þessum 24 árum frá því að ég stefndi utan fyrst,“ segir Brynja.

Sérhæfir sig í fuglum

Brynja hefur sérhæft sig í að stoppa upp fugla en hún hefur þó stoppað upp eina og eina töfu inn á milli, og í sívaxandi mæli hrútshausa. „Fuglarnir eru skemmtilegastir fyrir mér og ég fékk einstaka tilsógn í þeirri grein í náminu, vaðfuglar, spörfuglar, krian og smyrillinn eru þær fuglategundir sem virðast hvað oftast rata til mín. Það er afskaplega skemmtilegt að vinna verkefni fyrir



Brynja hefur komið sér upp góðri vinnuaðstöðu við heimili sitt á Selfossi þar sem hún stoppar fjölbreytt úrval af dýrum, hrútshausarnir eru t.d. mjög vinsælir um þessar mundir. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

almenning, allir hafa sína sögu að segja sem tengist gripnum og mun fylgja honum áfram.

Stundum eru það börn sem finna fugla og koma með allri fjölskyldunni til mín með fuglinn í uppstoppun og stundum koma foreldrar eða afar með börnin að skoða hvað sé að gerast á vinnustofu hamskera og sækja sér einn fugl í leiðinni. Mér finnst þetta mikilvægasta atriðið, að mennta börn um lífríkið okkar.

Hrútshausarnir eru aftur á móti skemmtilegar áskoranir og mjög

krefjandi verkefni, oft og tíðum stressandi þar sem væntingar eigendanna eru miklar.“

Fjöl mörg verðlaun

Þegar Brynja er spurð út í öll þau verðlaun sem hún hefur unnið í faginu segir hún:

„Já, í námi mínu í Bretlandi var strax haft orð á því hvað ég var heppin með það hvað ég lærði hratt og tók vel eftir, ég varð strax mjög efnileg og vann til ýmissa verðlauna, þar á meðal „Best of

Show“ á ársfundi breskra hamskera árið 1996.

Það er ekki nóg að leggja hart að sér inni á vinnustofu, þetta er eins og með flest annað, ef þú vilt ná árangri þarftu að fá gagnrýni frá þeim sem eru færari og þekkja betur til en þú, og mikilvægt er að hafa keppnisanda til að stefna að því að gera betur. Þess vegna hef ég reynt að taka þátt í alþjóðlegum samkeppnum öðru hvoru, Evrópu meistaramótum og heimsmeistaramótum. Ég hef iðulega staðið mig vel og unnið fjölda viðurkenninga í gegnum tíðina. Standardinn er hár og hækkar ár frá ári á þessum mótum og þátttakendum fjölgar, sérstaklega í fugladeildinni.“

Vann silfur og brons á Evrópu meistaramóti

Ég vann önnur og þriðju verðlaun á Evrópu meistaramóti sem haldið var í Salzburgh í febrúar 2018 fyrir heiðlóuunga og sandlóu. Það er nauðsynlegt að halda sér við í svona handverki, en ég hef unnið við allt annað til að hafa í mig og á svo að uppstoppun hefur aðeins verið unnin þegar tími gefst til. Nú hef ég loksins komið mér upp aðstöðu heima og vil gefa mig að þessu af meiri alvöru, koma upp safni mjög vandaðra verka og sjá til hvert það leiðir.“

Ahugasamir geta haft beint samband við hana í síma 844-7633 eða á Facebook undir nafninu Brynja hamskeri vilji það fá hana til að stoppa upp fyrir sig. /MHH

Gamli traktorinn



Goldoni – ítalskir smá-traktorar sem urðu stórir

Ítalska fyrirtækið Goldoni hefur framleitt tæki til landbúnaðar í tæp hundrað ár. Lengst af hefur það sérhæft sig í jarðtæturum og minni dráttarvélum en fyrir nokkrum árum hóf það framleiðslu á alvöru traktorum.

Árið 1926 stofnaði ítalski verkfræðingurinn Celestino Goldoni ásamt fjölskyldu sinni Goldoni Agricultural Machinery í gamalli hlöðu í Capri-héraði í Norðvestur-Ítalíu. Fyrirtækið er enn í dag með höfuðstöðvar sínar í héraðinu.

Í fyrstu framleiddi fyrirtækið pumpur sem notaðar voru til að að dæla vökvunarvatni út á akra og vínekrur. Smá saman jók fyrirtækið við framleiðslu sína og við bættust ýmis minni verkfæri til landbúnaðar.



Árið 1969 var gerður samningur við stjórn Kastró á Kúbu um sölu á 1.500 dráttarvélum af gerðinni GM4 og Export sem áttu að ýta undir aukna ræktun á sykurreyr í landinu.

Framleiðsla Goldoni á jarðtæturum á hjólum og með ökumannssæti jókst enn árið 1978 þegar það hóf framleiðslu á Goldoni 700 og Cultivator Super 600 í Frakklandi og í Georgíu tveimur árum síðar.

Áframhaldandi velgengi

Níundi áratugurinn var fyrirtækinu góður og fór framleiðsla þess fram í 90 þúsund fermetra verksmiðju þar sem rúmlega 500 starfsmenn settu saman um 30 þúsund vélar á ári.

Næsta skref í framleiðslunni var 1982 þegar Goldoni setti á markað netta dráttarvél sem fékk heitið Compact fyrir vínekrueigendur.




Tveimur árum seinna veittu stjórnvöld í Kína fyrirtækinu leyfi til framleiðslu og sölu á fjórum gerðum traktora, Transporter, Goldoni 800", Universal og RS 900 þar í landi.

Árið 1990 tók Goldoni yfir fyrirtækið ITMA sem sérhæfði sig í framleiðslu á litlum beltadráttarvélum.

Ný deild

Snemma á þessari öld setti Goldoni á laggirnar nýja deild innan fyrirtækisins sem skyldi kanna og leggja áherslu á hönnun og framleiðslu stærri dráttarvéla. Vélar eru þegar komnar á markað en reynsla af þeim takmörkuð enn sem komið er. Af útliti þeirra að dæma eru dráttarvélar hinar glæsilegustu og vonandi að gæði þeirra séu það einnig.

/VH



UTAN ÚR HEIMI

Breskir bændur óttast aðför veganfólks að kjötframleiðslu í Bretlandi: Krafist 14 og 79% skatts á rautt kjöt og unnar kjötvörur

— Krafan sögð byggð á rannsókn Oxford-háskóla

Breskir bændur hafna alfarið hugmyndum veganfólks um að 14% skattur verði lagður á rautt kjöt og 79% skattur á unnar kjötvörur af heilsufarsástæðum. Er þetta talin enn ein birtingarmynd þess að öfgasinnar í röðum veganfólks vilji þvinga sínar neysluverjur upp á alla aðra.

Fram kemur í frétt Farmers Weekly að fullt sé í rannsókn Oxford-háskóla að hægt sé að spara 6.000 mannslíf í Bretlandi með því að draga úr neyslu á rauðu kjöti með 14% skattlagningu og 79% skattlagningu á unnar kjötvörur. Rannsókninni var stýrt af Marco Springmann sem starfar við svonefnt Oxford Martin-verkefni um framtíð matvæla hjá Nuffield-deild Population Health hjá Oxford-háskóla. Springmann segir að heilsulöggjöf í þessa veru myndu senda öflug skilaboð til neytenda og létti um leið álagi á heilbrigðisstofnunum og náttúrunni. Hann bætti þó við að enginn vildi að yfirvöld skikkuðu fólk um hvað það mætti og mætti ekki borða.

„Hins vegar sýna okkar niðurstöður það skýrt að neysla á rauðu og unnu kjöti hefur kostnað í för með sér. Ekki bara fyrir heilsu fólks á jörðinni, heldur einnig fyrir heilbrigðiskerfið og efnahagslífið.“

Vaxandi þrýstingur hefur verið á að fólk dragi úr neyslu á kjötvörum. Veggspjöld hafa m.a. verið sett upp á undanförmum vikum á neðanjarðarbrautarstöðvum



Vaxandi þrýstingur og áróður hefur verið í gangi í Bretlandi frá veganfólki um að allur almenningur dragi úr neyslu á kjötvörum.

í London af baráttuhópi fólks sem hefur skilgreint nóvembermánuð sem veganmánuð.

Getur haft alvarlegri áhrif á breskan landbúnað en Brexit

Á landbúnaðarráðstefnunni Northern Farming, sem haldin var í Hexam í byrjun nóvember, sagði landbúnaðarhagfræðingurinn Alan Buckwell að breyttar neysluverjur gætu jafnvel haft alvarlegri áhrif á breskan landbúnað en Brexit og útganga Breta úr Evrópusambandinu, sér í lagi fyrir dýraeldi sem ekki væri skilgreint innan öruggs ramma.

Robert Addison, framkvæmdastjóri Hexam and Northern Mart-uppboðshússins, við skosku landamærin, sagði að skattar myndu eyðileggja kjötfraðlegu sem væri afar mikilvæg atvinnugrein

fyrir héraðið. Hjá Northern Mart starfa 45 manns en í gegnum uppboðshúsið fara 25.000 nautgripir og 100.000 fjár á ári.

Veganfólk snýr skoðunum á haus

„Ég hef áhyggjur af þessu,“ sagði Addison, „því að á sama tíma er fjöldi vísindamanna sem segir að kjötneysla sé góð fyrir heilsuna. Það virðist vera að skoðunum sé snúið á haus á fimm mínútna fresti af veganfólki sem virðist fá síaukið rými í fjölmiðlum.“

Richard Findlay, formaður NFU livestock, sagði að breskir bændur myndu halda áfram að útvega örugg og rekjanleg matvæli á góðu verði fyrir fólk sem vildi njóta heilsusamlegs og fjölbreytts mataræðis með nauðsynlegum vítamínum.

/HKr.

Vísindamenn gagnrýna fullyrðingar um að unnar kjötvörur hafi áhrif á krabbamein

Vísindamenn gagnrýna nú mjög fréttir um að tengsl séu á milli neyslu á kjötvörum eins og beikoni, skinku og pylsum við aukna hættu á krabbameini í fólki.

Samkvæmt frétt Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar WHO er 0,68% hættu á að 50 ára karlmann þrói með sér blöðruhálskirtilskrabbamein á næstu 10 árum ævi sinnar. Ef þeir neyti unninna kjötvara aukist áhættan um 0,8%.

Í fréttinni er leitt að því líkum að framleiðsluáðferðum eins og reykingu á kjöti og söltun geti verið um að kenna hvað varðar áhættuaukningu á krabbameini frekar en neyslu á kjöti almennt. Þá kemur einnig fram í frétt WHO að kjöt sé hugsanlega krabbameinsvaldandi, en mjög takmarkaðar sannanir bentu til þess að það væri rétt. Fréttin er byggð á ráðleggingum frá Alþjóðamiðstöð krabbameinsrannsókna hjá WHO.


Rangt að setja kjöt í sama áhættuflokk og tóbak

Ian Johnson, prófessor hjá Matvæla-rannsóknarstofnuninni í Norfolk, segir það beinlínis vera rangt að setja rautt kjöt á sama lista og krabbameinsvaldandi efni eins og tóbak og vín.

„Það er sannarlega mjög óviðeigandi að fullröða að afleiðingar af neyslu á beikoni og skinku á þarmakrabbamein sé sambærileg við áhættuna af reykingum.“

Reykingar eru sagðar valda um 800.000 dauðsföllum á ári, en WHO hefur fullt að 34.000 dauðsföllum megi rekja til neyslu á unnum kjötvörum.

„Jafnvel þótt faraldsfræðilegar rannsóknir sýndu fram á tengingu



Goðsagnapersónan og lífeðlisfræðingurinn Ancel Benjamin Keys, sem plataði heilbrigðisfyrirvöld um allan heim til að samþykkja lýðheilsuáhrif um að útiloka bæri dýrafitu úr fæðu manna vegna hættu á hjartaáföllum. Hans rannsóknir reyndust áratugum síðar byggðar á hreinum blekkingum, en hann komst samt á forsíðu Times árið 1961 fyrir þessa „snilli“ sína.

milli neyslu á unnum kjötvörum og ristilkrabbameini, þá eru áhrifin tiltölulega litil og rannsóknir illa rökstuddar,“ segir Johnson prófessor.

Vitin til að varast

Í þessu samhengi minnst menn áratugalangra lýðheilsuráðlegginga FAO og WHO um að neysla á dýrafitu væri stórhættuleg. Slíkt mátti m.a. sjá í ráðleggingum lækna um allan heim og þar á meðal

landlæknisembættisins á Íslandi um áratuga skeið. Síðar kom svo í ljós að bandaríski lífeðlisfræðingurinn Ancel Benjamin Keys, sem fékk þessi lýðheilsuáhrif samþykkt og viðurkennd á sjötta áratugi síðustu aldar (1953), hafði vísitandi rangt við í sínum rannsóknum. Þetta gerði hann samkvæmt svonefndri „Sjö landa rannsókn“ [Seven Countries Study] sem upphaflega átti að vera í 22 löndum en enduðu í afar takmörkuðum gögnum sem hann matreiddi að eigin geðþóttum. Reyndar var talað um hreinar blekkingar í því sambandi sem byggðar hafi verið á upplögnum rannsóknum. Samkvæmt þeim áttu að vera bein tengsl á milli neyslu á dýrafitu og myndun hjartasjúkdóma. Við þessu gleypstu heilbrigðistýrðvöld

um allan heim sem hinum eina rétta sannleika og komst hann meira að segja á forsíðu Time árið 1961 fyrir „afrekið“. Samt hafði verið bent á það af Yerushalmey og J. Hilleboe strax árið 1957 að niðurstöður Keys væru mjög vafasamar.

Talið er að þessar ráðleggingar Keys hafi leitt til ofnotkunar á sykri og óhóflegu magni kolvetnis sem orsakað hafi offitu og ótölulegan fjölda ótímabærra dauðsfalla.

Nú stýðst landlæknisembættið á Íslandi við norrænar rannsóknir sem kynntar voru 2013 og Bandaríkjamenn tóku upp svipaðar ráðleggingar árið 2015.

/HKr.



Sandblástur - Glerblástur - Sodablástur

Blástur og málun

Gerum gamalt eins og nýtt








DUSTLESS BLASTING

dlb.is

Rauðhellu 16. 221 Hfj. Sími 696-5756

Dagatalskubbar - og jólapappír




Dagatalskubbar
Mánaðartöl
Dagatalsspjöld
Jólagjafapappír
Jólakort
Merkimiðar

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
www.gudjono.is · Sími 511 1234

Sjá nánar á heimasíðu **www.gudjono.is**

EYJALIND Startarar og Alternatorar

- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Batar



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Jólaþveðja beint frá bónda

Bændablaðið býður bændum að senda jólaþveðju á síðum jólablaðsins sem kemur út fimmtudaginn 13. desember.

Einföld skráning inni á vefsíðu **bbl.is**.

Bændablaðið



RML RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

ÖRMERKINGANÁMSKEIÐ

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins áformar að halda örmerkinganámskeiði í desember. Að námskeiði loknu geta þátttakendur sótt um leyfi til örmerkinga hjá *Matvælastofnun*, á grundvelli laga um velferð dýra.

Námskeiðin verða haldin á tveimur stöðum verði þátttaka næg:

- ✓ Hvolsvöllur, fimmtudagur 6. desember.
- ✓ Akureyri, fimmtudagur 13. desember.

Um er að ræða eins dags námskeið, bæði bóklegt og verklegt, u.þ.b. frá kl. 10:00–16:00. Námskeiðsgjald er kr. 50.000,- með einni örmerkingablokk innifalinni í verði.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig til þátttöku hjá Péttri Halldórssyni **fyrir föstudaginn 30. nóvember** næstkomandi. Netfang: petur@rml.is - Sími: 516-5038 eða 862-9322.

Bent er á að félagar í *Bændasamtökum Íslands* geta átt rétt á styrk úr starfsmenntasjóði BÍ. Nánari upplýsingar á vefsíðu sjóðsins: www.bondi.is/felagsmal/starfsmenntasjodur/

Þjóðhátíðar- og ævintýraferð til Noregs 16. – 20. maí 2019




Flogið í beinu flugi til Bergen með Icelandair, gisti í 4 nætur í Bergen. Ferðin er stútfull af áhugaverðri dagskrá og hér má sjá brot af því sem þátttakendur munu upplifa:

- Heimsækjum bændur sem selja beint frá býli og fáum þjóðlegar veitingar
- Fáum leiðsögn um safn og heimili tónskáldsins Edvard Grieg, Trolldhaugen
- Fögnum þjóðhátíðardegi Norðmanna, 17. maí, með innfæddum. Einstök upplifun að vera í Noregi á þjóðhátíðardegi heimamanna
- Föllum í siglingu og hátíðarkvöldverð á hinum margrómaða Cornelius-veitingastað
- Tökum lest um fallegustu lestarleiði í heimi með Flámsbana.
- Siglum inn Nærøfjorden í Sognafirði sem er á heimsminjaskrá UNESCO

Verð á mann í tvíbýli: 151.630,-
Verð á mann í einbýli: 174.030,-
(Allt innifalið fyrir utan hádegisverðir og einn kvöldverður ásamt drykkjum)

Fararstjóri: Erla Hjördis Gunnarsdóttir, epla- og eggjabóndi í Harðangursfirði í Noregi og blaðamaður Bændablaðsins. Skráning á erlagunn@gmail.com fyrir 15. janúar 2019.

Fyrir frekari upplýsingar og ferðadagskrá er hægt að senda tölvupóst á erlagunn@gmail.com eða í sínum 563-0320 og 0047 923 16 250.

STRÚKTÚR

Vegg- og þak- Klæðningar




Við finnum lausn sem hentar þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Stangarhyl 7 | sími: 588 6640 |

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rúm 190 tonn af ferskum ferskjum og nektarínunum árið 2017.

Ferskjur eru með flauelshúð

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Ferskjur eiga sér langa ræktunarsögu í Kína. Talið er að Alexander mikli hafi haft þær með sér til Evrópu eftir að hann lagði Persíu að velli. Nektarínur eru afbrigði af ferskjum.

Framleiðsla á ferskjum og nektarínunum hefur aukist hratt undanfarin ár og áætluð heimsframleiðsla á ferskjum og nektarínunum árið 2016 er rúm 25 milljón tonn. Framleiðslan er langmest í Asíu, um 17,5 milljón tonn, næstmest er hún í Evrópu, tæp 4,8 milljón tonn. Í Norður- og Suður-Ameríku rúm 2,1 milljón, í Afríku er áætluð ræktun 860 þúsund tonn og 84 þúsund tonn í Eyjaálfunni.

Þegar kemur að einstökum löndum er Kína langstærsti framleiðandinn og framleiðir ríflega 13 milljón tonn af ferskjum og nektarínunum á ári, sem er 11 milljón tonnum meira en Spánn, sem er annar stærsti framleiðandinn með um tvær milljónir tonna á ári. Ítalía er í þriðja sæti með framleiðslu á um 1,5 milljón tonn og Bandaríki Norður-Ameríku og Grikkland í fjórða og fimmta sæti og framleiðslu upp á rúm milljón tonn.

Eins og gefur augaleið er Kína stærsti útflytjandi ferskja og nektarina í heiminum en þar á eftir koma Spánn og Bandaríki Norður-Ameríku. Stærstu innflutningslöndin eru Þýskaland, Rússland, Hvíta-Rússland og Frakkland.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rúm 190 tonn af ferskum ferskjum og nektarínunum árið 2017. Mest var flutt inn frá Spáni, rúm 95 tonn, og Ítalíu, tæp 81 tonn. Auk þess sem eitthvað af ferskjum og nektarínunum er flutt inn sem þykki og bragðefni.

Ættkvíslin Prunus

Um 430 tegundir trjáa og runna, sem eru sigrænir eða lauffellandi, tilheyrja ættkvíslinni Prunus sem er af rósaætt. Þar á meðal ferskjur,



Ferskjutrú í blóma.



Pan-tao ferskjur.

plómur, kirsuber, perur, aprikósar og möndlur.

Ferskjur og nektarínur

Ferskjur eru sætir ávextir ferskjutrjáa, Prunus persica. Ferskjutrú eru lauffellandi og ná hæglega tíu metra hæði í náttúrulegum heimkynnum

sínum í Asíu. Í ræktun eru tré yfirleitt ekki hærri en þrír til fjórir metrar. Stofninn sem vex upp af grunnt liggjandi trefjarót er grannur og sjaldan yfir 15 sentimetrar í þvermál á fullvöxnum trjám. Laufið stakstætt, lensulaga 7 til 16 sentímetra langt og 2 til 3 sentímetrar að breidd. Trén blómstra snemma á vorin

fyrir laufgun, blómin bleik 2,5 til 3 sentímetra í þvermál með fimm krónublöðum. Aldinið, steinaldin, rauðbleikt og gult á ytra borði en hvítt gult og jafnvel rautt að innan eftir afbrigðum. Angar vel. Utan um fræði er brúnleitt, hrjúft og egglega fræhulstur sem er einn til tveir sentímetrar að lengd. Fræði sjálft er hvítt og eilítið minna en fræhulstrið.

Þrátt fyrir að til séu hundruð mismunandi ræktunarafrígðir, staðbrigði og landsortir af ferskjum sem eru ólík að stærð, lögun, lit og bragði eftir vaxtarstað, er þeim yfirleitt skipt í tvennt. Annars vegar ferskjur sem eru með flauelskennda húð eða nektarínur, P. persica var. nucipersica eða var. nectarina, sem eru sléttar viðkomu eða eins og nýrakaðar ferskjur. Ferskjur eru yfirleitt stærri, mýkri og safaríkari en nektarínur og fræði í þeim stærra.

Uppruni og útbreiðsla

Elstu minjar sem minna á ferskjur eins og við þekkjum þær í dag er 2,6 milljóna ára gamall

plöntusteingervingur sem fannst í Kunming-héraði í Kína og kallast P. kunmingensis. Talið er að ferskjur hafi fyrst verið ræktaðar í norðvesturhluta Kína. Þaðan barst plantan um Asíu og til Persíu þar sem ferskjur voru í miklu uppáhaldi. Frá Persíu barst hún til Evrópu fyrir ríflega 2.300 árum.

Nafnaspeki

Grikkir og Rómverjar kölluðu ávöxtinn melon persikon, eða persneskar plómur. Á frönsku varð heitið pêche, á ítölsku pesca og á ensku peach. Þjóðverjar nefna ávöxtinn pfirsich, Pólverkar kalla hann brzoskwinia, Finnar persikka, á galísku er heitið pexego og dönsku fersken og þaðan sem íslenska heitið ferskja er komið.

Á ensku er orðið peach slangur-yrði yfir ungar konur eins og svo eftirminnilega kemur fram í texta lagsins Peaches með hljómsveitinni Strangles „Walking on the beaches looking at the peaches“.

Þýðing latneska ættkvíslarheitisins Prunus er óþekkt en talið að það sé lánsorð úr phrygian sem er útdautt tungumál sem var talað í Mið-Asíu og skylt frumgrísku. Tegundaheitið persica þýðir að plantan komi frá Persíu og tengist því að Evrópumenn töldu hana þaðan komna.

Saga

Þrátt fyrir að latneska tegundaheitið persica bendi til þess að plantan sé upprunnin í Persíu, þar sem nú er Íran, sýna rannsóknir að erfðafni hennar svo ekki verður um villst að plantan sé upprunnin í Kína. Talið er að ræktun á ferskjum hefjist í Zhejiang-héraði norðan við Sjanghai Kína 6000 árum fyrir Kristburð. Ferskja er getið í kínverskum ritum frá því á elleftu öld fyrir Krist og sagðar í miklu uppáhaldi hjá keisaranum og hirðinni.

Vísbendingar eru um að ferskjur berist til Japan frá Kína á tímabilinu 4700 til 4400 fyrir upphaf okkar tímatals, eða á svokölluðu Jomon-tímabili. Talið er að planta berist til Indlands um 3700 fyrir Krist.

Ferskjur bárust til Grikklands um 300 fyrir Krist eftir að Alexander mikli lagði undir sig Persíu. Rómverjar voru farnir að rækta ferskjur í Bologna-héraði hundrað árum eftir Krist og það má sjá myndir af þeim á veggjum í Pompei sem eldgosið í Vesúvíus lagði í eyði 79 eftir Krist.

Spænskir landkönnuðir báru með sér ferskjur yfir Atlantshafsála til Mið- og Suður-Ameríku á 16. öld. Um öld seinna berast þær til Frakklands, Bretlands og norður eftir Evrópu. Talið er að breski garðyrkjumaðurinn George Minifie hafi fyrstur manna haft með sér ferskjur til Norður-Ameríku á 17. öld og ræktað á landareign í Virgíníuríki. Thomas Jefferson, þriðji forseti Bandaríkjanna, ræktaði ferskjutré á bugarði sínum Monticello í sama ríki. Sagt er að Cherokke-indíánar hafi snemma lært að rækta ferskjur af evrópsku landnemunum.

Almenn ræktun á ferskjum í Norður-Ameríku hófst þó ekki fyrr en á níjtánda öld. Í dag er ræktun á þeim í Bandaríkjunum mest í Kaliforníu.

Ræktun og ólík yrki

Ferskjur og nektarínur kjósa mikla sól og fremur þurran og niturríkan jarðveg en þola illa að þorna um of. Þær dafna best þar sem greinileg skil eru milli árstíða. Æskilegur sumarhiti er milli 20° og 30° á Celsius. Plantan þarf hvíldartíma þar sem hitinn fer niður fyrir 10° á Celsius í að minnsta mánuð á ári. Ferskjutré þola allt að mínus 30° á Celsius en blómvisar drepast við mínus 15° á Celsius.

Við góðar aðstæður mynda ferskju- og nektarínutré aldin á þriðja ári og trén í ræktun í sjö til fimmtán ár eftir afbrigðum áður en þeim er skipt úr fyrir ný. Líkt og flest ávaxtatré af ættkvíslinni Prunus þola ferskjutré vel klippingu og því auðvelt að móta trén að vild.

Mismunandi er milli afbrigða ferskja og nektarína hvort aldinið losnar auðveldlega frá fræhulstrinu eða ekki og eru þau fyrnefndu vinsælli til átu fersk en þau fastheldnu meira notuð í vinnslu á safa og til niðursuðu.

Ræktendur kjósa helst afbrigði ferskja og nektarína sem eru fastar í sér, rauðleitar og með mjúkri flauelshúð þar sem slík aldin þola betur flutning, hafa lengri hillutíma í verslunum og seljast almennt betur. Þetta val hefur dregið úr bragðgæðum aldinanna þar sem mjúk aldin eru sætari á bragðið en stinn.

Dæmi um ferskjuafbrigði sem þykja skara fram úr eru meðal annarra 'Duke of York', 'Peregrine', 'Rochester' og 'Lord Napier' sem er nektarína. Til er afbrigði af ferskjum sem kallast 'pan-tao', kleinuhringja-eða Satúrnusarferskjur, Prunus persica var. platycarpa, og eru þær flatari í lögun en venjulegar ferskjur og þær hafa fengist í verslunum hér á landi.

Eins og með aðrar plöntur í ræktun sækja margvislegar óvætur á ferskjur og nektarínur og er margs konar eiturefnum beitt til að draga úr skaða þeirra. Reyndar eru ferskjur og nektarínur í hópi með plöntum sem kallast „Dirty dozen“ og er hópur þeirra tólf plantna sem mest er notað af eiturefnum við ræktun á.

Nektarínur

Ekki er vitað fyrir vist hvenær nektarínur komu fyrst fram á sjónarsviðið en þeirra er fyrst getið í enskum ritheimildum árið 1616 en talið er vist að þær hafi verið í ræktun í Asíu mun lengur og jafnvel álíka lengi og ferskjur.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er getið um ræktun á nektarínunum í dagblaði í New York árið 1768 og sagt að þær séu ræktaðar við útjaðra borgarinnar. Plöntusafnarinn David Fairchild flutti einnig fjölda



Ferskjur eru sætir ávextir ferskjutrjáa, Prunus persica. Ferskjutré eru lauffellandi og ná hæglega tíu metra hæð í náttúrulegum heimkynnum sínum í Asíu.



Framleiðsla á ferskjum og nektarínunum hefur aukist hratt undanfarin ár og áætluð heimsframleiðsla á ferskjum og nektarínunum árið 2016 er rúm 25 milljón tonn.



Ferskjutréd Vincent Willem van Gogh. Málað 1888.

yrkja til Bandaríkjanna í kjölfar söfnunarferða sinna um heiminn í upphafi tuttugustu aldarinnar.

Ferskjur og menning

Ferskjur koma víða fram sem tákn, í trúarbrögum, listum og alþýðutrú.

Í kristni voru ferskjualdin tengd þrenningunni, faðir, sonur og heilagur andi, vegna þess að aldinið skiptist í aldinkjöt, fræhulstur og fræ. Sum málverk endurreisnartímans, sem sýna Maríu og Jesúbarnið, heldur Jesú á ferskju sem tákn um fyrirgefningu.

Dæmi um evrópska málara sem hafi hafa ferskjur eða ferskjutré sem mótíf við ólíkar aðstæður eru Caravaggio, Renoir, Monet, Manet, Rubens og Van Gogh. Samkvæmt því sem listvitringar segja geta ferskjualdin í evrópskum málverkum staðið sem tákn fyrir hjartað og sé laufblað tengt aldininu táknar það tunguna. Saman tákna aldinið og laufið að sannleikurinn sé sagður frá hjartanu. Þroskað aldin er sagt merki um góða heilsu en skemmt eða ormétið krankleika.

Í kínverskri alþýðutrú eru ferskjur tákn um langlífi og í þarlandum goðsögnum er talað um ferskjur ódauðleikans sem hafa þann eiginleika að yngja alla þá upp sem þær borða.

Samkvæmt kínverskri sögn tryggðu Jade keisarinn og eiginkona hans drottingarmóður Vestursins guðlegum verum eilíft líf með því að bjóða þeim til veislu þar sem boðið var upp á ferskjur ódauðleikans. Sagt er að guðaverurnar hafi beðið í sex þúsund ár eftir veislunni þar sem ferskjutré ódauðleikans laugast á

þúsund ára fresti og að minnsta kosti þrjú þúsund ár til viðbótar þarf til að afbrigðið þroski aldin.

Kínverski heimspekingurinn Han Fei, sem uppi var á þriðju öld fyrir upphaf okkar tímatafs, notar ferskjur sem samheiti yfir samkynhneigð í riti.

Í japönskum þjóðsögum segir að hetjan Monotaro hafi fæðst af stórrí ferskju sem flaut með straumnum í önefndri á, Ferskjudrengurinn, eins og Monotaro er stundum nefndur. Eftir fæðingu barðist ferskjupilturinn gegn hinu illa í heiminum.

Kóreubúar segja ferskjur vera aldin hamingju, ríkidæmis, heiðurs og langlífis. Beri aldin tvö fræ er það sagt vera fyrirboði um mildan vetur.

Nytjar

Yfirleitt er ferskja og nektarína neytt ferska en þær eru líka góðar niðursoðnar eða pressaðar í safa. Þær eru einnig notaðar í bakstur og sem eftirréttur og með ís og í ávaxtasalat.

Hurðir smíðaðar úr ferskjuvið eru sagðar góð vörn gegn illum öndum og að skjóta örvum úr ferskjuviði úr boga úr sama viði góð leið til að hrekja burt illa vætti og anda. Vendir og nisti úr ferskjuviði eru verndargripir gegn illu. Fræhulstur ferskjualdins er notað í kínverskum lækningum gegn blóðsjúkdómum, þembu og til að draga úr ofnæmiseinkennum.

Ferskjur og nektarínur á Íslandi

Í Lesbók Morgunblaðsins október 1926 er að finna orðasafn sem Orðanefnd Verkfræðingafélagsins tók saman að ráðum og atbeina verslunarmanna í Reykjavík. Í safninu er að finna tillögur að íslenskun á fjölda erlendra orða. Eitt þessara orða er danska heitið fersken og lagt til að það verði eftirleiðis ferskja. Það er einnig lagt til að kryddið allehanden sé kallað kryddblendringur, apríkósa eiraldin og saffran safur og beygist eins og hafur.

Samkvæmt því sem segir í Heimilisritinu frá 1951 boðar það góða heilsu og áhyggjuleysi að dreyma ferskju og í Tímanum um svipað leyti þar sem vitnað er í bréf Klöru Patecci undir fyrirsögninni Ástarævintýri Mussolini: „Manstu þegar þú sagðir við mig: Munnur þinn er eins og ferskja, sem mig langar til að gæða mér á.“

Upp úr 1970 fer að bera á ferskjum og nektarínunum á matseðlum veitingahúsa og í auglýsingum og í dag þykja þær sjálfsgóðar í ávaxtadeildum matvöruverslana.

Af hverju strái – Saga, byggð, gras og bændur 1300 til 1700:

Endurskoða þarf hugmyndir um landnýtingu á miðöldum

Í bókinni Af hverju strái fjallar dr. Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur um heimildir um umhverfissögu Íslands frá 1300 til 1700. Heimildir Árna hafa fæstar verið skoðaðar áður að einhverju ráði með tilliti til umhverfissögu og niðurstaða rannsóknarinnar kemur á óvart.

Bókin er að stofni til doktorsritgerð Árna frá Kaupmannahafnarháskóla frá 1997. „Síðan þá hefur ritgerðin verið þýdd á íslensku, þróuð áfram og miklu verið bætt við hana. Það má því segja að bókin sé uppfærð útgáfa af ritgerðinni,“ segir Árni.

Fjöldi „nýrra“ býla fundist

Árni segir að bókin fjalli í meginráttum um þrennt, byggð, gróðurfar og bændasamfélagið og samspil þessara þriggja þátta á Íslandi á tímabilinu 1300 til 1700. „Bókin er byggð á heimildum sem lítið hafa verið notaðar fram til þessa en það er Íslenska fornbréfasafnið sem er safn í íslenskum skjölum og bréfum frá elstu tímum til 1570. Þar er meðal annars að finna heimildir um byggð á 14. öld sem lítið hafa verið notaðar til að skoða hvernig byggðin á þeirri öld var. Auk þess sem þátttaka Björns Teitssonar og nokkurra annarra íslenskra sagnfræðinga í samnorðrænni eyðibýlarannsókn á 8. áratug 20. aldar, og þær aðferðir sem þeir þróuðu við að athuga í, var mér mikill innblástur.

Við skoðun á þessum heimildum kom í ljós að byggð á 14. öld var meiri en hingað til hefur verið talið og lögbýli fleiri sem nemur um 10%. Fram til þessa hefur tala lögbýla verið talin 4.000 á fjórtándu öld eins og á síðari tímum en var 4.400. Síðan leitaði ég í ritheimildum að hjáleigum og tvíbýlum og í þeim fundust ummerki um fjölda þeirra en ekki jafn skipulega og um lögbýlin.“

Árni segir að til séu á skrá frá fjórtándu öld tölur yfir fjölda býla í nær hverri sókn á Norðurlandi, flestum á Vesturlandi, mörgum á Austurlandi og nokkrum á Suðurlandi. „Fyrst og fremst eru þetta máldagar kápólsku kirkjunnar þar sem talið er upp hverjir greiddu tíund, hey- og ljósatoll til sóknarkirkna.

Undanfarið hefur við fornleifaskráningu komið í ljós nýr heimildaflokkur sem eru leifar miðaldaeyðibýla. Skráningin er ítarlegust og athuganir mestar í Skagafirði og Eyjafirði, einnig



Dr. Árni Daníel Júlíusson landbúnaðarsagnfræðingur.

sums staðar í Þingeyjarsýslum. Við þessi eyðibýli er víða að finna ummerki um túnrækt. Á ákveðnum svæðum, þeim sem best hafa verið rannsökuð, eru eyðibýlin næstum eins mörg og jarðir sem eru nefndar í ritheimildum miðalda.“

Íslendingar voru fleiri en talið hefur verið

Aðspurður svarar Árni því játandi að Íslendingar á 14. öld hljóti því að hafa verið fleiri en hingað til hefur verið talið. „Já, það er nokkuð ljóst. Það hefur verið talað um að íbúar hafi verið svona 60 þúsund þegar mest var á miðöldum, og sveiflast á bilinu 30 til 60 þúsund, en líklega verður að hækka þá áætlun fyrir 14. öld að minnsta kosti. Þá sýnist fjöldi skráðra jarða benda til að íbúar

hafi verið 70 þúsund hið minnsta, og vísbendingar eins og mikill fjöldi eyðibýla gerir að verkum að jafnvel talsvert hærri tölur eru alls ekki útilokaðar.“

Búskaparhætti á miðöldum

Í bókinni fjallar Árni einnig um búskaparhætti á miðöldum, búfé, grasnytjar og landnýtingu. „Í máldögum eru ekki bara heimildir um byggð heldur líka búskaparhætti og fjölda búfjár. Þar kemur fram að samsetning búfjár á miðöldum var þannig að nautgripir voru megin stofninn en ekki sauðfé og það leiðir til þess að við verðum að endurskoða allar hugmyndir okkar um landnýtingu á þeim tíma.

Kýr voru og eru ekki enn settar á afrétt og þær þurftu annars konar

fóður en sauðfé. Stör var mikilvægt fóður fyrir nautgripi, þar sem hana var að finna, og mikið slegin sem vetrarfóður fyrir það. Víða er að finna minjar um vel ræktuð tún. Á þau var borinn búfjáraburður og annar áburður með skipulögum hætti og eftirtekja því meiri en síðar varð.

Við erum því að horfa til búskaparháttanna sem voru að mörgu leyti svipaðir og samtímahættir í Noregi með mikilli ræktun, miklum fjölda nautgripa og tiltölulega litilli sauðfjárrækt miðað við það sem seinna varð. Mín skoðun er sú að það fari ekki að bera á áhrifum sauðkindarinnar á landið að verulegu marki fyrr en á 20. öldinni.

Í Fornbréfasafninu er einnig fjöldi heimilda um kornrækt á 14. öld um sunnan- og vestanvert landið. Í bréfasafninu er víða minnst á akra og

sá stærsti var á Görðum á Álftanesi og var rúmir þrír hektarar að stærð.“

Árni segir að fundist hafi tvö plógjárn frá miðöldum og að í fornum heimildum sé talað um arðuruxa, uxa sem drógu arðra, þá tegund plóga sem hér var notuð. Einnig hafi fundist plógför frá miðöldum í Þegjandadal í Þingeyjarsýslu, sem sýna að kornrækt var ekki bundin við Suður- og Vesturland. Það sé líka athyglisvert að á 14. öld var fremur kalt, en engu að síður séu þá miklar heimildir um kornrækt, þær mestu frá miðöldum.

Fólksfækkun og vinnuaflosskortur

„Á 15. öld hverfa heimildir um kornrækt skyndilega. Fornleifarannsóknir á kornrækt sem Garðar Guðmundsson fornleifafræðingur hefur gert sýna einnig að kornrækt minnkaði mjög mikið á 15. öld. Garðar bendir á að fólksfækkun vegna svartadauda sé líklegasta skýringin á þessari breytingu. Kornrækt var vinnuaflossfrek og menn hafa í fólksfæð 15. aldar einbeitt sér að búfjárrækt.“

Áhrif svartadauda

„Heimildir í fornbréfasafni frá 15. öld sýna að þá lá fjöldi jarða í eyði. Undanfarið hefur komið í ljós í rannsóknum á landnýtingu og gróðurfari, meðal annars í Húnavatnssýslu, á Fljótsdalshéraði og í Skaftártungum, að mannfall og auðn í plágunni hafði mikil áhrif á gróðurfar. Fólks- og búfjárfækkun leiddi til minnkandi álags á landinu.



Syðra-Tungukot, miðaldaeyðibýli í Svarfaðardal.



Þvergarður, miðaldagarðlag í Svarfaðardal.



Skiptagerði, miðaldaeyðibýli á Gálmaströnd við Hvamm í Eyjafirði.

Skógar breiddust út og beit minnkaði mjög mikið. Svartidaudi hafði því mun meiri áhrif á búskaparhætti í landinu en áður var talið.

Athugun á beitarálagi eftir héruðum, sem byggð var á heimildum um búfjáreign í upphafi 18. aldar, sýndi að álagið var mjög mismunandi eftir sveitum, mest í búsaeldarlegum og miðlægum sveitum en mun minna í upp- og útsveitum, allt niður í að ekki nema 5 til 10% gróðurs voru nýtt til beitar eða fódurs. Sú hugmynd að allt landið hafi verið undir miklu beitarálagi alveg frá öndverðu

er allt of einföld. Beitarálag var mjög mismunandi eftir tímabilum, héruðum og búskaparháttum. Síðan verður að hyggja að því að landnámið og sú landnotkun sem því fylgdi óhjákvæmilega hafði mikil áhrif á viðkvæm gróðursvæði á eldgosabeltinu þar sem alls engin beit hafði verið áður. Þau áhrif voru flókin og jafnvel tiltölulega lítil beit gat haft mikil áhrif.

Sú hugmynd hefur verið ráðandi að allt búskaparland hafi verið uppuríð um 1100 og eftir það hafi ekki verið hægt að auka búskap.

VH

Lyfjaskápur náttúrunnar:

Ilmkjarnaolíur

Heilsunuddarinn og ilmkjarnaolíufræðingurinn Guðríður Gyða Halldórsdóttir hefur sent frá sér bók sem hún nefnir Ilmkjarnaolíur – Lyfjaskápur náttúrunnar.

Í bókinni er að finna margvíslegan fróðleik um ilmkjarnaolíur og virkni þeirra. Fjallað er um uppruna olianna, gefnar leiðbeiningar um hvernig má nota þær til heilsuþótar og loks eru uppskriftir að blöndum sem geta spornað gegn ýmsum kvillum. Gyða hefur notað ilmkjarnaolíur í starfi sínu um árabíl og deilir í bókinni þekkingu sinni á notkun þeirra.

Bókin er í handhægu gormabroti og auðvelt að fletta henni og sagt er frá hverri plöntu fyrir sig og verkun hennar á einni opnu.

Einn alvarlegur ljóður er á bókinni og það er að í yfirfyrirsögn eru plöntunöfn á ensku. Eitthvað sem

auðvelt hefði verið að bæta og setja hvönn í staðinn fyrir angelica, kanill í staðinn fyrir cinnamon bark og vallhumall í staðinn fyrir yarrow svo dæmi séu nefnd.

VH




Grænlandsför Gottu VE 108: Tilgangurinn að sækja sauðnaut og efla byggðir á Íslandi

Mótorbáturinn Gotta VE 108 fór til Grænlands árið 1929 með ellefu manna áhöfn. Tilgangurinn var að fanga sauðnaut, sem ætlað var að yrðu vísir að nýrri búgrein á Íslandi.


Í bókinni Grænlandsför Gottu segir höfundurinn og útgefandinn, Halldór Svavarsson, frá ferðinni þar sem skipshöfnin lenti oft í mikilli hættu og hremmingum, þar sem lítið mátti út af bregða.

Ferðin heppnaðist að mestu leyti vel og voru nautin höfð almenningi til sýnis á Austurvelli í Reykjavík. Þrátt fyrir að lítið yrði úr áformum um sauðnautaeldi á Íslandi.

Halldór, sem er úr Vestmannaeyjum, segist muna eftir Gottu sem fiskibát frá því að hann var strákur og hann segist hafa heyrt talað um Grænlandsferðina en vissi lítið um hvað hún snerist. „Ég er grúskari í eðli mínu og rakst löngu síðar á grein um ferðina í Ársriti Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum, Blik, sem vakti áhuga minn. Í framhaldi af því fór ég að skoða heimildir um ferðina og grafa upp meira af upplýsingum.



Vélbáturinn Gotta VE 108 í Reykjavíkurböðun.



Sauðnaut á Austurvelli í Reykjavík.



Ég fór á öll söfn sem ég taldi að gætu geymt upplýsingar um ferðina og leitaði fanga auk þess sem ég talaði við alla niðja þeirra sem fóru í ferðina og safnaði ljósmyndum sem teknar voru í ferðinni og tengdust henni. Á meðan á upplýsingaöfluninni stóð fann ég fyrir talsverðum áhuga á ferðinni.

Tilgangur ferðarinnar var að sækja til Grænlands sauðnaut og flytja þau til Íslands og efla þannig byggð í landinu þar sem hún var að leggjast af. Eldið tókst ekki sem skyldi og að minnu mati aðallega vegna vanþekkingar.

Smám saman skýrðist myndin og þekkingin jókst og á endanum ákvað ég að taka efnið saman og gefa það út í bók.“

VH

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

VIÐ SKÓGAREIGENDUR

Skógarhuggleiðingar

Ég á heima á Lundarbrekku í Bárðardal sem er í um 250 metra hæð yfir sjó. Frá 1974 til 1997 var ég mjólkurbílstjóri hjá Mjólkursamlagi KB á Húsavík. Daglega ók ég um sveitirnar og varð vel kunnugur fólki, stöðum og gróðri.

Gunnar og Þóra á Hrafnstöðum í Kinn voru með þeim fyrstu sem tóku þátt í landshlutaskógaverkefninu, þau voru miklir og góðir vinir mínir og ég ræddi mikið við þau um þetta verkefni og varð mjög spenntur. Þau sögðu mér að einungis jarðir neðan 100 metra hæðarlínu fengju að taka þátt í verkefninu.

Þá var ákveðið að veðja á það hæðarbelti sem trúað var að gæfi mestan vöxt. Norðurlandsskógar voru svo formlega stofnaðir árið 2000. Þá var opnaður möguleiki að við Hálandisbúar fengjum að vera með í skógræktarverkefninu. Við hjónin sóttum um árið 2001 og fengum inngöngu í Norðurlandsskógaverkefnið. Hér á Lundarbrekku eru blásnir melar móti suðri og vestri, en nokkuð augljóst að þar hefur verið þykkur jarðvegur. Við tókum 23 ha. svæði norðan bæja, mela, þurr holt, grasasund og sex hektara af gömlu túni sem erfitt var til heyskapar vegna vatnsgófa frá melunum ofan túns. Þetta svæði er í 250 til 280 metra hæð. Hluti svæðisins er svo blautt að ekki verður þar plantað. Við girtum þetta og byrjuðum að planta 2000 Rússalerkiplöntum í september 2003.

Guðríður Baldvinsdóttir í Lóni skipulagði svæðið og aðstoðaði okkur á alla lund. Brynjar Skúlason tók svo við umsjón verkefnisins. Árið 2006 fengum við Gunnhildi og Árna á Jódísarsöðum til að koma með plöntuplög sem Gunnhildur hannaði og planta í túnið. Áður sló ég það og rakaði, þar var plantað um 9000 sitkabastarði og hvítgreni. Einnig hengibirki og nokkrum víðitegundum.

Grenið tók gríðarlega vel við sér og rauk á stað, en snemma í september fraus og drap það frost fast að helming grenisins. Lítið er eftir af hengibirkinu en víðirinn lifir sémilega. Í samráði við Brynjar ákváðum við að reyna ekki meira við túnið. Árið 2010 ákváðum við í samráði við Brynjar Skúlason að planta ekki meira í þetta svæði.

Rússalerkið öflugt

Langmest er þar Rússalerki, smávegis



Gugga í Lóni að kenna mér að planta fyrstu plöntum 2003.

af furu, ösp, elri og birki. Tókum annað svæði, gamla landgræðslugirðingu sem búið var að afhenda okkur. Þetta svæði er um 35 ha. í blánum brekkum yst í Lundarbrekku landi. Í 200 til 250 metra hæð. Landið er í beinu framhaldi af skógræktarsvæði jarðarinnar Sandvíkur en þar er búið að planta rúmar 200.000 plöntur. Í þetta land erum við búin að planta, mest Rússalerki, ögn af furu og pínulítið af birki. Alls erum við búin að planta 80–90 þúsund plöntum.

Vöxturinn hefur verið verulega góður og afföllin lítil nema í greninu í túninu. Lerkið frá 2003 er sumt orðið 4 metra hátt. Auðvitað eru þessi svæði jaðarskógur og tvítóppar og brotnar plöntur. Við hlið 4 metra trjáa eru plöntur jafngamlar sem ekki eru nema 50 cm. Sumir verða bara ekki stórir.

Ómæld ánægja

Við höfum haft ómælda ánægju af þessu brasi, og ánægjan vex með auknum sjáanleika. Mikill áfangi var árið 2016 þegar við söguðum okkur jólatré úr eigin skógi. Samskipti okkar við starfsmenn Norðurlandsskóga hafa verið með ágætum. Sumt hef ég undrast og sumu sé ég mikið eftir, til dæmis tímanum sem ég hef eytt í að planta birki. Hér kemur það sjálfst þar sem því líkar.



Lerkið dafnar. Þetta er sami staður 11 árum seinna.



Sex ára gamalt lerki í ísaldarmel.

sem hentar hér í Bárðardal. Hún vex best í ísaldarmelum sem hvorki Beringspuntur, lúpína eða nokkur planta lifir í.

Kindur sýna lerkinu engan áhuga

Ekki sýna kindur lerkinu nokkurn áhuga, mér er sagt að þær tini upp nýplantaðar plöntur eins og að gamni sínu, gæsir hafa gert það hér í nokkrum mæli.

Mér finnst einsýnt að það tjón sem sauðfé vinnur á lerki er svo lítið að ekki er með nokkru móti hægt að réttlæta þann kostnað sem girðingar eru. Sérstaklega á þeim svæðum þar sem snjór sligar á hverjum vetri svo aldrei verður endir á viðhaldi. Ég væri til með að planta lerki í austurbrúnir Bárðardals frá Kálfborgará og suður að Svartá. Frá um 200 metra hæð til 400. Um 30 km 12 ferkílómetra svæði. Þjóða útgerðum að kolefnisjafna veiðiskap sinn með skógrækt. Útgerðin borgaði allan kostnað og fengi kolefnisbindinguna í staðinn.

Bestu kveðjur
Jónas Sigurðarson
Lundarbrekku.

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

GRAMMER

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skiptiholt 50b, 105 Reykjavík

Hefði átt að leggja áherslu á furu

Mesta undrunin er að skógarbændur í Bárðardal skuli fá birkiplöntur úr Bæjarstaðaskógi þar sem úrkoman er minnst hundraðföld á við hér. Enda drepast Bæjarstaðabirkiplönturnar flestar, eða vaxa í það minnsta ekki neitt. Ef ég hefði haft vit á því að skoða gamla skógarreiti hér í Bárðardal hefði ég sótt fastar að fá furu til plöntunar frekar en greni. Það er augljóslega ánægðara með úrkomuleysið hér.

Gamlir skógarhöggsmenn úr Vaglaskógi eru vinir mínir og hafa sagt mér frá tilraunum sem reyndar voru þar og gáfust illa. Sömu tilraunir fengum við að prófa með sama árangri, svo sem að planta plöntum úr frosti.

Ríkt í okkur að vilja finna upp hjólið

Það er ansi ríkt í okkur að vilja finna upp hjólið. Það er augljóst að Rússalerki er sú landgræðsluplanta

LESENDABÁS

Af hverju hefur Noregur tekið þátt í orkupakka 3?

Geta Ísland og Noregur átt á hættu viðurlög ef þau segja nei?

Ísland og Noregur standa frammi fyrir örlagaríkum ákvörðunum um að árita orkupakka 3 frá Evrópusambandinu, það er að segja í aðalatriðum ESB-reglugerð nr. 713/2009 og ESB-reglugerð nr 714/2009 eins og hún varð við breytingar á reglugerð nr. 347/2013. Í þessum texta ætlum við að svara spurningunum í fyrrisögninni.

1. Ákvörðun Noregs

Af hverju hefur Noregur tekið þátt í orkupakka 3? Við getum ekki tekið mið af öllum aðstæðum en verðum að velja að líta á aðstæður sem tilgreina hver það er sem getur tekið ákvörðun um að leggja sæstreng.

Þetta er flókin spurning vegna þess að fylgjendur þakans hafa allan tímann óskað eftir eins lítilli athygli um spurninguna eins og mögulegt er. Þetta fjallar um að fá inn orkustofnun Evrópusambandsins, ACER, án þess að fólk fái nokkurn tíma til að setja sig inn í afleiðingarnar og skipuleggja andstæðinga þannig að þakinn hljóti ekki samþykki.

Ríkisstjórnarflokkarnir – Hægri (45 þingmenn), Vinstri (8), Framfaraflokkurinn (27) – kusu sameiginlega með orkupakka 3. Græni umhverfisflokkurinn (1) og Kristilegi þjóðarflokkurinn (8) gengu í lið með ríkisstjórninni. Stærsti flokkurinn á Stórþinginu – Verkamannaflokkurinn (49 þingmenn), sem er í „stjórnarandstöðu“ studdi einnig ríkisstjórnina og stóð samhljóða inn fyrir því að Noregur myndi árita ACER þrátt fyrir að innan flokksins hafi verið sterkur minnihluti sem sagði nei. Það sést á því að 120 þingmenn Verkamannaflokksins og stór hluti verkafélagsfingarfingarnar hafi sagt nei við því að Noregur gæfi frá sér stjórn á orkuaðlindum til Evrópusambandsins. Mikilvægustu rök fyrir því að meirihlutinn samþykkti orkupakka 3 voru eftirfarandi:

- „... að norsk stjórnvöld ættu að hafa sjálfstæða stjórn yfir öllum ákvörðunum sem hafa þýðingu fyrir orkuöryggi í Noregi. Það væri mikilvægt að áfram verði hægt að nýta flöskuhálstekjurnar til að lækka netgjaldskrárnar sem og til viðhalds og þróunar á norska rafmagnsnetinu. Meirihlutinn hefur tekið eftir að þetta er verndað í reglugerðunum sem kemur á fót þriðja orkumarkaðspakkans og sem einnig er gildandi regla í Evrópu í dag. Því hefur meirihlutinn tekið eftir að norsk stjórnvöld hafi unnið virkt að því að reglan um flöskuhálstekjur geti nýst til að lækka netgjaldskrá og komið því áfram“ (Innst. 178 S, 2017–2018 s. 5-6).
- „að undirstöðuatriði í norski orkupólitík yrðu óbreytt. Landsbundnar reglur um sérleifi til orkunets, sæstrengja og orkuvera muni áfram gilda“.
- „þar að auki mun þessi meirihluti undirstrika að afhendingaröryggi og aflgjafaframboð sé enn innalands, þar sem ábyrgðin mun áfram vera hjá olíu- og orkumálaráðuneytinu“ (s. 11).
- Ef reglugerðin í pakka 3 varðar Evrópska efnahagssvæðið þarf einnig að gera ráð

fyrir gagnráðstöfun frá Evrópusambandinu (s. 10).

Miðflokkurinn (19) og Sósíalíski vinstriflokkurinn (11) kusu þar á móti nei við ACER:

- „Þessir aðilar vilja benda á að undirstöðumarkmið Evrópusambandsins fyrir Orkubandalaginu er frjálst flæði af orku og lægsta mögulega verð. Ef að sama skapi flutningsgetan út úr Noregi eykst verulega mun raforkuverð í Noregi einnig hækka. Í ENTSO-Es framreikningum til 2040 kemur fram að til þess að taka þátt í verðjöfnun verði Noregur næstum að fjórfalda útflutning sinn til Evrópusambandsins. Rökin eru að Noregur hefur lægra verð og að ef ekki verði settir nýir strengir frá Noregi muni verðmunurinn áfram verða stór árið 2040. Eina leiðin til að fá sambærileg verð er að auka flutningsgetuna. Þessir aðilar minna á að Statnett hefur varað við fleiri strengjum eftir NSL- og Nordlink-verkefni sem klárast árið 2021“ (Innst. 178 S, 2017–2018 s. 6). [ENTSO er undirstofnun ACER eða samtök kerfisstjórnenda sem heyra undir ACER sem í tilfelli Íslands yrði Orkustofnun innskot bbl.]
- „...gefur til kynna að möguleikinn á að nota flöskuhálstekjur til að lækka netleigu er undanþágúkvörðun (grein 16.6) í gildandi reglugerð um orkuviðskipti milli landamæra (714/2009). Einungis verður hægt að nota takmarkaðan hluta ef ekki verður hægt að nýta tekjurnar á áhrifaríkan hátt annaðhvort með viðhaldi eða vinnu við nýjar strengjatengingar. Þessi reglugerð er til endurskoðunar hjá Evrópusambandinu. Evrópunefndin hefur sem hluta af Vetrarpakkanum lagt til að undantekningin sem opnar fyrir þann möguleika að nota flöskuhálstekjur til að lækka netleigu eigi að fjarlægja (COM/2016/0861 final/2). Mat nefndarinnar er að eingöngu eigi að nota flöskuhálstekjurnar til viðhalds eða til nýrra strengjatenginga. Þessum aðilum finnst það mikilvægt að Noregur geti sjálfur ákveðið notkun á flöskuhálstekjunum. Þrátt fyrir að þátturinn sem fjallar um flöskuhálstekjurnar fjalli ekki um sjálfa ACER-reglugerðina sem nú er til meðferðar, er þetta dæmi um framtíðarákvörðun sem Noregur getur verið bundinn af“ (s. 10).
- „Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að ACER muni hafa ákvörðunarsérþekkingu þegar kemur að spurningunni um aðgang að uppbyggingu yfir landamæri þar sem stjórnvöld í landinu verða ekki sammála. Þetta getur meðal annars átt við um samningaúthlutun á getu og flöskuhálsmeðhöndlun fyrir viðskipti með rafmagn yfir landamæri. ACER mun þar með skora á stjórn landsins sem við höfum í dag“.
- „gefur til kynna að ríkisstjórnin hefur valið lausn sem felur í sér inngang á sjálfstæðum einingum NVE (Norska vatnsfalls- og orkustofnunin),



Peter Ørebech, prófessor í lögfræði við „Heimskaútháskóla Noregs“ í Tromsø.



Ef flutningsgeta raforku frá Noregi eykst mun rafmagnsverð þar í landi einnig hækka. Mynd / HKR.



Hinn 730 kílómetra langi North Sea Link (NSL) sæstrengur á milli Kvíldal í Noregi og Blyth í Bretlandi á að vera tilbúinn 2021. Með honum verða Norðmenn enn bundnari orkumarkaði ESB varðandi verðlagningu á raforku.

„Reglugerðarstjórnvald fyrir orku“ (RME). RME á, eins og þessir aðilar skilja málið, ekki að geta fengið pólitísk fyrirmæli og þeirra sjálfstæði er meðferðar, er þetta dæmi um framtíðarákvörðun sem Noregur getur verið bundinn af“ (s. 10).

• „Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að ACER muni hafa ákvörðunarsérþekkingu þegar kemur að spurningunni um aðgang að uppbyggingu yfir landamæri þar sem stjórnvöld í landinu verða ekki sammála. Þetta getur meðal annars átt við um samningaúthlutun á getu og flöskuhálsmeðhöndlun fyrir viðskipti með rafmagn yfir landamæri. ACER mun þar með skora á stjórn landsins sem við höfum í dag“.

• „gefur til kynna að ríkisstjórnin hefur valið lausn sem felur í sér inngang á sjálfstæðum einingum NVE (Norska vatnsfalls- og orkustofnunin),

Það sem skipti sköpum fyrir niðurstöðuna var að Verkamannaflokkurinn (AP) „stjórnarandstaða“ – sem svo oft áður í EES-málum – sveiflaði „flokksþisknum“ og kaus samhljóða með ríkisstjórninni. Þetta fór ekki hátt: Undir fyrrisögninni „Nýr útflutningsstrengur fyrir rafmagn“ í Oppland Arbeiderbald

5. okt. á þessu ári, skrifar einn flokksmaður Verkamannaflokksins, Olav Henning Ødegård, að það „sé líklega enginn sem óskar sér hærri rafmagnsreiknings. Með ACER verður það þannig – og það er Verkamannaflokkurinn sem veldur því“

Þar að auki bætir Olav Henning við með tilliti til ákvörðunar um þá þróun að fara með sæstrengi út úr Noregi:

„Acer-uppgjörið í Stórþinginu átti að setja skýr skilyrði til Evrópusambandsins. Hver varð niðurstaðan? Jú, vinalæg beiðni til Evrópusambandsins um að lesa „fylgiskjalið“ við ákvörðun Evrópusambandsins. Þetta er jú nánast hlægilegt! Ein af „kröfum“ Verkamannaflokksins í tengslum við meðhöndlun Stórþingsins var að smíði á nýjum strengjum ætti að ákveða í Noregi og að það ætti að vera efnahagslega arðbært fyrir samfélagið. Statnett á að eiga og reka hugsanlega nýja strengi.

Norska vatnsfalls- og orku-stofnunin (NVE) hefur nú til meðhöndlunar sérleifisumsókn fyrir verkefnið. Þrátt fyrir að Stórþingið samþykkti í vor að Statnett ætti að hafa einokun á öllum erlendum tengingum þá heldur sérleifisferlið áfram um einkasæstrenginn. Statnett er á móti því að einkasæstrengurinn fái slíkt sérleifi.“

Skýrslugjafi Verkamannaflokksins í ACER-málinu, Espen Barth Eide, setti fram kröfur í 8 liðum fyrir því að segja já við flutningi á ákvarðanatöku til Evrópusambandsins. Þar sagði m.a.:

„Það á að vera samfélagsleg stjórnun og eftirlit á landsvisu yfir vatnsaflsauðlindunum. Hið opinbera eignarhald á norskum vatnsaflsauðlindum á að vera tryggt og minnst tveir þriðjuhlutar eiga enn að vera í eigu hins opinbera“.

Kröfurnar voru lagðar fram til ríkisstjórnarinnar þó að Espen Barth mátti hefð mátt vita að eina rétta aðferðin var að setja kröfurnar fram við Evrópusambandið með það fyrir augum að ná sameiginlegri yfirlýsingu um norskt fullveldi yfir strengjunum.

Utanríkisráðherra, Ine Marie Eriksen Søreide, svaraði eins og rétt er að þessi skilyrði eins og þau voru sett saman á flokksskrifstofu Verkamannaflokksins væru ekki lagalega bindandi fyrir Evrópusambandið. Eftir þessa tilkynningu hefur Barth Eide þagað þunnu hljóði.

2. Viðurlög gegn Íslandi og Noregi?

Svarið er hægt að tjá í einu orði: nei! EES-samningurinn er ósveigjanlegur að grunnuppbyggingu, það er að segja EES-samningurinn bindur Ísland og Noreg eins og Evrópusambandsrétturinn var 2. maí 1992 – þegar EES-samningurinn var undirritaður í Oporto í Portúgal. Sjá grein EES 6; – „túlkað í samræmi við viðeigandi ákvarðanir dómstóla sem Evrópuðómstóllinn hefur ákvarðað áður en þessi samningur var undirritaður“.

Nýjar reglugerðir og tilskipanir – eins og lýst er í grein EES 97-104 – geta hins vegar verið teknar inn með samþykki EES-landanna Íslands, Lichtenstein og Noregs. Þau hafa þó líka neitunarvald. EES-löndin geta hvenær sem er beitt slíku neitunarvaldi gegn nýjum ónothæfum og óframkvæmanlegum reglugerðum og tilskipunum frá Evrópusambandinu. Þetta þýðir að Ísland, Lichtenstein og Noregur hafa fullan rétt þegar þau sjá ástæðu til að beita slíku neitunarvaldi. Evrópusambandið getur ekki brugðist við því með viðurlögum.

Það er mikið af röngum upplýsingum sem svífa um. Þetta á einnig við um í æðstu pólitísku stofnunum í Noregi. Samt sem áður gerði Stórþingið skjóta og óréttlætianlega samþykkt á ACER-samningnum. Það sem skynsamlegt er að gera við þessar aðstæður er að fara að eins og Ísland – hafa kjark og fresta ákvörðuninni þangað til aðilar sem taka ákvarðanirnar eru 100 prósent öruggir í málinu.

Peter Ørebech, prófessor í lögfræði við Háskólann í Tromsø (Norges arktiske universitet, Tromsø)

/þýðing: ehg

Á FAGLEGUM NÓTUM



Sýningarsvæði EuroTier í Hannover í Þýskalandi.

EuroTier 2018:


Landbúnaðartækninni fleygir fram

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Landbúnaðarsýningin EuroTier, sem haldin er annað hvert ár í bænum Hannover í Þýskalandi, var haldin um miðjan nóvember og að vanda var þar margt áhugavert að sjá fyrir bændur og þjónustuaðila þeirra.


Sýningin er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum þegar horft er til nautgripaæktar, en sýningin er einnig með þeim stærri innan alifugla- og svínaræktar. Alls voru



Frumutelarinn frá GEA vann heiðursverðlaun á EuroTier í ár en um er að ræða tæki sem getur í rauntíma talið frumur í mjólk frá hverjum júgurhluta.



Tækninni við mjaltirnar fleygir fram og það á ekki einungis við mjaltþjónatæknina heldur einnig tækni fyrir hefðbundnar mjaltir. Á stærri kúabúum erlendis, þar sem hringekjur eru oft notaðar við mjaltir, krefst vinnan við að setja spenadyfu á spena eftir mjaltir mikillar natni en þetta er um leið afar þreytandi vinna og oft er það svo að þeir sem þetta gera missa einbeitinguna enda afar einhæft verk. BouMatic Robotics kynntu á sýningunni til sögunnar þjarka sem leysir þetta verk hratt og örugglega.



Það telst vart lengur til nýjunga að kynna sköfupjarka, þ.e. þjarka sem keyra sjálfvirk um fjós og halda rimlunum hreinum með því að skafa þá. Á EuroTier í ár voru á annan tug slíkra tækja hjá mismunandi söluaðilum en eins og e.t.v. margir vita þá vinna fyrirtæki sem selja landbúnaðartæki stundum saman og selja í raun sama hlutinn með þó mismunandi merkjum á. Afar mörg dæmi um slíkt mátti víða sjá á sýningunni eins og hér má sjá, en bæði fyrirtækin Hetwin og Fullwood sýndu þarna sköfupjarka hvort í sínum litnum en þjarkarnir voru greinilega frá sama frumframleiðanda.

DeLaval sýndi á sýningunni afar áhugaverða nýjung sem þeir kalla Evansa. Við fyrstu sýn virðist hér vera á ferðinni hefðbundið mjaltatæki en nýjungin felst í því að efsti hluti spenagúmmisins, þess sem tengir það við mjaltakrossinn, er nú með sérstöku hraðtengi sem bæði einfaldar skipti á spenagúmmi til muna en hönnunin hefur einnig áhrif á það hvernig mjólkinn flæðir frá kúnni og inn í mjaltakrossinn. Hin nýja hönnun er sögð auka afköst við mjaltir til muna og samkvæmt mælingum DeLaval taka mjaltir með Evansa kerfinu 7% styttri tíma.



2.597 aðilar frá 62 löndum með sýningarbása á sýningunni að þessu sinni og alls sóttu sýninguna 155 þúsund gestir frá 62 löndum þá 4 daga sem hún stóð yfir.

Stafrænn búskapur þema sýningarinnar

Í ár var þema sýningarinnar nýting sjálfvirkni, nema og stafrænna gagna til þess að auðvelda bændum

búskapinn, bæta velferð skepnanna og jafnframt til þess að safna upplýsingum um skepnuhaldið almennt s.s. vegna vottunar við sölu afurðanna í tengslum við kröfu um dýravelferð og sjálfbærni. Á þessu sviði hafa orðið stórstígar framfarir á örfáum árum og sér í lagi hafa mörg fyrirtæki komið með áhugaverðan búnað sem auðveldar bændum að sinna búskapnum s.s. með tilkomu skynjara og hugbúnaðar sem gefur



Urban kynnti afar áhugaverða nýjung en það var þessi hitamælir sem bæði getur lesið rafrænt eyrnamerki grips og mælt hitastig gripsins sjálfkrafa um leið. Með beintengingu við gagnagrunn er svo hægt að fá fram upplýsingar um gripinn sem er verið að mæla auk þess að mælingin skráist inn í gagnagrunninn um leið. Þá er einnig hægt að nota mælinn til þess að skrá inn upplýsingar í gagnagrunn s.s. þegar kálfur fæðist.



Undanfarin ár hefur verið lögð meiri og meiri áhersla á að draga úr kolefnisfótspori búa og ein leiðin á þeirri vegferð er að draga úr flutningum til og frá búunum. Fleiri og fleiri fyrirtæki bjóða nú upp á raunhæfar lausnir til þess að minnka akstur við dreifingu á búfjáraburði og hér má sjá eina slíka lausn frá fyrirtækinu Cadman, en um er að ræða slöngukefli á hjólum sem hægt er að tengja beint við niðurfellingarbúnað á dráttarvél og þá hinn endann beint við haugdælu. Á þessu kefli er rúmlega 800 metra löng slanga sem er tengd við eigin dælu og er með þessum búnaði hægt að keyra út allt að 4,5 tonnum af mykju á mínútu.



Fyrirtækið H2DRY kynnti áhugavert tæki á sýningunni en það var þetta litla rakamælingatæki fyrir fóður. Á búum sem gefa heilfóður skiptir rakastig fódursins afar miklu máli eigi að láta kýrnar nýta fóðrið sem best og halda fódurkostnaðinum sem lægstum. Þá er gott að geta greint rakastigið í fóðrinu hratt og örugglega og með þessu tæki tekur það ekki nema 10 sekúndur.

viðbendingu um skepnur sem eru etv. veikar eða að veikjast svo dæmi sé tekið.

GEA með nýjung ársins á EuroTier 2018

Venju samkvæmt notuðu mörg fyrirtæki sýninguna sem vettvang frumsýninga á nýjungum. Sérstök nefnd sér um að meta nýjungarnar og ef þær flokkast sem hrein nýjung, þ.e. ekki einungis breyting eða betrubæting á áður framleiddri tækni, þá fær viðkomandi fyrirtæki sérstaka viðurkenningu á sýningunni og í ár fengu alls 26 nýjungar slíka viðurkenningu. Það er svo alltaf ein nýjung sem er valin besta nýjungin innan hverrar búgreinar og í ár var

það fyrirtækið GEA sem hlaut þessa miklu viðurkenningu fyrir nýjung sína GEA DairyMilk M6850, en í fáum orðum sagt er hér á ferðinni byltingarkennt frumutalningartæki sem getur í rauntíma talið frumur í mjólk frá hverjum jógurhluta. Þessi frumuteljari er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum og með honum er hægt að greina forstíggiseinkenni jógurbólgu fyrr en með öðrum búnaði sem er á markaðinum í dag.

Vegna umfangs sýningarinnar og mikils fjölbreytileika er á engan hátt hægt að gera almennilega grein fyrir því sem fyrir augu bar á sýningunni en meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem sýna örlitinn hluta af þeim ótal tækjum og tólum sem voru sýnd og tengdust nautgriparækt.

VOTTANIR & UPPRUNAMERKINGAR MATVÆLA

Trúartengdar vottanir

Oddný Anna Björnsdóttir
objornsdottir@gmail.com



Í tveimur elstu og útbreiddustu trúarbrögðunum heimsins - Íslam og Gyðingdómi - eru gerðar strangar kröfur til matvæla. Hjá Gyðingum kallast þær Kosher en Halal hjá Múslimum. Í þeim löndum sem kenna sig við þessi trúarbrögð er einfaldlega gerð krafa um að þær séu uppfylltar og í hinum Vestræna heimi fer eftirspurnin sívaxandi.

Matvælaframleiðendur eru því í auknum mæli farnir að taka tillit til þessara stóru trúarhópa og hafa þær verið einna mest vaxandi matvæla-fullyrðingarnar undanfarin ár.

Sjaldnast trúarlegar ástæður

Í hinum vestræna heimi velja stærstu kaupendahóparnir þær hins vegar af öðrum ástæðum en trúarlegum, einkum þeirri að þær eru framleiddar undir ströngu eftirliti sem gefur þeim ákveðinn gæðastimpil. Kannanir sýna að þeir sem velja Kosher/Halal vottuð matvæli geri það vegna þess að þeir treysti þeim betur, telji þær hollari, af meiri gæðum og í tengslum við veganisma, ofnæmi- og óþol.

Kosher

Alþjóðlegi Kosher markaðurinn var metinn á 24 trilljónir Bandaríkjadala árið 2017 og er áætlað að hann muni vaxa um 11,6% á ári frá 2017-2025.

Orthodox Union (O.U.) eru ein elstu samtök Gyðinga í Bandaríkjunum. Þau eru þekktust fyrir vottunarpjónustu sína og er U merkið þeirra algengasta vottunarkerkið. Helsti keppinautur þeirra er vottunarstofan OK Kosher Certification sem notar merkið K með hring utan um. Fjölmargar aðrar vottunarstofur bjóða Kosher vottun, hver og ein með sitt eigið merki. Ef á vöru er einungis stafurinn K án tilvísunar, þýðir það að framleiðandinn segi vöruna uppfylla kröfurnar en að varan sé ekki vottuð

af þriðja aðila.

Fulltrúar O.U. telja að allt að 80% af sölu

Kosher merktra matvæla sé utan hins hefðbundna Gyðingamarkaðar og að yfir tólf milljónir Bandaríkjamanna velji Kosher merkt matvæli. Eins hafa múslimar tilhneygingu til að velja Kosher vottuð matvæli þegar Halal vottuð eru ekki í boði.

Í Kosher lögunum eru gerðar miklar kröfur til hreinlætis, hreinleika og gæða en einnig um hvaða tegundir matvæla Gyðingar megi borða og hvernig þau skuli matreidd. Ekki má neyta ákveðinna kjöt- og fisktegunda eins og svínakjots, skelfisks eða fiska sem voru ekki með ugga eða hreistur sem auðvelt var að fjarlægja. Það á einnig við um afurðir eins og fitu, kítin og gelatín sem unnin eru úr dýrafurðum. Slátrun verður að vera samkvæmt lögum Gyðinga og svo gilda enn strangari reglur á föstunni, en þá mega Kosher matvæli ekki innihalda ýmsar korntegundir.

Halal

Árið 2017 var alþjóðlegi Halal markaðurinn metinn á tæpar 1,4 trilljónir Bandaríkjadala sem er þó einungis um 6% af stærð Kosher markaðarins. Búist er við því að hann muni vaxa um ríflega 11% á ári fram til ársins 2024 og muni þá hafa næstum tvöfaldast að stærð.

Í Bandaríkjunum keyptu neytendur Halal vottuð matvæli fyrir tæpa 23 milljarða dollara árið 2016 og er áætlað að árið 2021 muni þeir eyða tæpum 27 milljörðum dollara í slík matvæli. Ólíkt Kosher eru engin sérstök merki langalgengust eða ákveðin vottunarstofa stærst eftir því sem höfundur kemst næst.

Halal er arabískt orð sem þýðir löglegt eða leyfilegt. Allur fiskur

er Halal en eftirfarandi mat- og drykkjarvörur eru ekki leyfilegar: Áfengi og aðrir vímugjafar, svínakjöt og svínakjötsafurðir, dýr sem var ekki slátrað með Halal aðferðinni, dýr sem voru dauð fyrir slátrun, kjöttætur og ránfuglar, blóð og blóðafurðir og dýr sem eru menguð af því sem talið var upp. Gerð er krafa um að dýrum sé látið blæða vel eftir slátrun og að nafn


Allah sé nefnt um leið og dýrin eru skorin á háls. Framleiðslutæki, hreinsiefni og umbúðir verða að vera laus við bönnuð efni.

Dæmi frá Íslandi



Lýsi hf. hefur verið með Halal vottun á oliuna sína í nokkur ár en hún er vottuð af Halal Authority Board í Bretlandi. Samvæmt viðmælandi hjá fyrirtækinu er slík vottun forsenda fyrir útflutning til múslimalanda. Þrjú slátruhús á Íslandi hafa fengið Halal vottun til að auðvelda sölu inn á erlenda markaði. Þó slíkt kjöt sé á markaði hérlandis er það ekki sérstaklega merkt. Það kjöt sem fer til útflutnings er það hins vegar. Mjólkursamsalan stefnir að því að fá Kosher vottun á mjólk, smjör og ost vegna beiðni frá evrópskum kaupendum sem selja þær til aðila sem krefjast slíkrar vottunar.

– Oddný Anna Björnsdóttir er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og bóndi í Gautavík. Greinar í Bændablaðinu um vottanir og upprunamerkingar byggjast á verkefni sem hún vann fyrir Íslandsstofu veturinn 2018. Greiningin er aðgengileg í heild sinni á vef Íslandsstofu.



UTAN ÚR HEIMI

Villigróður til að bjarga býflugum og auka uppskeru

Niðurstaða ráðstefnu um líffræðilega fjölbreytni á vegum Sameinuðu þjóðanna er sú að besta leiðin til að hamla geng fækkun býflugna í heiminum sé að fjölga villtum plöntum.

Gríðarleg fækkun býflugna í heiminum er mörgum mikið áhyggjuefni, ekki bara náttúruverndarsinnnum heldur líka bændum og neytendum, þar sem býflugur sjá um frjóvgun á um 80% af helstu nytjaplöntum heimsins.

Þrátt fyrir að ekki séu allir sammála því af hverju býflugnadauði í heiminum stafar eru taldar yfirgnæfandi líkur að óhófleg notkun eiturefna í landbúnaði sé meginástæðan, auk þess sem eyðing fjölbreytilegs náttúrulegs gróurlendis fyrir



Býflugur sjá um frjóvgun á um 80% af helstu nytjaplöntum heimsins.

einhæfa ræktun sem fylgir landbúnaði hefur líka sitt að segja. Samkvæmt því sem kom

fram á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem lýkur í vikunni, mun áhrifamesta leiðin til að draga úr fækkun býflugna að hætta alfarið notkun eiturefna í landbúnaði. Ólíklegt er þó að slíkt gerist fyrsta kastið.

Á ráðstefnunni var bent á að auka mætti lífslíkur flugnanna og um leið auka frjóvgun nytjaplantna og uppskeru með því að sá blómstrandi villijurtum með nytjagróðrinum. Rannsóknir benda til að með því að sá ýmiss konar villigróðri í um fjórðung akra sem reiða sig á frjóvgun býflugna má laða að flugur og þannig auka uppskeruna.

Einnig hefur verið bent á að nýta megi margar villijurtir sem krydd, til ilmöljugerðar, matar- og lyfjagerðar.

/VH

Jólagjöfin í ár er Praxis gæði

praxis

...þegar þú vilt þægindi

Mikið úrval af fatnaði sem þolir hátt hitastig í þvotti, ótrúlega góð efni.



Kíkið á praxis.is



Mikið úrval af klossum

Gæða bómullarbolir fyrir dömur og herra, stuttermar og síðerma, í mörgum fallegum litum.

LOKAÐ vegna jólaeifya 18. desember–6. janúar

Bonito ehf. • Praxis • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími 568 2870
www.praxis.is • Ópið mán. og mið. 13-17, fim. 16-18.



Áður en fjárbókin var tekin í notkun voru notuð svo kölluð ærblöð. Ritari félagsins færði úr „ærbókum“ félagsmanna yfir á ærblöðin.



1407 -SYSTRANOPAR I SF. AUSTRIA-WYVATNSSWEIT				S-BING.		ARIO 1971		HARI.		1972		
FADIR 86-FJOLDI-DUNGI		DETRA		TVEL		FALLD-EINL.FD-FJOLDI		FRJOSSEMI- LOMB- FOLL		EINKUNN		
UKT JAN M.F.J. G.F.J.		FJOLDI FRAVIR		TVEL GE		TIL I I.		FYRIR				
NUMER DETRA		KG. FRAV.		FRAV. KJOIPE.		FRAV. PL NVTJA PL,PR		DETUR				
65-090	8	0.0	5.8-	0.5	0.2-	2.9	0.2-	11.5	0	1.75	92	107.6
				6	8	2	13	0				
65-091	9	64.5	2.0-	0.3-	0.7-	0.5	0.0	11.6-	0	1.78	100	93.5
<i>Fuelox</i>				6	8	2	0	0				
65-095	6	54.0	3.0-	0.9	0.1	0.5	1.6-	13.7-	0	1.33	100	95.9
<i>Salmi</i>				2	2	3	0	0				
65-098	17	0.0	0.0	1.7	0.3	0.0	0.0	5.1-	0	1.35	83	100.6
<i>Tromsø</i>				8	7	8	21	0				
65-102	12	0.0	0.0	0.1-	0.6-	1.3-	1.0-	14.5	0	1.83	87	105.1
				8	12	2	15	0				
65-112	17	0.0	0.0	0.9	1.2-	1.4	0.7-	2.8-	1	0.129	80	96.8
<i>Salmi</i>				5	7	13	1	17	0			
65-094	11	57.6	1.7-	0.5-	0.7-	0.9	0.4-	24.3	0	1.91	65	108.5
<i>Salmi</i>				7	13	1	17	0				
66-108	14	60.0	1.0-	0.2-	0.1	0.4	0.5	1.3-	0	1.71	100	101.0
<i>Salmi</i>				8	12	4	22	0				
66-109	8	0.0	0.0	0.1	0.4	1.6-	1.8-	35.5	0	1.88	100	115.4
				5	9	1	15	0				
67-114	8	57.3	2.5-	0.0	0.4	1.1	0.9	20.0-	0	1.38	100	95.6
				4	2	5	10	0				
67-121	13	0.0	0.0	0.2	1.6-	0.9-	0.8-	31.2-	0	1.08	93	81.9
				3	1	10	13	0				
67-122	13	0.0	0.0	0.3-	2.1	0.2	0.0	17.2-	0	1.23	69	91.9
				5	2	9	0	0				

upplýsingar af ærblöðunum voru svo notaðar til að gera upp félögin. Það gerðist á þrjá mögulega vegu:

- a) Ritari félagsins gerði skýrslur félagsins upp
- b) Héraðsráðunauturinn fékk ærblöðin send og gerði skýrslurnar upp, eða sendi blöðin til
- c) Búnaðarfélgs Íslands sem gerði skýrslurnar upp.

Það var uppgjör á félögum sem send

voru óuppgættir til Búnaðarfélagins sem ég vann við á annað ár hjá B. Á. Það uppgjör miðaðist nær eingöngu við að gera upp meðalfarirðir félagsmanna, Yfirlitsskýrsla I. Félagar í fjárræktarfélagönum voru á þessum árum í fæstum tilfellum með nema nokkrar ær á skýrslu, að lágmarki 8. Þetta þýddi að upplýsingastarfur voru lítt nothæfar í kynbótastarfinu, til þess þurfti bóndinn að hafa allar, eða allavega sem flestar ær á skýrslum. Fyrirkomulag skýrsluhaldsins var

of mikil vinna bæði fyrir bændurna og fyrir ráðunauta, sem unnu að kynbótastarfi. Það þurfti því að breyta skýrsluhaldinu þannig að það útheimti minnu vinnu fyrir bændurna, hvetti þá til að hafa allar ær á skýrlum og auðveldaði úrvinnslu og væru ábyggilegar. Með Fjárbókinni voru þessi sjónarmið höfð að leiðarljósi, ekki síst horft á vinnuhagræðingu og öryggi. Allar upplýsingar færðar beint inni fjárbókarfomið, eins og gert er enn í dag.

- 1) Allar fastar upplýsingar, ss nafn og númer ærinnar, nafn og númer föður og móður var vélfært beint inní fjárbókina. Bændur, eða ráðunauturinn, þurftu því ekki að skrifa þær upplýsingar á ærblöð á hverju ári.
- 2) Færslurnar urðu öruggari þar sem aðeins voru færðar inn nýjar upplýsingar, engin afritun.
- 3) Einfaldari og fljótlegri skráningar hvettu til að hafa allar ær í félaginu
- 4) Reiknuð var afurðaeinkunn fyrir ána fyrir það ár og gefin upp frjösemin, lömb fædd og til nytja.

Enn fremur segir í „Leiðbeiningar um færslu Fjárbókar fjárrættarfélaganna“ frá í ágúst 1970 (Sveinn Hallgrímsson 1970): „Berist þær til Búnaðarfélags Íslands fyrir 10. nóvember, verður hægt að skila uppgjöri fyrir lambafeður, ærfeður og nýrri vasafjárnótt (Fjárnótt) með einkunnum allra áa á aldrinum 2.-6. vetra aftur til ritara félagsins fyrir fengitíma.“

Afurdæinkunninn var fyrst reiknuð eingöngu fyrir viðkomandi ár og var á skalanum 0,1 til 9,9 (S. H, 1967. Sjá einnig S.H 1972) Reiknuð var einkunn fyrir einlembu og fyrir tvílembu. Meðaleinkunn tvílembu var 5,0 og sú sama fyrir einlembu, 5,0. Ekki var reiknuð einkunn fyrir fleiri afurðáár þar sem ekki var tölvubúnaður til þess. Það gerðist ekki fyrr en við göngu aðgang að „vél með tölvudisk“ 1973. Þá var

gerð breyting á kerfinu og farið að reikna einkunnir áa fyrir öll ár á skýrslu.

Fyrstu útreikningar á einkunum áa og einkunum hrúta sem lamba- og ærfeðra í tölvu voru gerðar árið 1967 (S.H. 1967). Þá voru upplýsingar gataðar beint inn af ærblöðunum, sem reyndist þungt í vöfum og seinlegt. Árin 1968 og '69 voru notuð „tölvublöð“, þar sem bóndinn skrifaði tölurnar beint inn. Þetta var undanfari ærbókarinnar, sama form, en ekki heft saman í bók. Fjárræktarfélag Kirkjubólshrepps tók að sér að gera tilraun með þetta „skýrsluform“, sem reyndist vel. Megin breytingin var auðvitað sú að í stað orða voru notaðir tölustafir og búið til talna- eða lyklakerfi, sem enn er notað (Sveinn Hallgrímsson 1967). Í stað þess að skrifa h (hrútur) var sett tölustafurinn 1, og í stað g (gimbur) var skrifad 2 og eins fyrir aðra eiginleika.

Samtímis var búið til númerakerfi fyrir hrúta og ær; 2 síðustu stafrir úr fæðingarári og 3 tölustafir fyrir nri ærinna eða hrútsins. Jafnframt voru númer á hrútum 800 og yfir tekin frá fyrir númer sæðingarhrúta, eins og er enn í dag. Fyrstu sæðingahrútarnir sem fengu númer sem sæðingarstövarhrútir voru:

**Spakur 55-801 frá Laxárdal
í Þistilfirði,
Ás 58-802 frá Aærlækjarseli
í Óxarfirði,
Þokki 59-803 frá Holti
í Þistilfirði og
Gyllir 59-804 frá Syðra-
Álandi í Þistilfirði**

Þessir hrútar voru teknir inn á saudfjársæðingastöð að Lundi við Akureyri 1964. Haustið 1969 var Vasa-Fjárnókin send út í endanlegu formi og voru skrifaðar leiðbeiningar um færslu hennar á 2. og 3. kápusíðu bókarinnar. „Leiðbeiningar um færslu Fjárnókar fjárræktarfélaganna“ (SH 1970) í endanlegu formi, með þeim lykklum sem nota skyldi, var send út til fjárræktarfélagann haustið 1970. Aftan við leiðbeiningarnar var númer sæðingarhrúta, sem þá voru eða höfðu komið á sæðingarstöð. Eins og segir í upphafi var trúin á tölvur ekki mikil á þessum árum. Það var því ómetanlegt framlag bændanna á Smáhömrum, Björns H. Karlssonar, sem þá var formaður sf. **Kirkjubólshrepps**, Karls föður hans sem var að hætta og sonarins, Guðbrandar, sem lést nýverið, að verða fyrstir til að taka þátt í þessari tilraun. Það var dirfska, sem þeir feðgar syndu!

Sveinn Hallgrímsson,
fyrirverandi
sauðfjárræktarráðunautur B. Í.

Heimildir:
Sveinn Hallgrímsson 1967.
Leiðbeiningar um
færslur á „tölvufærðum
fjárbókarblöðum“ í stað
ærblaða. Fjölrit 4 bls.
Sveinn Hallgrímsson 1969.
Leiðbeiningar um færslu
bókarinnar. 2. og 3.
kápusiðu Vasafjárbókar
fjárræktarfélaganna 1969-70.
Sveinn Hallgrímsson 1969.
Útreikningar á einkunn áa
fyrir afurðir og á einkunnum
hrúta sem lamba- og ærfeður.
Fjölrit 8 bls.
Sveinn Hallgrímsson
1970. Leiðbeiningar
um færslu Fjárbókar
fjárræktarfélaganna. Fjölrit 5
bls. Sent til héraðsráðunauta
og fleiri.
Sveinn Hallgrímsson 1972.
Einkunn áa fyrir afurðir.
FREYR 68: 299-301.

09-05-02-1 KARL ADALSTEINSSON
SMAHÖMNUM KIRKJUBOLSHREPPS

ÆRIN											LAMBID											AFURDIR											ATHUGASEMDIR										
Fæð.ár - Númer		Fæð.ár	Móð.ár	Þungi kg			Fékk			Fætt	Númer	Kyn	Börð	Gakk undir	Litur	Alid - vor	Vax. & dýgg	Haustrétt	Alid - heit	Lömb að hausti				Ærin, alth.	Ærin	Alivæðingarsök																	
Nafn	Nr.	Nr.	Frjós. & sturðing síðastl. ár	1 okt.	1 jan.	1 apríl	HRÖTURINN		Dagur Mán.	VEGID										FALL																							
							Fæðingarár	Nr.		Alid											Dagur	Mén.	Þungi & fætt, kg				Kg.	Gæð.															
61-266	58		22				2			28																																	
HELA	109		4,9	53	58	63	1	69	304	1	5	2	1	020	1						36	164	1	0																			
61-271	58		22				8			1		1	2	012	1						53																						
GRAFIN	109		6,0	58	61	68	1	65	288	1	6	2	2	012	1						41	18	1																				
61-272	56		22				5			27		2	2	011	1						37	188	1																				
SVANA	111		5,2	63	64	74	1	67	265	1	5	2	2	012	1						35	188	1	0																			
61-274	57		22				27			19		2	1	012	1						43	208	1																				
BJÖRT	076		4,8	60	69	90	12	66	295	1	5													0																			
61-275	53		22				30			22		2	2	030	1						36	148	1																				
KOLA	038		3,7	57	56	61	12	67	268	1	5	2	2	016	1						34	140	1	0																			
61-276	58		22				27			19		2	1	012	1						44	192	1	0																			
FRÍÐ	109		4,4	53	56	63	12	64	260	1	5																																
61-277	56		22				25			15		1	2	011	1						40	182	1																				
BRÚSKA	070		6,2	55	58	65	12	64	260	1	5	2	2	012	1						36	168	1	0																			
62-279	60		22				2			23																																	
GUL	142		5,1	51	53	61	1	68	292	1	5	1	1	015	1						43	186	1	0																			
62-280	57		22				22			14		2	2	012	1						42	172	1																				
	075		4,8	61	64	72	3	67	247	1	5	2	2	012	1						38	170	1																				
62-281	59		11				6																																				
	110		5,6	63	65	67	1	65	214	3														0																			
62-283	59		11				26			18		1	1	011	1						41	192	1	0																			
BLETTA	141		8,7	50	53	62	12	66	295	1	5																																
62-284	59		11				3			26																																	
	141		5,4	54	57	66	1	65	214	1	5	1	1	013	1						45	214	1	0																			

VÉLABÁSINN

Toyota C-HR Hybrid

Flottur bíll frá Toyota

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Laugardaginn 17. nóvember bauð Toyota upp á „piparkökuakstur“, skemmtileg tilbreyting á bílaauglýsingum sem ég taldi mig þurfa að skoða.

Ekki var mikið af bílum þar sem ég hafði ekki prófað, en þó var þar bíll sem ég hafði lengi ætlað að prófa en aldrei komið í verk. Búið er að selja marga Toyota C-HR Hybrid og löngu tímabært að prófa bílinn.

Lipur og rennilegur bíll

Ég hafði bílinn eina helgi til prófunar og náði að keyra hann við ýmsar aðstæður nálægt 150 km. Fyrst var það innanbæjarakstur þar sem bíllinn er lipur og klárlega á heimavelli. Þægilegt að leggja í stæði og skemmtilegur í þröngri umferð nánast alveg hljóðlaus. Þó að hestöflin séu ekki nema 122 þá er bíllinn snöggur að ná umferðarhraða og alltaf nægilegt afl.

Fótapláss gott, sæti þægileg og allt innrými gott, bæði í framsætum og aftursætum.

Næst var það smá langkeyrsla, en að keyra Reykjanesbrautina í bílnum fannst mér ljúft og nánast hljóðlaust.

Á malarveginum sem ég prófaði bílinn fannst mér gott að keyra bílinn, en að mínu mati var allt of mikið malarvegahljóð þegar smásteinarnir spýttust upp undir bílinn frá grófum vetrardekkjunum. Það sem vó á móti malarvegahljóðinu var hversu gott grip var í dekkjunum og að bíllinn virtist hreinlega límdur við veginn á mölinni.

Mikið lagt upp úr öryggi í Toyota C-HR Hybrid

Í bílnum er mikið af öryggisbúnaði sem tryggir öruggari og þægilegri akstur. Í honum er m.a. árekstraröryggiskerfi sem skynjar gangandi vegfarendur og gefur viðvörðun í mælaborð ef hætta er á að keyra á gangandi vegfarendur. LDA-akreinaskeyrnari sem les hliðarlínur á vegi og lætur vita ef ekið er yfir línur án þess að gefa stefnuljós, sjálfvirkir háuljósakerfi (virkar þannig að þegar keyrt er með háu ljósin úti á vegi og bíll kemur á móti þá skiptir hann sjálfkrafa niður ljósunum). Umferðarskiltalesari (les t.d. hámarkshraða og lætur vita í mælaborðið hver hámarkshraðinn er á hverri stund), sjálfvirkur hraðastillir (cruisecontrol hægir sjálfkrafa á ef bíllinn fyrir framan



Toyota C-HR Hybrid.

Helstu mál og upplýsingar

	1.380 kg
Hæð	1.565 mm
	1.795 mm
Lengd	4.360 mm

Myndir / HLJ



Flott hönnun á afturenda bílsins, en muna að kveikja ljósin svo að afturljósin kvikni.

hægir á sér). Einnig fannst mér gott að hafa viðvörðunarljós í mælaborðinu sem varaði mig við að ég væri of nálægt bílnum fyrir framan.

Lítill eyðsla

Ef maður keyrir Toyota C-HR Hybrid mjúklega er hann ýmist að keyra á rafmagni eða bensini

(hoppa þar á milli véla), fyrir vikið er uppgæfin eyðsla ekki nema 3,4–4,0 lítrar á hverja ekna 100 km, en ég var töluvert frá þessari eyðslu, eða á bílinu 6–7 lítrar á hundraðið. Hins



Sendibíllinn í baksýnispeglinum blikkaði ljósunum á mig vegna þess að ég hafði gleymt að kveikja ljósin.

vegar finnst mér alltaf skrítið þegar maður setur bíl í gang og heyrir ekkert í vélinni í byrjun ökuferðar og hefur það komið fyrir mig að hafa hrokkið við þegar vélin fór í gang á ferð.

Ekki alveg gallalaus

Oft hef ég sett út á bíla þegar mér þykir eitthvað vanta, en þessi bíll er nánast fullkominn, en það er smá „en“.

Það þarf að passa upp á að kveikja ökuljósin þegar úti er hjart til að fá afturljósin á bílinn svo að maður fái ekki óþarfa 20.000 króna sekt. Ég er almennt passasamur upp á þetta á þeim bílum sem ég ek, en samt gleymdi ég þessu og sem betur fer eru nokkrir bílstjórar farnir að blikka bíla aftan frá ef þeir eru ljóslausir að aftan, þetta gerðist fyrir mig þegar sendiferðabíll sem var fyrir aftan blikkaði mig og þá uppgötvaði ég að ég hafði gleymt að kveikja ljósin.

Í Toyota C-HR Hybrid er varadekk sem ég kalla aumingi (allavega betra að vera með aumingjann en að vera varadekkslaus eins og í allt of mörgum bílum).

Farangursrýmið er ekki stórt og gæti verið fráhrindandi og einnig hvað heyrir mikið í smásteinum frá hjólbörðum þegar ekið er á mól.

Það er svo margt annað í bílnum sem vegur upp á móti þessum fáu neikvæðu hlutum við bílinn sem gerir hann eigulegan að það er spurning um hvort ekki sé þess virði að líta framhjá neikvæðinni og skoða frekar allt það jákvæða við bílinn, sem kostar frá 4.840.000 upp í 5.230.000 og er fánlegur í yfir 10 mismunandi litasamsetningum.



Farangursrýmið er óþægilega lítið, en gott aðgengi að því.



Á svolítið erfitt með að sætta mig við þessa hönnun, afturhurðarhúnninn er á vondum stað fyrir smáestu farþegana.

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Magnús Óskarsson og Elín Sigurðardóttir fluttu frá Húsavík ásamt börnum sínum, Óskari og Eydisi, árið 1978. Þau keyptu jörðina af Pétri Víglundssyni og Rögnu Guðmundsdóttur og bjuggu með sauðfé, hross, kálfa og heimiliskýr. Þau bygðu nýtt íbúðarhús 1985 og endurnýjuðu eldra húsið fyrir ferðaþjónustu 1990.

Í ársbyrjun 2014 keyptu Eydis og Máni jörðina og búa með sauðfé og ferðaþjónustu en Elín og Magnús fluttu til Sauðárkróks.

Býli: Sölvanes.

Staðsett í sveit: Á Fremribyggð í Lýtingsstaðahreppi hinum forna í Skagafirði.

Ábúendur: Eydis Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Ásamt Eydisi og Mána búa hér synirnir Magnús Gunnar, 19 ára, og Máni Baldur, 13 ára, og Ásta Agnarsdóttir, móðir Mána. Magnús Gunnar stundar nám á Akureyri en sést hér öðru hvoru. Svo er það smalahundurinn Blue, kettirnir Flekka og Fluffy, kanínurnar Ella, Bella og



Krulla og nokkrar ónefndar hænur.

Stærð jarðar? Um 440 ha, þar af um 40 ha ræktað land.

Gerð bús? Sauðfé og ferðaþjónusta.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 270 fjár og slatti af hrossum.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Á morgnana þarf að taka á móti ferðamönnum í morgunmat og sýna þeim svo kindur, bæði sumar og vetur. Suma daga fer svo Máni að sæða kýr en heima þarf að þvo af rúmum og sinna landbúnaðarstörfum eftir árstíðum.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Mána finnst skemmtilegast í heyskap en Eydisi í sauðburði. Það er fátt leiðinlegt ef veðrið er gott.



Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðu sniði, en vonandi vinnum við enn meira úr eigin afurðum.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Það þarf að halda enn betur á lofti mikilvægi landbúnaðar fyrir þjóðina.



Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Það er ekki gott að segja, það eru ýmsar blíkur á lofti.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Það er alltaf spurning hversu mikla áherslu við eigum að leggja á útflutning. Áherslan ætti líka að vera að aðlaga vöruframboðið hér betur að íslenska markaðnum. Tækifæri í útflutningi eru helst í mjólkurvörum og lambakjöti.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ostur, heimabakað brauð og heimagerð berjasulta, egg, smjör og bjór.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjöt og grilluð pitsa.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar Eydis ætlaði að reka féð heim „styttri leiðina“ meðfram ánni og lenti í svarta myrkri með fé og smalana. Þeir sem biðu heima með matinn voru ekki sérlega hrifnir.

MATARKRÓKURINN

Ceasar-salat, sætar kartöflur og súkkulaðisnjóboltar



Bjarni Gunnar Kristinnsson
Matreiðslumeistari

Gott er um þessar mundir að byrja að skera niður þungar máltíðir fyrir jólaátíð. Það er fljótlegt og auðvelt að henda í Caesar-salat sem sumir halda að sé nefnt eftir Julius Caesar. Það er hins vegar mesti misskilningur því Caesar Cardini, frægur veitingamaður, á heiðurinn af þessum rétti, sem fyrst var gerður í Tijuana í Mexíkó árið 1924 þegar þjóðhátíð Bandaríkjamanna 4. júlí stóð sem hæst. Allt hráefnið var upprúið í eldhúsinu og það þurfti að útbúa rétt fyrir fyrimennin úr því sem eftir var í eldhúsinu.

Upprunalega uppskrift Cardini var einungis romaine-salat, hvítlaukur, brauðteningar („croutons“, dagsgamalt steikt brauð), Parmesan-ostur, soðið egg, ólífuolía og Worcestershire-sósa. Hann var sagður vera á móti að setja ansjósúr í sósuna, sem er oft notað fyrir aukna bragðfyllingu í dressinguna, og hélt því fram að Worcestershire-sósa sé fullnægjandi til að fá aukið bragð.

Í seinni tíð hefur tíðkast að gera salatið með kjúklingi og jafnvel annað grænmeti sett með. Það væri því kannski ráð að gera smá hlaðborð af meðlæti og láta fólk búa til sitt eigið Caesar-salat úr því og nota jafnvel óskorin romaine-lauf sem taco-skál, til að gera salatvefju úr.

Caesar-salat taco

Þetta er upprunalega útgáfan af salatinu sem er orðið vinsælasta salat í heimi.

- › 1 egg
- › 1 rif hvítlaukur
- › smá skvetta Worcestershire-sósa
- › ferskur sítrónu- eða limesafi, eftir smekk
- › góður slatti Parmesan-ostur
- › 2 sneiðar brauðteningar
- › salt og ferskur pipar
- › 50 ml ólífuolía
- › 1 tsk. Dijon sinnep
- › 1 tsk. balsamic



Caesar-salat taco.

Aðferð

Hrærið saman dressingunni með forsoðna egginu og setjið á disk með Parmesan-ost á milli laga, framreiðið með brauðteningum.

Sætar kartöflur og sykurpúðar – þakkargjörðarmatur

Það eru ýmsir skrátnir réttir borðaðir yfir þakkargjörðarhátíðina í Bandaríkjunum. Eitt af því sem er með því algengara er sætar kartöflur og bakaðir sykurpúðar. Hægt er að gera góðan rétt með kjúklingi og sykurpúðum, nota bakaðar sætar kartöflur eða ofnbakaðar gulrætur eins og hér er gert í anda þakkargjörðarmáltíðarinnar með kjúkling í stað kalkúns.

- › 2–4 kjúklinga bringur
- › 1 stk. kardimommubaun eða ögn malað krydd
- › 1 rif hvítlaukur
- › 1 stk. lárvíðarlauf
- › 1 stk. stjórnuanis
- › 4 svört piparkorn
- › 1 tsk. sojasósa

Fyrir heimagerða ostsýkurpúða

- › 100 ml mjólk
- › 1 mozarella-kúla eða mjúkur geitostur
- › 1 msk fljótandi glúkósi eða agavesiróp

- › salt
- › 6 blöð gelatín
- › 2 egg hvítur
- › 50 g flórsykur

(Líka hægt að nota keypta sykurpúða eins og gert er í Bandaríkjunum).

Fyrir salatið

- › 20 g blönduð salatblöð
- › fersk krydd að eigin vali
- › salt og pipar
- › 15 ml ólífuolía
- › 5 ml sítrónusafi

Aðferð

Hrærið saman mjólkina, geitaostinn/mozarellakúlurnar, glúkósa og saltið. Setjið í pott til að hita upp og leysið ostinn upp. Mýkið matarlímið (gelatínið) í köldu vatni. Þegar það er mjúkt, hristið þá af megnið af vatninu, hrærið og leysið upp í heitri mjólkurblöndunni. Eitt blað í einu. Vinnið saman með handtöfraspota eða í blandara og látið kólna niður í um 50 gráður. Þeytið eggjahvítur, setjið í flórsykur og þegar eggjahvíturnar eru orðnar loftkenndar er þeim hellt mjög hægt saman við geitamjólkur/ostablönduna og setjið á matarfilmu þegar matarlímið hefur tekið sig í hrærivélinni.



Sætar kartöflur og sykurpúðar.

Gott er að skera þetta hálfrosið og nota eins og ost til að fá gljáa á grænmeti eða fiskrétti.

Veltið gulrótum upp úr smá matarolíu og bakið í ofni við 180 gráður í 20 mínútur. Bætið kjúkling við ásamt kryddi. Í lok eldunartímans er kryddað með smá sojasósu eða salti, bætið sykurpúðum og framreiðið með salati sem búið er að velta í sítrónusafa og ólífuolíu.



Vegan súkkulaðisnjóboltar

- › 90 g gott kakóduft
- › 400 g sykur
- › 110 ml kókosfita
- › 190 ml fínt hnetusmjör og tahini sesam paste (eftir smekk)
- › 1 tsk. vanillupykkni
- › 250 g hveiti

- › 2,5 tsk. lyftiduft
- › 0,5 tsk. salt
- › 2 msk. piparmintubróstsýkur (mulið sælgæti)

Sykurhúð

- › 100 g fínt duftaður brjóstsýkur
- › 60 g flórsykur

Aðferð

Blandið saman í skál hveiti, salti og lyftidufti. Setjið til hliðar.

Í miðlungsstórrí skál eða í hrærivél hrærið saman kakódufti, sykri, hnetusmjöri, sesampaste (tahini), kókosolíu og pykkni þar til þessu hefur verið vel blandað saman. Hrærið muldum piparmintubróstsýkri (eða jólastöfum). Bætið hveitiblöndunni saman við þar til það hefur alveg blandast saman.

Setjið deigið í plastfilmu og látið hvíla í 4 klukkustundir.

Hitið ofninn í 180 gráður. Setjið á tvær bökunarplötur með smjörpappír. Gerið kúlur og veltið upp úr sykri.

Veltið upp muldum brjóstsýkri (eða venjulegum sykri) og síðan í flórsykri, til að mynda snjólagið.

Bakið í 12–13 mínútur (smákóknar skulu vera svolítið of lítið bakaðar). Takið úr ofni og látið kólna í 2–3 mínútur áður en gott er að setja á grind til að láta þær kólna alveg.

HANNYRÐAHORNIÐ

Algjör draumur



Nýttu þér 30% afsláttinn og
 þrjónaðu þetta dúnmjúka teppi
 fyrir veturinn. Teppið er þrjónað
 úr tveimur þráðum af Drops Air
 sem fæst í 20 litbrigðum og 3 nýir
 litir væntanlegir.

Stærð: um 100x120 cm

Garn: Drops Air fæst í Handverkskúnst


- perlugrár nr 03: 600 gr

Þrjónar: Hringþrjónn (80 cm) nr 10 – eða þá stærð sem þarf til að 9 lykkjur og 12 umferðir í



Mynstur

- ☐ = slétt frá rétti, brugðin frá röngu
☒ = brugðin frá réttu, slétt frá röngu
☒ = stingin hægrí þrjón í gegnum lykkju frá fyrri umferð, þrjónið 1 lykkju slétt og sleppið lykkjunni niður af þrjóni
 = setjið 4 lykkjur á kaðlaprjón framan við stykkið, þrjónið 4 lykkjur slétt, þrjónið 4 lykkjur slétt af kaðlaprjóni
 = setjið 4 lykkjur á kaðlaprjón aftan við stykkið, þrjónið 4 lykkjur slétt, þrjónið 4 lykkjur slétt af kaðlaprjóni
☒ = á milli 2 lykkja er slegið einu sinni uppá þrjóninn, í næstu umferð er upplátturinn þrjónaður snúinn svo að ekki myndist gat



sléttu prjóni verði 10x10 cm. Kaðlaprjónn.

Teppi: Stykkið er prjónað fram og til baka á hringprjón með 2 þráðum af Drops Air.

Fítíð upp 108 lykkjur á hringprjón nr 10 með 2 þráðum Air. Þrjónið 4 umferðir garðapnjón (2 garðar), þrjónið síðan frá réttu þannig: 3 lykkjur garðapnjón, A.4 yfir næstu 32 lykkjur, A.2 (= 38 lykkjur), A.4 yfir næstu 32 lykkjur, 3 lykkjur garðapnjón. Þegar A.2 hefur verið þrjónað 1 sinni á hæðina eru 120 lykkjur í umferð. Haldið áfram með A.3 (= 50 lykkjur) yfir lykkjur í stað A.2, aðrar lykkjur eru þrjónaðar eins og áður.

Prjónið þar til stykkið mælist 120 cm er fækkað um 4 lykkjur jafnt yfir hvern kaðal í $A.3 = 108$ lykkjur á prjóninum. Prjónið 4 umferðir garðapryjón og fellið af.

Gangið frá endum og þvoið stykkið.

Með prjónakveðju,
mæðgurnar í Handverkskúnst,
www.garn.is.

9	6		5					
3			4	2		8	9	
		4	8			5		6
6	7		1			9		
	5		6		8		3	
		2			3		7	1
8		1			4	7		
	4	7		9	5			8
					1		2	3

7				5		6		
	4				3		5	8
					2			9
4		7	8					
	5						7	
					6	9		1
6			1					
1	7		3				6	
		8		4			2	

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

	4		6		7		9	
				1				
		3	2		4	7		
	2	8	1		3	9	6	
4				5				1
	6	9	8		2	3	7	
		2	5		8	6		
				2				
	8		7		1		5	

	7	6		4		5		3
		5						
					3			1
			1					5
		4		7		2		
3					8			
8			9					
						7		
5		3		2		4	6	

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Skemmtilegast að hreyfa sig

Hanna Dóra er yngst fimm systkina. Hún býr á Stóra-Ármóti í Flóahrepp þar sem foreldrar hennar eru bústjórar.

Hún stundar mikið tónlist og íþróttir og hjálpar stundum við heima í búskapnum. Henni finnst samt skemmtilegast að hreyfa sig og vera með vinum sínum.

Nafn: Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Aldur: 12 ára.

Stjórnumerki: Vog.

Búseta: Stóra-Ármót í Flóahreppi.

Skóli: Flóaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir og náttúrufræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?
Hundur.

Uppáhaldsmatur: Hamborgarhryggur.

Uppáhaldshljómsveit: Abba og Queen.

Uppáhaldskvikmynd: Mamma mia.

Fyrsta minning þín? Þegar ég var 4 ára á ættarmóti í fjölskyldunni hans þabba.



Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfði fimleika í 6 ár en núna æfi ég frjálssar íþróttir. Svo læri ég á þverflautu, piccaloflautu og saxófón og er í lúðrasveit.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Einhvers konar læknir.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég fór í fyrsta sinn í tvöfalt heljarstökk.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Ég fór hringinn í kringum landið og um Vestfirðina með pabba, mömmu og systur minni. Svo fórum við í veiðiferð í Veiðivötn með ömmu, afa og systkinum mömmu.

Næst » Hanna Dóra skorar á Sigurð Gísla Sverrisson á Kirkjubæjarklaustri að svara næst.

MENNING & BÆKUR

Ný bók til heiðurs vestfirskum vegavinnuönnum:

Brautryðjendur fyrir vestan

Ein af þeim sjö bókum sem Vestfirski forlagið gefur út í flóðinu að þessu sinni nefnist Brautryðjendur fyrir vestan.

Hún er út gefin til heiðurs vestfirskum vegavinnuönnum: Verkstjórunum, ráðskonunum, vinnukonunum, tippurunum, heflsstjórunum, gröfumönnum, bílstjórunum, jarðtustjórunum, snidduhleðslumönnum og öllum öðrum sem lögðu hönd á plóg. Þar á meðal hinum mörgu strákum sem byrjuðu sinn feril í vegavinnunni. Vegfarendur koma einnig nokkuð við sögu við ýmsar aðstæður.

Engu er líkara en fjöldi vestfirska vega hafi verið greyptir í landið þegar landnámsmenn komu. Svo inngrónrir eru þeir landslaginu í dag. Vestfirskir vegir voru almennt snilldarlega lagðir og bera höfundum sínum

gott vitni. Og hafa komið Vestfirðingum að ótrúlega góðum notum. Hvernig hefðu Vestfirðir verið án vega? Öbyggilegir. Þarf ekki annað en líta til Hornstranda í þeim efnunum.



Ný bók frá Vestfirski forlaginu:

Fiskur að handan

Út er komin hjá Vestfirski forlaginu bókin Fiskur að handan eftir Sigvalda Gunnlaugs-son. Hann var fæddur og uppalinn í Hofsárkoti í

Svarfaðardal.

Var bóndi á þeim bæ í rösk þrjátíu ár og vann þar enn kominn á áttræðisaldur. Í skóla á Laugum, hjá Arnóri skólaskóla, kviknaði áhugi til skrifta, um fólk í landinu og örlög þess. Brauðstrit búskaparara olli því að fátt varð um skriftir um

langan aldur. En þegar ellin færðist yfir og hans var ekki lengur þörf í fjósi, hóf Sigvaldi að rita minningar frá atburðum æsku sinnar og frásögnir af viðburðum á langri ævi.

Bókin, sem er kilja, er samstarfsverkefni Vestfirski forlagsins og systkinanna frá Hofsárkoti. Hún er prentuð í Ásprenti á Akureyri. Ásmundur Jónsson, fyrrum menntaskólakennari og Óskar Þór Halldórsson leiðsögumaður lásu yfir handrit og Óskar sá um prófarkalestur.



Saga um tilfinningar fyrir börn

Út er komin hjá Veröld bókin Drekin innra með mér eftir Lailu M. Arnþórsdóttur og Svöfu B. Einarssdóttur.

